allt



Skarphéðinn Þráinsson:

*Á Pontiac Firebird 1970*

• bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Kristján Jóhannsson:

*Hrapandi plötusala Kristjáns*

• tvö þúsund plötur seldar fyrir jól

SÍÐA 46 ▶



Sigurbjörn Bernharðsson:

*Hefur náð langt á fiðlunni*

• í músíkölsku sambandi

SÍÐA 34 ▶



Þórarinn Kristjánsson:

*Skrifaði undir hjá Aberdeen*

• spilar fyrsta leikinn gegn celtic

SÍÐA 37 ▶

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

8. janúar 2005 – 6. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## LAUGARDAGUR



**MILLJÓNA STUÐNINGUR RÍKISINS** Ákveðið var að hækka framlag Íslands vegna náttúruhamfaranna í Asíu í 150 milljónir króna. Stuðningurinn er bundinn ákveðnum verkefnum. **Sjá síðu 2**

**ÖRT LÆKKANDI DÁNARTÍÐNI** Tíðni kransæðasjúkdóma hefur verið á niðurleið á síðustu árum og einkum áratugum, að sögn Vilmundar Guðnasonar yfirlæknis hjá Hjartavernd. **Sjá síðu 2**

**ALLIR KOMNIR HEIM** Hættuástandi var aflétt í Bolungarvík í hádeginu í gær. Margrét Gunnarsdóttir, íbúi við Dísarland, var alsæl með að komast heim. Hún er ósátt við að hafa ekki fengið ásættanlegt verðtilboð í húsið frá bænum. **Sjá síðu 4**

**KVENFANGAR Í VERRI STÖÐU** Konur í fangelsum á Íslandi eru verr staddar en karlar samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Margrét Sæmundsdóttir hjá Fangelsismálastofnun segir að kynjamisrétti sé á vistunarmöguleikum sem verði að bæta úr. **Sjá síðu 8**

### VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA EÐA ÉL FYRIR NORÐAN EN BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA.** Frost 0-8 stig, kaldast til landsins. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**FYRIR NÁTTHRAFNA** Þeir sem hafa gaman af því að dansa geta hrist sig fram á morgun á skemmtistaðnum Sólon í Bankastræti. Dj Svali og dj Þröstur verða við græjurnar laugardagskvöldið sem endranær og spila bestu danstónlistina frá 23.30 til morguns.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 42 | Myndlist | 40 |
| Tónlist | 40 | Íþróttir | 36 |
| Leikhús | 40 | Sjónvarp | 44 |


Meðallestur dagblaða




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups nóvember 2004

# Samráðssektir verða innheimtar strax

## Forsvarsmenn olíufélaganna og Samkeppnisstofnunar mæta fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á mánudaginn. Ef nefndin staðfestir ákvörðun samkeppnisráðs verða sektir upp á 2,6 milljarða innheimtar strax.

**SAMKEPPNISMÁL** Munnlegur málflutningur hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna olíumálsins fer fram á Hótel Sögu á mánudagsmorgun klukkan 9. Bæði forsvarsmenn olíufélaganna og Samkeppnisstofnunar munu koma fyrir nefndina að sögn Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors og formanns áfrýjunarnefndarinnar. Þinghaldið verður lokað.

Þann 28. október ákvarðaði samkeppnisráð að olíufélögunum Essó, Skeljungi og Olís bæri að greiða samanlagt 2,6 milljarða króna í sektir vegna langvarandi og skipulags samráðs um verðlagningu, gerð tilboða og skiptingu markaða. Olíufélögin kærðu öll ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 26. nóvember.

Samkvæmt lögum hefur áfrýjunarnefndin sex vikur til að úrskurða í málinu en nú er ljóst að það mun dragast. Stefán Már segir að málið sé það umfangsmikið að nefndin þurfi lengri tíma til að fjalla um það. Hann segist samt vænta þess að úrskurðað verði í málinu í þessum mánuði. Úrskurðarnefndin getur fellt úr gildi eða staðfest ákvörðun samkeppnisráðs. Hún getur einnig breytt ákvörðun samkeppnisráðs eða vísað kærunni frá.

Ef olíufélögin una ekki úrskurði áfrýjunarnefndarinnar geta þau höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Olíufélögin hafa þá sex mánaða frest til þess. Samkvæmt samkeppnislögum mun slík málshöfðun ekki fresta gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild Samkeppnisstofnunar til að byrja að innheimta sektirnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er víst að ef áfrýjunarnefndin staðfestir ákvörðun samkeppnisráðs mun Samkeppnisstofnun strax byrja að innheimta sektirnar. Það yrði gert þar sem líklegt er að málið gæti tekið mjög langan tíma fyrir dómstólum, til dæmis ef því yrði síðan áfrýjað alla leið til Hæstaréttar.

trausti@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKAUTAÐ Á TJÖRNINNI** Kuldinn sem verið hefur á landinu hefur sína kosti. Tjörnin í miðbæ Reykjavíkur er frosin. Salbjörg Óskarsdóttir nýtir sér það og fór með dætrum sínum Arnheiði og Kristrúnu á skauta. Í fjögurra stiga frosti þeystust þær mæðgur um ísinn í miðborginni.

Lögregla sá kynferðisafbrotamann fara með pilti:

# Ekki verður aðhafst frekar

**RANNSÓKN** Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir að ekki verði frekar aðhafst vegna aðgerðaleysis lögreglumanns þegar kynferðisbrot var framið á sautján ára pilti. Bogi segir embættið alltaf líta á rannsóknir og komi með ábendingar ef eitthvað má betur fara. Hann segir skýringa hafa verið leitað vegna þessa máls og lögreglustjórinn í Reykjavík hafi farið yfir málið með lögreglumanninum sem átti í hlut og þeim þætti málsins sé þar með lokið.

Maðurinn sem framdi kynferðisbrotið var dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að hafa fengið piltinn, sem er þroskaheftur, til að hafa við sig endaþarmsmök og munnmök á gistiheimili í Reykjavík. Upp komst um málið vegna rannsóknar lögreglu á manninum sem hafði verið í óeðlilegu sms-sambandi við annan dreng. Lögreglan kom á skilaboðasambandi við manninn og þóttist vera einhver piltur sem vildi hitta manninn og veitti honum eftirför. Lögreglumaðurinn beindi manninum á Hlemm þar sem hann varð vitni að því þegar maðurinn hitti þroskahefta piltinn, fylgdi þeim eftir og beið fyrir utan gistiheimilið á meðan brotið var gegn piltinum.

- hrs



**BJÖRGUNARSTARF**
Talið er að fimmtíu manns hafi slasast.

Bologna á Ítalíu:

# Átján létust í lestarslysi

**ÍTALÍA, AP** Átján manns létust í lestarslysi skammt frá borginni Bologna á Ítalíu í gær. Mikil þoka var á svæðinu þegar farþegalest lenti í árekstri við flutningalest með fyrrgreindum afleiðingum. Talið er að skyggni hafi verið minna en fimmtíu metrar.

Um tvö hundruð björgunarmenn komu á svæðið fljótlega eftir að slysið varð og var aðkoman mjög slæm. Auk hinna átján sem létust eru slösuðust um fimmtíu manns þar af fimm mjög alvarlega. ■

Met í lóðaverði:

# Sjö milljónir á íbúðina

**LÓÐAVERÐ** Rúmlega 200 milljónir króna voru boðnar í byggingarrétt á þrjátíu íbúðum í tveimur blokkum í Bjarkarási í Garðabæ í gær. Það þýðir tæplega 6,7 milljónir á íbúð.

Hæsta tilboð átti Fasteignafélagið Hlíð, sem er í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans. Bankinn átti einnig næsthæsta tilboðið upp á rúmar 175 milljónir króna. 49 tilboð bárust í lóðirnar. Það lægsta tæpar 72 milljónir.

Um miðjan desember vakti hátt verð í lóðir á Norðurbakka í Hafnarfirði athygli. Eykt bauð þá 261 milljón í 79 íbúðir, sem er um 3,3 milljónir á íbúð, um helmingi lægra en í lóðirnar nú.

Um mitt ár í fyrra hljóðaði tilboð í blokkaríbúðir í Norðlingaholti í Reykjavík upp á hátt á þriðju milljón króna á íbúð.

- gag




Elvis Presley:

*Afmæli rokkkóngsins*

SÍÐUR 32 OG 33 ▶



Skopteiknarinn Sigmúnd:

*Á útkikki eftir því skoplega í 40 ár*

SÍÐUR 30 OG 31 ▶


24

DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA

RAV4
Tilboðsverð
2.590.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, sé miðað við starfshætti á Kárahnjúkum, getið þið þá ekki bara verið löggur og læknar líka?*

**Auðveldlega**

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, gagnrýnir Impregilo fyrir að virða ekki starfsréttindi, ökupróf og vinnuvélaréttindi. Sýslumaður á Seyðisfirði virðist eiga að líta framhjá því. Kínverskir starfsmenn þurfi ekki í læknisskoðun áður en þeir hefji störf. Verkalýðsfélög hafi ekki heimild til að sjá til þess að reglum sé fylgt.

Þróun tíðni kransæðastíflu á 20 ára tímabili:

# Ört lækkandi dánartíðni

**HEILBRIGÐISMÁL** Tíðni kransæðasjúkdóma hefur verið á niðurleið á síðustu árum og einkum áratugum, að sögn Vilmundar Guðnasonar yfirlæknis hjá Hjartavernd.

Dánartíðni af völdum kransæðastíflu hefur lækkað um meira en helming meðal karla og um meira en þriðjung meðal kvenna, að því er fram kemur í tímaritinu Hjartavernd. Um er að ræða tímabilið frá 1981 – 2001 og fólk í aldurshópnum 25 – 74 ára.

Enn fremur kemur fram, að nýgengi sjúkdómsins, það er hlutfallslegur fjöldi þeirra sem hefur veikst á hverju ári hefur lækkað álíka mikið. Mest hefur þessi lækkun orðið í yngri aldursflokkunum. Þannig hefur dánartíðni og nýgengi kransæðastíflu meðal karla yngri en 40 ára lækkað um meira en 70 prósent á þessu tímabili.



**ÚTIVIST**
Hreyfing og útivist eru mikilvæg vopn í baráttunni gegn hjarta- og kransæðasjúkdómum

Ástæða þessarar þróunar er sögð sú, að allir helstu áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma hafi færst mjög til betri vegar meðal þjóðarinnar.

Vilmundur sagði, að þróunin í lækkun á tíðni þessara sjúkdóma hefði að líkindum verið hægari á síðustu tveimur árum heldur en áður. Það stafaði trúlega af því að menn væru búnir að ná þeim árangri sem hægt væri með þeim aðferðum sem beitt væri í dag. **- jss**

Fuglaveiki:

# Ferðamenn veri á verði

**HEILBRIGÐI** Fólk sem ferðast til Asíu er beðið um að vera á varðbergi gagnvart fuglaflensu.

„Aðvörun okkar hefur verið að menn eigi að forðast að vera í námunda við fiðurfé og þvo sér vel um hendurnar," segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur er fólki til dæmis bent á að vera ekki á mörkuðum þar sem fuglum er slátrað og þeir seldir. Í lagi sé að borða fuglakjöt sé það vel soðið. Ekki sé ástæða til að hætta við ferðir vegna fuglaveiki.

**- gag**

Skattamál:

# 100 milljóna álagning

**SKATTAR** Börn Pálma heitins í Hagkaup og ekkja hans hafa fengið endurálagningu skatta upp á um 15-20 milljónir á mann vegna samruna Hagkaupa og Bónuss á sínum tíma. Þetta gera samtals tæpar 100 milljónir króna.

Endurálagningin er til komin vegna ágreinings ríkisskattstjóra og endurskoðenda Hofsfjölskyldunnar um aðferðir við endurskoðun. Lilja Pálmadóttir býst við að álagningunni verði áfrýjað fyrir hennar hönd.

„Okkar endurskoðendur unnu þetta á sínum tíma í góðri trú. Svona endurálagning er rútína hjá ríkisskattstjóra. Það eina sem er fréttnæmt er að upphæðirnar eru kannski hærri en gengur og gerist. Yfirskattanefnd leysir ágreining af þessu tagi." **- ghs**

## AFRÍKA

**MISNOTUÐU KONUR OG STÚLKUR** Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna misnotuðu konur og stúlkur kynferðislega í Kongó samkvæmt nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem gerð var opinber í gær. Friðargæsluliðarnir þvinguðu konur og stúlkur til kynmaka í skiptum fyrir mat eða peninga.

## LÖGRELGUFRÉTTIR

**ELDUR Í RUSLATUNNUM SKÓLA** Tvisvar á tveimur dögum hefur verið kveikt í rusli í sorpgámum við skóla í Keflavík. Í gær var slökkvilið kallað að leikskólanum Garðaseli. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Á fimmtudagskvöld logaði í sorpgámi við Holtaskóla í Keflavík. Lögreglan í Keflavík telur að fjórir til sex piltar hafi verið þar að verki. Þeir hafi sést á hlaupum á þeim tíma sem eldsins varð vart.

# Samþykkir 150 milljóna stuðning

**Ákveðið var að hækka framlag Íslands vegna náttúruhamfaranna í Asíu í 150 milljónir króna. Stuðningurinn er bundinn ákveðnum verkefnum.**

**HAMFARIR** Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum í gær að hækka framlag Íslands til bágstaddra þjóða við Indlandshaf í 150 milljónir. Inni í þeirri tölu eru nokkur framlög sem þegar höfðu verið ákveðin. Framlaginu er ætlað til neyðaraðstoðar og enduruppbyggingar.

„Þetta er myndarleg viðbót við það sem almenningur hefur látið af hendi rakna", segir Þórir Guðmundsson, upplýsingafulltrúi Rauða Kross Íslands. „Þetta fé mun nýtast í hjálparstarfi ekki aðeins á næstu vikum og mánuðum heldur árum enda mikið verkefni framundan í uppbyggingu á stóru svæði."

> **„Þetta fé mun nýtast í hjálparstarfi ekki aðeins á næstu vikum og mánuðum heldur árum**

Þegar hafði verið veitt 5 milljónum króna til Rauða Krossins en samkvæmt samþykktinni er 6 milljónum bætt við. Þá er inni í tölunni hjálparflug til Taílands í byrjun árs þar sem slasaðir Svíar voru fluttir til síns heima sem kostaði 35 milljónir króna. 25 milljóna króna þróunaraðstoð við Sri Lanka sem þegar hafði verið ákveðið að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hæfi á árinu.

Bætt er við 50 milljóna króna aukaframlagi í þróunaraðstoð og enduruppbyggingarstarf á Sri Lanka.



**UNGUR DRENGUR BAÐAÐUR Á SRI LANKA**
Ríkisstjórn Íslands stórjók framlög ríkisins til bágstaddra á fundi sínum í gær.

Þá var samþykkt 10 milljóna króna framlag til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, 10 milljónir króna til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, 4 milljónir króna til Barnaheilla á Íslandi og 5 milljónir króna til Hjálparstarfs kirkjunnar.

Á sama ríkisstjórnarfundi var samþykkt að hækka framlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) um 30% þannig að framlag Íslands á árunum 2006 – 2008 verði samtals 616 milljónir króna. IDA veitir styrki og vaxtalaus lán til fátækustu ríkja heims og gegnir stóru hlutverki í styrkveitingu og veitingu lána til ríkja á því svæði þar sem náttúruhamfarirnar áttu sér stað.

**a.snaevarr@frettabladid.is**

Grunur um skipulagða glæpastarfsemi:

# Eþíópíumenn áfram í haldi

**GÆSLUVARÐHALD** Gæsluvarðhaldi yfir þremur Eþíópíumönnum var framlengt um viku í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Einn þeirra er sænskur ríkisborgari en hinir voru með sænsk vegabréf, sem voru í eigu annarra, þegar þeir komu til landsins rétt fyrir áramót.

Sænski ríkisborgarinn er grunaður um að standa að skipulagðri glæpastarfsemi með því að aðstoða útlendinga við að komast á milli landa.

Fólkið var á leið til Baltimore í Bandaríkjunum þegar það var handtekið í Leifsstöð. Vegabréf tveggja þeirra reyndust ekki vera í eigu þeirra. Flugfar fólksins var bókað af sama manninum og greitt var fyrir þau með sama greiðslukortinu. Sá sem er grunaður um glæpinn hefur áður farið til Baltimore í gegnum Ísland með öðrum manni. Sá mætti hins vegar ekki í flug sem hann átti bókað til baka og virðist því hafa orðið eftir einhvers staðar í Bandaríkjunum.

Upplýsingar frá landamæralögreglu í Svíþjóð staðfesta að maðurinn hefur á síðastliðnum fimm mánuðum fengið útgefin að minnsta kosti þrjú vegabréf og í júlí var manni er bar vegabréf hans vísað frá Þýskalandi af þarlendum yfirvöldum.

**- hrs**



**HUGH ORDE**
Yfirlýsing yfirmanns lögreglunnar hefur vakið hörð viðbrögð.

Norður-Írland:

# IRA sakað um bankarán

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Hugh Orde, yfirmaður lögreglunnar í Norður-Írlandi, sakar Írska lýðveldisherinn (IRA) um að hafa staðið á bak við bankaránið í Belfast 20. desember þegar um þremur milljörðum króna var stolið.

Írski lýðveldisherinn þvertekur fyrir þetta og forsvarsmenn Sinn Fein, hins pólitíska arms Írska lýðveldishersins, taka í sama streng. Ummæli Orde hafa vakið hörð viðbrögð og hafa sumir tekið svo djúpt í árinni að segja að þau skaði tilraunir stjórnvalda í Bretlandi og Írlandi til að koma á friði. Orde neitar að láta draga sig inn í pólitíkina í kringum málið. Hann segist hafa sterkan grun um að IRA standi að baki ráninu.

Lögreglan hefur enn ekki handtekið neinn vegna ránsins þrátt fyrir ítarlega leit í Belfast. ■

Verkjalyf:

# Allt að 60% verðmunur

**NEYTENDUR** Verðmunur algengra verkjalyfja í apótekum er allt að sextíu prósent. Neytendasamtökin athuguðu verð á þrettán verkjalyfjum í níu apótekum á Akureyri og Reykjavík á miðvikudaginn.

Verðmunur var minnstur tæplega þrjátíu prósent en mestur um sextíu prósent. Rimaapótek í Reykjavík bauð oftast lægst verð eða sex sinnum. Laugarnesapótek í Reykjavík var tíu sinnum með hæsta verð.

Væru allar þrettán vörutegundirnar keyptar væri verðmunurinn tæplega 34 prósent milli dýrasta og ódýrasta apóteksins.

**- gag**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTRAR Á AKUREYRI** Fjórir árekstrar urðu á Akureyri fyrripart gærdags. Lögreglan á Akureyri segir tjónið mismikið en engan hafa slasast. Sumir bílanna hafi verið vanbúnir í vetrarfærðinni. Hún hvetur bifreiðaeigendur að setja bílana á nagladekk.

**OF HRAÐUR AKSTUR Í HÁLKU** Ökumaður var tekinn við akstur á áttatíu kílómetra hraða í fljúgandi hálku á Dalvík. Leyfilegur hámarkshraði þar er fimmtíu. Lögreglan hafði nýlega hafið vegaeftirlit þegar maðurinn náðist.






# Útsalan
## í fullum gangi

**15-80% AFSLÁTTUR**




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / www.smaralind.is

ENNEMM / SIA / NM14595

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 07.01.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,89 | 63,19 |
| Sterlingspund | 118,41 | 118,99 |
| Evra | 83,23 | 83,69 |
| Dönsk króna | 11,184 | 11,25 |
| Norsk króna | 10,1 | 10,16 |
| Sænsk króna | 9,205 | 9,259 |
| Japanskt jen | 0,6022 | 0,6058 |
| SDR | 96 | 96,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**113,8162**

**Heimild: Seðlabanki Íslands**

Ferðaþjónusta fyrir fatlaða:

# Harkalegt að fá höfnun

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðni Ágústsson, ríflega sjötugur maður, sem er í endurhæfingu á endurhæfingadeild Landspítala háskólasjúkrahúss á Grensási var einn þeirra sem var neitað um ferðaþjónustu fyrir fatlaða, þegar sótt var um fyrir hann.

„Ég skil nú ekki alveg hvað þetta fólk er að hugsa sem setti þessar reglur,“ sagði hann um þá ákvörðun. „En það er harkalegt fyrir aldrað fólk sem þarf nauðsynlega á þessari þjónustu að halda til að komast í endurhæfinguna, að fá höfnun.“

Breyting á reglum um ferðaþjónustu fatlaðra á vegum Reykjavíkurborgar sem gerð var um áramótin kveður á um að einstaklingar sem verða hreyfihamlaðir eftir 67 ára aldur geti ekki fengið slíka þjónustu.

Guðni sagðist alls ekki hafa verið fær um að aka þegar sótt var um fyrir hann. Ekki væri nema rúmur mánuður frá því að hann hafi verið ósjálfbjarga í hjólastól og ekki getað snúið sér hjálparlaust við í rúminu. Hann hefði hlotið bata í endurhæfingunni en þyrfti nauðsynlega að mæta á göngudeild til að ná sér betur. Hann kvaðst vera heppnari er margir aðrir, því dóttir sín sæi um að aka sér á Grensás eftir að reglurnar tóku gildi. Hann þyrfti þó að bíða þar í um tvær klukkustundir þar til hún gæti sótt hann aftur. **- jss**



**HAFNAÐ**
Guðni Ágústsson var einn þeirra sem sótt var um ferðaþjónustu fyrir, enda hefur hann ekki getað ekið bíl. Honum var hafnað. Með honum á myndinni er Ellen Þórarinsdóttir hjúkrunarfræðingur á Grensási.

Hjálparstarf SÞ í Asíu:

# Norðmaður stýrir

**OSLÓ, AP** Norðmaðurinn Jan Egil Mosand mun stjórna björgunaraðgerðum í Indónesíu og Taílandi fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna. Mosand 64 ára gamall er reyndur hjálparstarfsmaður og var, þar til fyrir skömmu, við störf í Zambíu fyrir Hjálparstofnun norsku kirkjunnar.

Mosand er núna í Banda Achech í Indónesíu sem varð einna verst úti í jarðskjálftanum og flóðbylgjunni á annan í jólum. Talið er að um hundrað þúsund Indónesar látið lífið hamförunum en alls hafa rúmlega 140 þúsund dáið. Mosand fer til Taílands innan nokkurra daga. ■



**KRISTNITAKAN Í TÖLVU**
15 íslensk fyrirtæki sendu verk inn í norrænu Möbius keppnina. 27 verk bárust frá Finnlandi og 13 frá löndum Skandinavíu.

Gagarín:

# Tilnefnt til verðlauna

**MARGMIÐLUN** Verkið „Hvernig verður þjóð til?“ sem Gagarín vann fyrir Þjóðminjasafn Íslands er tilnefnt til norrænu Möbius margmiðlunarverðlauna.

Pia Reunala, framleiðandi Prix Möbius Nordica, segir verkið eitt af tíu sem valin hafi verið úr hópi þeirra 55 sem bárust í keppnina, þar af hafi fimmtán verið frá Íslandi.

Margmiðlunarverk Gagarín er tilnefnt í flokknum menningararfleifð og listir og kynna þeir útvöldu verk sín í Helsinki 29. janúar. Vinningshafinn verður þá valinn. **- gag**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**LÍKAMSÁRÁS Í EYJUM** Eitt högg sem skyldi eftir skurð á hægri augabrún urðu endalok ósættis tveggja manna á leið á skemmtistað í Vestmannaeyjum í fyrrinótt. Mennirnir þekkjast vel. Lögreglan talaði við mennina og kærði sá sem fékk höggið. Málið er í rannsókn.

**EKIÐ Á UMFERÐARLJÓS** Jeppi ók niður umferðarljós á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar um eitt leytið í gær. Umferðarljósavitinn bognaði yfir götuna og teppti umferð. Lögreglan kallaði til viðgerðarmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR SMÁRI




**TRAÐARLAND OG DÍSARLAND**
Ekki liggur fyrir hvenær hafist verður handa við viðgerð snjóflóðavarnargarðs fyrir ofan Bolungarvík.

# Allir komnir heim

**Allir sem þurftu að rýma hús sín í Bolungarvík hafa fengið að snúa heim. Hættuástandi var aflétt á hádegi í gær. Íbúi við Dísarland var alsæll með að komast heim en er ósáttur við að hafa ekki fengið ásættanlegt verðtilboð í húsið.**

**SNJÓFLÓÐAHÆTTA** 26 íbúar við Traðarland, Dísarland, Geirsstaði og Tröð fengu að fara heim til sín eftir að hættuástandi var aflétt í Bolungarvík í hádeginu í gær. Einar Pétursson bæjarstjóri segir að enn sé viðbúnaðarstig í gangi og að grannt verði fylgst með veðurspám. 66 íbúar fengu að fara til síns heima í fyrradag.

> **„Verðið verður að vera boðlegt svo ég og fjölskylda mín getum eignast annað heimili**

Einar segir norðaustanátt í fyrrinótt hafa blásið mestu af snjónum úr fjallinu. Hann segir mikinn létti vera bæði hjá íbúum og bæjaryfirvöldum. Í deiglunni sé að gera snjóflóðavarnargarð í fjallinu en ekki sé ákveðið hvenær framkvæmdin hefjist.

Margrét Gunnarsdóttir, íbúi við Dísarland, var alsæl yfir því að komast loksins heim. Hún var ein þeirra sem ekki vildu yfirgefa heimili sín í fyrstu þegar þurfti að rýma hús við Dísarland á mánudag. „Mér fannst engin ástæða til að fara þar sem skóf úr fjallinu. Eins voru þetta mótmæli vegna seinagangs í okkar málum. Ekki er enn búið að kaupa af okkur húsin eins og til stóð,“ segir Margrét. Hún segir bæjarsjóð hafa stefnt íbúum Dísarlands þar sem þeir vildu ekki selja sjóðnum húsin á því verði sem þeim var boðið. En húsin eru á því svæði sem varnargarðurinn á að standa. Margrét er skrifstofumaður á bæjarskrifstofunni og segir það ekki fara mjög vel með málaferlunum. Hún hefur áhuga á að búa áfram í Bolungarvík þar sem hún hefur búið mestalla tíð. Þar hafa hún og maðurinn hennar vinnu og engin ástæða sé til að flytja annað. „Verðið verður að vera boðlegt svo ég og fjölskylda mín getum eignast annað heimili,“ segir Margrét. Hún segist geta þurft að rýma húsið aftur í vetur svo lengi sem enn sé snjór.

**hrs@frettabladid.is**

Neyðarvakt utanríkisráðuneytis:

# Leituðu 227 Íslendinga

**FLÓÐBYLGJAN** Neyðarvakt utanríkisráðuneytisins vegna flóðanna við Indlandshaf lokaði mánudaginn 3. janúar. Vaktin var opin allan sólarhringinn frá 26. desember og störfuðu að jafnaði fimm starfsmenn ráðuneytisins að verkefninu þessa daga.

Alls var tilkynnt um 227 Íslendinga sem gætu hafa verið á svæðinu þegar hamfarirnar áttu sér stað. Listinn styttist hratt og eftir tvo daga var hann kominn niður í tíu manns en vísbendingar voru um að þeir væru ekki á hættusvæði. Hinn fimmta janúar bárust fregnir af þeim síðasta á listanum þegar hann hafði samband við ættingja sína heill á húfi. ■

Júlíus Hafstein:

# Sendiherra í viðskiptum

**UTANRÍKISRÁÐUNEYTI** Júlíus Hafstein, fyrrverandi borgarfulltrúi hóf störf í utanríkisráðuneytinu um áramótin. Júlíus mun hafa sendiherratign en starfa sem yfirmaður viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Verður hún aðskilin frá viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins og einbeitir sér að útrás íslensks atvinnulífs.



**JÚLÍUS HAFSTEIN**
Byrjaður í utanríkisráðuneytinu.

Júlíus hefur undanfarið starfað að verkefnum á borð við Heimastjórnarafmælið og Kristnihátíð fyrir stjórnvöld. Júlíus var um árabil borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur verslunarskóla- og íþróttakennarapróf. **- ás**






## Veðrið

**TALSVERÐA OFANKOMU AÐ SJÁ NORÐAUSTAN TIL** Norðausturlandið er einna síst þennan daginn hvað varðar skaplegt veður. Snjókoma og skafrenningur einkennir daginn á þeim slóðum enda allhvasst einkum allra norðaustast. Hægari vindur víðast annars staðar og sýnu hægastur verður vindurinn sunnan til. Fremur kalt. Morgundagurinn lofar góðu. Hæglætisveður og bjartviðri víða um land en svalt einkum inn til landsins. Stöku él kunna þó að falla á norðan- og austanverðu landinu.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Mánudagur




Allhvasst suðaustan og austan til annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skýjað-skúr | Frankfurt | 10°C skýjað | Torrevieja | 18°C léttskýjað |
| Osló | 6°C rigning | Prag | 10°C skýjað | Róm | 16°C skýjað |
| London | 11°C skýjað | Amsterdam | 11°C skýjað | New York | 4°C rigning |
| París | 11°C skýjað-skúr | Varsjá | 9°C alskýjað | Miami | 26°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Nýr og enn betri
Hyundai SANTA FE
Frumsýningarhelgi 8-9 janúar frá kl. 12 til 16
Mikið rými
Ný hönnun
Ný 2.0 díselvél
Nýr drifbúnaður
Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 10% útborgun
Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.
Nýr Hyundai Santa Fe
Verð frá kr. 2.690.000
Santa Fe CRDi 4x4, 2.0 dísel,
112 hestöfl, sjálfskiptur.
Dráttarafl 2000 kg.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.990.000
Bílasamningur kr. 39.900 á mánuði*
HYUNDAI
hefur gæðin
B&L
Með bílinn handa þér
B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is
Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436



## KJÖRKASSINN

*Verður Chelsea enskur meistari í fótbolta?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viðhefur Impregilo slæma starfshætti á Íslandi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Jóhannes í Bónus:

# Stjórnarfundur ákveður um opinbera rannsókn

**VIÐSKIPTI** Ákveðið verður á stjórnarfundi hjá Baugi Group á næstunni hvort óskað verður eftir opinberri rannsókn á leka um framvindu rannsóknar og endurálagningu skatta á Baug. Jóhannes Jónsson, stjórnarformaður Gaums, telur undarlegt að málefni Baugs séu gerð opinber en ekki málefni annarra fyrirtækja.

Baugur hefur fengið endurálagningu upp á 464 milljónir króna vegna tekjuáranna 1998-2002 en ætlar ekki að una niðurstöðunni. Félagið hefur frest fram í janúarlok.



**JÓHANNES JÓNSSON**
Vill ekki gefa upplýsingar um endurálagningu á Baug Group.

„Þú færð ekkert meiri upplýsingar en aðrir fjölmiðlar. Þetta er bara bréf sem við fengum og við göngum frá því á okkar hátt. Við þurfum ekki að tilkynna neitt. Þetta er einkahlutafélag sem fær bréf frá opinberri stofnun og við þurfum ekki einu sinni að segja frá því. Við vinnum úr því eins og okkur hentar,“ segir Jóhannes.

Ágreiningur er milli ríkisskattstjóra og KPMG, endurskoðenda Baugs, um það hvernig standa skuli að endurskoðun fyrirtækisins. Þess vegna er endurálagningin til komin. **- ghs**

Síbrotamaður:

# Í íbúð við leikskóla

**LÖGREGLUMÁL** Síbrotamaður var handtekinn í Keflavík í gær. Lögreglan hafði leitað mannsins í hálfan mánuð.

Maðurinn hafði ekki sinnt boðunum lögreglu um að mæta í skýrslutöku. Samkvæmt vef lögreglunnar hafði hún orðið vör við manninn í félagslegri íbúð í Keflavík þar sem fíkniefnaneytendur hafa vanið komur sínar. Maðurinn reyndi að komast undan lögreglu með því að stökkva fram af svölum íbúðarinnar. Lögreglumenn fundu hann í felum í leiktækjum nærliggjandi leikskóla. Maðurinn var færður í fangaklefa. **- gag**

Big Food Group:

# Samdráttur í desember

**VIÐSKIPTI** Sala Big Food Group sem Baugur er að kaupa dróst saman um 3.5 prósent í desember. Breskir fjölmiðlar segja samdráttinn setja þrýsting á hluthafa um að samþykkja yfirtökutilboð Baugs. Tölurnar koma forsvarsmönnum Baugs ekki á óvart, enda nýjar upplýsingar lagðar fram í samningaferlinu í desember.

Tesco sem er stærsti viðskiptavinur Bakkavarar hefur hins vegar verið að auka sína markaðshlutdeild. Tesco hefur verið að auka hlutdeild sína í hverju uppgjörinu á fætur öðru. **- hh**



**LEITAÐ Í RÚSTUNUM**
Hjálparsveitir bera lík úr húsarústum í Banda Aceh á indónesísku eyjunni Súmötru í gær. Þó að opinberar tölur segi að rúmlega 140 þúsund hafi látið lífið í hörmungunum er það byggt á gróflegu mati stjórnvalda.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KONUR RÁÐAST Á KONU** Fjórar konur ruddust inn á heimili í Grindavík og börðu húsmóðurina og veittu henni áverka á höfuð. Hún var ein heima með börnum sínum þegar konurnar réðust á hana. Konurnar þekkjast og samkvæmt vef lögreglunnar virðist sem tilefni árásarinnar hafi verið deila um afnot á barnarúmi.

**ÁFENGISDAUÐUR VIÐ BANKA** Maður svaf áfengissvefni fyrir utan Sparisjóðinn í Keflavík aðfaranótt föstudags. Lögreglan fékk tilkynningu um manninn, sótti hann og kom honum heim.

Flóðasvæðin í Asíu:

# Illgerlegt að meta mannfallið

**JAKARTA, AP** Opinberar tilkynningar um fjölda látinna í Indónesíu eru ekki líklegar til að vera nákvæmar og stjórnvöld hafa þurft að meta mannfallið gróflega. í sumum tilfellum beita þau aðferðum á borð við það að margfalda fjölda líka í einni fjöldagröf með heildarfjölda grafa. Í sumum þorpum er íbúafjöldinn áætlaður, eftirlifendur taldir og gert ráð fyrir to aðrir hafi farist.

Víða eru fæðingarvottorð eða manntöl af skornum skammti sem gerir það enn erfiðara en ella að meta hversu margir hafa látist, en hjálparstarfsmenn segja að það sé brýnt að tapa sér ekki í talnareikningum heldur beina athyglinni að þeim sem finnast á lífi.

Sífellt er tilkynnt um fleira fólk sem er saknað og því lengri tími sem líður því minni líkur eru á að það finnist á lífi. Í Indlandi er flestra saknað á eyjunum Andaman og Nicobar en aðstæður þar eru svo erfiðar að það tekur leitarmenn heilan dag að leita á svæði með tveggja kílómetra radíus. ■

## Djúpsjávarflóðbylgjumælir

[Á ensku: DART (Deep-ocean Assessment and Reporting of Tsunamis)]

Nokkrir þjóðarleiðtogar hvaðanæva úr heiminum sögðu á fundi í Jakarta á fimmtudag það vera afar brýnt að koma upp viðvörunarbúnaði við Indlandshaf sem geti varað fólk við hættu af flóðbylgju með nokkurra klukkustunda fyrirvara og gefið því færi á að leita skjóls.

Taíland er eina ríkið á svæðinu sem býr yfir slíkum búnaði, en þar stendur til að rannsaka hvort veðurstofa landsins hafi frestað að gefa út viðvörun til að skaða ekki ferðamannaþjónustu.

Skjálftamælar mældu jarðskjálftann í Indlandshafi en án öldumæla var ekki hægt að reikna út í hvaða átt flóðbylgjan stefndi og kom hún því mörgum í opna skjöldu með hörmulegum afleiðingum.

Um miðjan sjöunda áratuginn var komið upp viðvörunarkerfi við Kyrrahaf sem getur varað við flóðbylgju með þriggja til fjórtán klukkustunda fyrirvara sem gæti skipt sköpum.




Heimild: National Oceanic and Atmospheric Administration
Höfundar graf: J. O'Connell, N. Rapp • AP






Offituverkefni Lýðheilsustöðvar:

# Fimmtungur barna of feitur

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt niðurstöðum rannsókna eru um 20 prósent íslenskra barna, níu til fimmtán ára, yfir kjörþyngd. Þetta segir Jórlaug Heimisdóttir verkefnisstjóri á Lýðheilsustöð.

Lýðheilsustöð er að ýta úr vör þróunarverkefni í samvinnu við sveitarfélög í landinu til að bregðast við þeirri þróun að börn og ungmenni á Íslandi eru að þyngjast. Ofþyngd barna og unglinga er vaxandi vandamál í vestrænum löndum og sýna tölur að þar er Ísland síður en svo undanskilið.

Jórunn sagði markmið verkefnisins vera að sporna við þróuninni með því að leggja áherslu á aukna hreyfingu og bæta næringu barna og unglinga.



**JÓRLAUG HEIMISDÓTTIR**
verkefnisstjóri á Lýðheilsustöð.

„Við byrjum á að beita okkur í skólamötuneytunum og fá þau til að vinna samkvæmt leiðbeiningum manneldisráðs,“ sagði Jórlaug. „Síðan munum við líta til hreyfingar tengdri skólunum. Við hyggjumst reyna að koma þessari stefnu inn í skólakerfið. Þá munum við huga að útivistarsvæðum, íþróttasvæðum svo og göngu- og hjólastígum í nágrenni skóla og heimilia. Við viljum fá sveitarfélögin til samstarfs, því ábyrgðin er ekki síst þeirra.“ **- jss**



**ÓGIRT**
Ágreiningur hefur verið um legu miltisbrandsgirðingar á Sjónarhóli.

Sjónarhóll:

# Greinir á um staðsetningu

**MILTISBRANDUR** Vegna frétta í blaðinu í gær um ágreining vegna girðingar á miltisbrandssýkta svæðinu á jörðinni Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd skal áréttað að jarðeigendur hafa ekki hafnað girðinunni sem slíkri. Viðræður þeirra og dýralæknisyfirvalda hafa snúist um hvar girðingin skuli sett niður á jörðinni og af þeim sökum hafa girðingaframkvæmdir tafist. **- jss**



# 60% afsláttur

Frábært verð

**Hnífasett í standi**
7 stk í setti
2006140
Verð áður 3.980
**1.490**

## Smelluplastparket Eik, 6 mm



**750 m²**
146983



Frábært verð

**6.990**

**Örbylgjuofn m/grilli**
Bomann
1840896



**Skrúfbitasett**
33 stk í setti
5010804
Verð áður 895 kr/stk
**395 kr/stk**



**195**
~~590~~

**Steikarhnífasett, 6 stk**
2000025



**995**
~~1.995~~

**Juðari DWT**
5245284



**990**
~~1.990~~

**Brauðrist**
Bomann
1840822



Frábært verð

70% afsláttur

**Verkfærataska Eldir, 16"**
5024700
Verð áður 1.495
**395**



Frábært verð

55% afsláttur

**Plastbox á hjólum**
2000601
Verð áður 1.290
**590**

ALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSA

# Dúndurútsala

## af völdum vörum!

30-70% afsláttur

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Fyrir hvaða stórmót er handboltalandsliðið nú að æfa?*

2 *Hvaða starfsstétt samþykkti nýgerðan kjarasamning á fimmtudaginn?*

3 *Hvaða bílategund var mest seld á síðasta ári?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Verksmiðja Mjallar-Friggjar í Kópavogi:

# Afgreiðslu starfsleyfis frestað

**IÐNAÐUR** Ákveðið var að fresta afgreiðslu starfsleyfis verksmiðju Mjallar-Friggjar fram til 13. janúar á fundi bæjarráðs Kópavogs 30. desember síðastliðinn. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins mætir þá á fund bæjarráðs og farið verður yfir stöðu mála. Fyrirtækið hefur flutt starfsemi sína frá Reykjavík til Kópavogs, en hefur ekki heimild til að vinna úr klórgasi á nýja staðnum.

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, segir ekki vitað til þess að hjá Mjöll-Frigg í Kópavogi sé unnið með, eða geymt klórgas og því ekki ástæða fyrir heilbrigðiseftirlitið að grípa til aðgerða vegna skorts fyrirtækisins á starfsleyfi. „Málið snýst um framleiðslu úr klórgasi sem er óheimil án leyfis, en í sama húsi er líka venjuleg heildverslun," segir hann og bætir við að ekkert verði aðhafst nema fregnir berist af því að nýjar birgðir af klórgasi hafi borist á svæðið eða aðrar vísbendingar um óheimila vinnslu. „Það var bara óheppilegt að menn fóru af stað án þess að vera með sína hluti á hreinu, en það skrifast bara á fortíðina." **- óká**



**MJÖLL-FRIGG VIÐ VESTURVÖR**
Starfsemi Mjallar-Friggjar flutti frá Fosshálsi í Reykjavík á Kársnes í Kópavogi í kjölfar eigendaskipta í sumar. Starfsleyfisumsókn fyrirtækisins var vísað frá á fundi heilbrigðisnefndar Kópavogs í nóvemberlok vegna skorts á gögnum frá fyrirtækinu.

Aðalskipaskrá:

# Færri skip og stærri

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipum á aðalskipaskrá hefur fækkað um 21 frá því í upphafi nýliðins árs, að því er fram kemur á vef Siglingastofnunar.

1. janúar voru samtals á skrá 2.344 skip. „Heildarbrúttótonnatala skipastólsins hækkaði hins vegar um tæplega 5.000 brúttótonn frá árinu áður," segir þar, en á skrá eru nú samtals 1.135 þilfarsskip með brúttótonnatölu upp á 230.881. „Opnir bátar voru samtals 1.209 og brúttótonnatala þeirra var 7.199. Á þurrleiguskrá er eitt skip, Keilir, samtals 4.341,99 brúttótonn." **- óká**

stór humar
ath opið laugardaga
10-14.30
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Kvenfangar í verri stöðu en karlar

**Konur í fangelsum á Íslandi eru verr staddar en karlar samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Margrét Sæmundsdóttir hjá Fangelsismálastofnun segir að kynjamisrétti sé á vistunarmöguleikum sem verði að bæta úr til dæmis með samnýtingu fangelsa fyrir bæði kyn.**

**FANGELSISMÁL** „Konur í fangelsum á Íslandi eru verr settar en karlfangar," segir Margrét Sæmundsdóttur deildarsérfræðingur hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Í grein sem hún ritar í Verndarblaðið, sem fjallar um afbrot, fanga og fangelsismál, fjallar Margrét um félagslega stöðu kvenfanga á Íslandi .

Á hverju ári sitja um tíu til fimmtán konur í fangelsi á Íslandi, sem er um fimm til sex prósent af heildarfjölda fanga. Flestar sitja þær inni fyrir þjófnað og skjalafals en undanfarin ár hafa fíkniefnabrot færst í aukana. í greininni leggur Margrét út af ársskýrslum Fangelsismálastofnunar og segir niðurstöður þeirra benda til að konur í íslenskum fangelsum séu bæði félagslega og heilsufarslega verr staddar en karlfangar. Konur í fangelsum eigi yfirleitt við meiri vímuefnavanda að stríða en karlar og meðferðarsaga þeirra er lengri, margar þjást af andlegum sjúkdómum eða hafa misst forræði yfir börnum sínum, en um 70 prósent kvenfanga eru mæður. Þá þjáist helmingur kvenna í fangelsi af þunglyndi sem er tvöfalt hærra hlutfall en hjá körlum.

Á Íslandi eru fimm afplánunarfangelsi en konur geta aðeins tekið út refsingu í Kópavogsfangelsi. Þar eru minni möguleikar til náms, starfs og tómstundariðkunar en til dæmis á Kvíabryggju og Litla-Hrauni sem Margrét segir að sé hreint kynjamisrétti. Hún leggur til að fangelsin verði samnýtt fyrir bæði kynin þannig að deildir verði aðskildar en nám og starf sameiginlegt og segir að reynslan af því að vista bæði kyn á sama stað sé góð.

Að sögn Margrétar er erfitt að skýra hvers vegna konur í fangelsum séu mun færri en karlar. „Það eru margar tilgátur uppi og sjálfsagt er orsakasamhengi á milli þeirra. Ein hugmyndin er til dæmis sú að konur séu aldar upp við meiri ábyrgð og brjóti því síður af sér. Samkvæmt annarri kenningu hefur dómsvaldið tilhneigingu til að sjá málin þannig að konur sem fremja afbrot eigi við vandamál að stríða og það beri fyrst og fremst að aðstoða þær, en karlmenn sem fremja afbrot séu til vandræða og þeim þurfi að refsa."

bergsteinn@frettabladid.is



**MARGRÉT SÆMUNDSDÓTTIR**
Um 70 prósent kvenfanga eru mæður og helmingur kvenna í fangelsi þjáist af þunglyndi sem er tvöfalt hærra hlutfall en hjá körlum.

ÚT-SALA
hefst í dag
MINNST
40% AFSLÁTTUR
Opið: Laugard. kl. 10-18
Sunnud. kl. 13-17
H&M
ROWELLS
Kringlunni 7, sími 588 4422
Tíska • Gæði • Betra verð

Sundabraut:

# Hefja vinnu hið fyrsta

**UMFERÐ** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að ákveðið verði að fara innri leið við val á legu Sundabrautar, með þeim breytingum sem Skipulagsstofnun leggur til. Þá var því beint til skipulagsnefndar Reykjavíkur að hefja nú þegar vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi vð þessa tillögu.

Innri leið Sundabrautar gerir ráð fyrir lágbrú og með breytingum Skipulagsstofnunar er gert ráð fyrir að hún muni kosta 8,2 milljarða. Aðalskipulag gerir ráð fyrir ytri leið, eða hábrú sem rís hæst 5,5 metra og á að kosta um 11,7 milljarða.

Skipulagsstofnun telur lágbrúna betri kost en hábrú, með tilliti til áhrifa á samgöngur og á nýtingu hafnarsvæða Sundahafnar. Þá er talið að hábrú yrði lokuð nokkra daga á ári vegna veðurs.

Samþykkt var að vísa tillögu sjálfstæðismanna til borgarráðs að tillögu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra. Þá sagði hún að þrjár kærur hefðu borist vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og að ákvörðun um legu Sundabrautar yrði ekki tekin, fyrr en frestur umhverfisráðherra til fella úrskurð vegna þeirra rennur út í lok febrúar. **- ss**



**INNRI LEIÐ SUNDABRAUTAR**
Skipulagsstofnun leggur til að farin verði innri leið við lagningu Sundabrautar með nokkrum breytingum.


EKKERT BRUÐL
Helgartilboðin
TÆKIÐ ER GULL!
27"
12 VOLTA LCD TÆKI!
SÖLUSTAÐIR LCD tækja: Holtagarðar og Smáratorg
SÖLUSTAÐIR LCD tækja: Holtagarðar og Smáratorg
7"
12 VOLTA TÆKI Í BÚSTAÐINN BÍLINN, FELLIHÝSIÐ, TJALDVAGNINN...
LCD sjónvarp
JDV SUPER SLIM LINE
99999 KR.
ÞÚS.
(Aðeins um helgina meðan birgðir endast)
15999 KR.
ÞÚS.
TÆKIFÆRI HELGARINNAR!
SÉRVÖRU VERSLANIR
SÉRVÖRU VERSLANIR
* 27" LCD skjár
* Upplausn 1280x720
* Progressive Scan
* Skerpa 500:1
* Sjónsvið: 170°
* 2x7w NICAM steríó hljóðkerfi og SRS surround með 2 hátölurum
* 2 Scart tengi, Component (YPbPr) og DVI tengi
* AV og heyrnartólstengi
* Mynd í mynd
* Textavarp
* Fjarstýring
Bónus býður betur!
Kíktu á tilboðin á bonus.is
HANDKLÆÐI 100x150 sm
100x150 sm handklæði
599 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
FERÐATÖSKUSETTIN NÝ SENDING!
3 HJÓLATÖSKUR
4999 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
250w
JDV
1.5 lítra BLANDARI
1599 KR.
Munið öll frosnu berin í Bónus, þau eru tilvalin í hollustu og orkudrykkina!
Ferskar bringur
HOLTA kjúklingavængir
179 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg
HOLTA bringur ferskar
1314 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 2190kr.kg
Ferskir bitar
HOLTA kjúklingalæri/leggir
359 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg
40% afsláttur við kassann
DÝRAFÓÐUR - DÝRASÆLGÆTI
HUNDABOLTI
399 KR.
2 HUNDABEIN
299 KR.
Alls kyns dýradót í úrvali!
20 STANGIR
159 KR.
2 HUNDABEIN
299 KR.
STÓRT HUNDABEIN
299 KR.
KANÍNUBÚR
3999 KR.
HAMSTRABÚR
2599 KR.
30 lítra fiskabúr með öllu nema fiskunum
9999 KR.
40% afsláttur við kassann
5999 KR.
PLAGGÖT Í ÚRVALI!
299 KR.
Alltaf stuð í Bónus!
ERAN/Landlist
BÓNUS




24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURJÓN ÞÓRÐARSON ALÞINGISMAÐUR.

# *Á þrettándaball með Karlakórnum Heimi*



„Það er bara allt fínt að frétta af mér," segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, þegar blaðamaður truflar hann við tölvuleikjaspil og innir hann eftir tíðindum.

Sigurjón á tvö heimili eins og svo margir landsbyggðarþingmenn og hefur varið jólafríinu á Sauðárkróki þar sem hann sinnir börnunum sínum og heldur við heimasíðunni sinni, sigurjon.is. „Veðrið er búið að vera þannig að ég hef bara verið hérna á Króknum og lítið komist til að heilsa upp á umbjóðendur, en það stendur til bóta. Það er smá móttaka í Kiwanishúsinu á Sauðárkróki fyrir þá sem hafa lagt flokknum lið og svo fer ég náttúrlega á þrettándaball hjá Karlakórnum Heimi í kvöld, það má ekki gleyma því."

Sigurjón er rómaður sundkappi og syndir daglega og segist yfirleitt synda í Laugardagshöll en fer líka í Vesturbæjarlaugina. „Ég reyni yfirleitt að ná tveimur kílómetrum og fer svo í pottana. Maður fær oft góða punkta þar." ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BLÁFJÖLL**
Rólegt var í brekkunum í gær en viðbúið er að umferðin vaxi með hækkandi sól.

# Skínandi gott skíðatímabil framundan

**Útlit er fyrir að gott skíðatímabil sé í uppsiglingu. Snjór er með mesta móti á skíðasvæðunum og sala á skíðum og snjóbrettum hefur verið með ágætum, enda ekki vanþörf á eftir mörg mögur ár.**

Kalt hefur verið í veðri undanfarnar vikur og ofankoma talsverð. Á meðan ökumenn bölva færðinni í sand og ösku brosa skíðamenn í kampinn yfir öllum snjónum sem kyngir niður í fjöllin. Þeir hafa aldeilis ástæðu til að kætast þessa dagana því nú er búið að opna flest skíðasvæði og er færi víðast gott. „Við höldum að það hafi ekki verið jafn mikill snjór síðan 2000," segir Logi Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri skíðasvæða Reykjavíkur, en síðustu ár hafa verið mögur og afkoman því slök.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HELGI Í ÚTILÍFI**

Að sögn Loga hafa starfsmenn í nógu að snúast þessa dagana við að troða snjó og setja upp lyfturnar. „Sumir furða sig á því af hverju alltaf er verið að gera þetta þegar loksins opnar en frá síðasta opnunardegi hefur einfaldlega verið sturtuvitlaust veður, eins og við köllum það." 2. janúar voru ríflega tvö þúsund manns í Bláfjöllum og er það góð byrjun.

Í Skálafelli er búið að skipta um stóla í lyftunni og verið er að reisa nýja og fullkomna stólalyftu í Bláfjöllum sem mun geta flutt 2.400 manns á klukkustund upp á fjallstoppinn á örskotsstundu. Uppsetningin hefur reyndar aðeins dregist en Logi hefur litlar áhyggjur af því. „Ég vil frekar vera í þeirri stöðu að það frestist um einhverjar vikur á meðan svæðið er opið heldur en að lyftan sé tilbúin og enginn snjór."

**Skíðin rifin út**

„Þetta lítur bara vel út núna. Fullt af snjó og allt opið. Kannski er bara komið að því," segir Helgi Benediktsson, hjá útivistarversluninni Útilífi, ánægður með skíðasöluna að undanförnu. „Síðustu ár hafa verið hörmung," bætir hann við en vegna mildrar veðráttu keyptu landsmenn til skamms tíma fá skíði og snjóbretti.

Helgi segir að vel hafi selst af skíðaútbúnaði fyrir jólin enda hefur veturinn verið nokkur harður. „Brettin eru að fara meira til krakkanna en eldra fólkið og þeir sem fara til útlanda eru náttúrlega meira á skíðunum. Það breytist ekkert sama hvernig tíðin er hér heima," segir Helgi.

Að sjálfsögðu er Helgi þegar búinn að renna sér nokkrar salíbunur. „Ég er búinn að fara aðeins með krakkana, upp í Skálafell og Bláfjöll. Færið var mjög fínt, það þarf bara að gera klárar fleiri lyftur og opna þetta allt saman."

**Með skíðin í annarri hendi og gítarinn í hinni**

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður er annálaður skíðaáhugamaður. „Ég fer á skíði hérna heima þegar tíðin er góð, en hún hefur verið léleg undanfarin ár. Mér líst nú samt betur á þetta núna heldur en oft áður," segir Eyfi hress í bragði. Hann rennir sér að mestu í Bláfjöllum og Skálafelli en fer lítið út á land til þess arna. „Ekki nema að ég sé að spila fyrir norðan, þá kippi ég skíðunum með."

Eyjólfur var ekki hár í loftinu þegar hann steig fyrst á skíði en hann hefur alltaf jafn gaman að þessu. Eitthvað hefur Eyfi spennt á sig snjóbretti og finnst það fínt. „Ég tek samt skíðin fram yfir enda orðinn stálpaður unglingur."

sveinng@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON**



Útsala
SONY
√ DVD spilari
√ Spiderman
í kaupbæti!
KE-P42M1S
42" Plasma sjónvarp
• Wega Engine
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• 3x scarttengi/Component
Verð áður 499.950 krónur
Verð 469.950 krónur
DVD spilari fylgir að verðmæti 12.950!
Þrír 1GB HiMD diskar og taska fylgir!
DSC-P120
Stafræn myndavél
• 5.1 milljón effective Super HAD CCD
• Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
• 1.8" litaskjár (134K upplausn)
Verð áður 59.940 krónur
Verð 49.950 krónur
DSC-P150/s
Stafræn myndavél
• 7.2 milljón pixla effective Super HAD CCD
• Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
• 3x optical aðdráttur (6x digital aðdráttur)
Verð áður 65.940 krónur
Verð 54.950 krónur
MZ-NH700/S
Sony Hi-MD mini-disk 700
• Geymir öll gögn (músík/PC gögn) 1 GB
• USB tengi bus powered (PC Upload)
• High Speed data transfer (100X)
Verð áður 39.950 krónur
Verð 29.950 krónur
Heimabíó, DVD spilari, útvarp, myndbandstæki!
Ótrúlega nett myndavél en ekkert gefið eftir í gæðum!
RDR-GX300/S
DVD upptökutæki
• Tekur upp á DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
• Timeslip
• Precision Cinema Progressive
Verð áður 69.950 krónur
Verð 49.950 krónur
DAV-D150
Heimabíó með DVD og VHS
• Magnari 5x70W RMS / 100W BASS
• Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW
• Dolby Digital, DTS og PLII
Verð áður 65.950 krónur
Verð 49.950 krónur
DSC-T3
Stafræn myndavél
• 5.1 milljón pixla effective Super HAD CCD
• Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
• 3x optical aðdráttur (6x precision digital)
Verð áður 65.950 krónur
Verð 44.950 krónur
Kauptu Sony hjá Sony
You make it a Sony
*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is

# ÚTSALAÚTSALAÚTSALAÚ

# DB?IB7

## SXe^Ċffgd




bZS`fa_2E2¦æ§s2^S?l?Tak2¦Éx[>2xæ¦§2ł2t~¹¨>2t¥Î¡¨2¢y2y¥æ¡¨>2t¢¥Ā2ł2 {Ā|¨¡¡[>
¦}w {~2¢y2zs~s¡~wy§2ts}2¦{§§z©¢¥¨2 wy{¡@22TDCI2«2VKG2«2ZJG2u 2}¥@2KH@KJB@




_[dSTW^^S2¦Éxst¢¥Ā2uzs¥v¢¡¡s~2~{§>2¦Éxst¢¥Ā2TCEG2«2VJB2«2ZGB2u 2}¥@2CK@KJB@2
Z¢¥¡t¢¥Ā2THC2«2VHK2«2ZHD2u 2}¥@2CK@KJB@2W{¡¡{y2§{~2ts}t¢¥Ā2¢y2~s £st¢¥Ā@




TdS`ea`2E2¦æ§s2^S?l?Tak2¦Éx[>2xæ¦§2ł2t~¹¨>2¥s¨Ā¨2¢y2y¥æ¡¨>2t¢¥Ā2ł2 {Ā|¨¡¡[>
¦}w {~2¢y2zs~s¡~wy§2ts}2¦{§§z©¢¥¨2 wy{¡@22TDDB2«2VCBB2«2ZCBB2u 2}¥@2CEK@KJB@




LA-Z-BOY

S`VWdea`2^S?l?Tak2¦§É~2ł2y¥æ¡¨2
§s¨¹}~æĀ{@2e§É~{¡¡2w¥2¥¨yy¨¦§É~2
¦w 2zæy§2w¥2sĀ2zs~s2ts}{2¢y2w¥2
wĀ2Ā¥|¹¥2¦§{~{¡ys¥2¹2}w ~{@2
TJG2«2VJG2«2Z2FGACBB2u @2
hw¥Ā2}¥@2DK@KJB@2

e_ĊhSdS2Ċ2XdĊTßdg_2SXe^ßff[2?2yw¥{Ā2yÉĀ2}s¨£3

# TSALAÚTSALA

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



eđXSTadÿ28
Zad`Tadÿ

fWeeS2eđXSTadÿ282Zad`Tadÿ2eS_S`

DK@KJB

©w¥Ā2¹Ā¨¥2FK@KJB2¦w§§{Ā

HB 7
glyr-zz{x

YWY`ZW[^2W[]

fWeeS2¦Éxst¢¥Ā2Î¥2ywy¡zw{~{2¢-Ā¨ t¢¥{¡¡{2w{}>2-Ā§{Ā2Î§~{§¦ys~sĀ2TIB2«2^CFB2u @
fWeeS2z¢¥¡ t¢¥Ā2Î¥2ywy¡zw{~{2¢-Ā¨ t¢¥{¡¡{2w{}>2-Ā§{Ā2Î§~{§¦ys~sĀ2TIB2«2^IB2u @

čfS^e]f2Yßÿ S^Wÿgd





CCJ@KJB
©w¥Ā2¹Ā¨¥2CHK@KJB

EB 7
glyr-zz{x

KH@KJB
©w¥Ā2¹Ā¨¥2CEK@KJB

FB 7
glyr-zz{x

_[dSTW^^S2y~w¥¦}¹£¨¥

II@KJB
©w¥Ā2¹Ā¨¥2CDK@KJB

_[dSTW^^S2y~w¥¦}¹£¨¥2ä2}¢¡Ās}¦~{§@
2TCCB2«2VFH2«2ZDBC2}¥@2II@KJB@

YWee[US2~wĀ¨¥¦Éx{2Î¥2 |Î}¨2ä§Ì~¦}¨2~wĀ¥{@2E2¦æ§s2¦Éx{2^DBD2«2VKG2«2ZKG2u 2}¥@2CCJ@KJB@2D2¦æ§s2¦Éx{2^CGB2«2VKG2«2ZKG2}¥@2KH@KJB@
e§É~2^2CBB2u 2}¥@2HK@KJB@2ew§§{Ā2w{¡¡{y2§{~2vÌ}}t¥Î¡§@

ab[ÿ2S^^S2VSYS2 2 _¹¡¨vsys2?2xÌ¦§¨vsys2CB?CK2×2^s¨ys¥vsys2CB?CJ2×2e¨¡¡¨vsys2CD?CJ2222
2222222222222222222222

360 gráður

**FBL GREINING:** ÓÁNÆGJAN MEÐ IMPREGILO

# *Hinn harði heimur kominn til Íslands*

Óánægja verkalýðshreyfingarinnar með tregðu Impregilo til að fara eftir leikreglum samfélagsins og greiða erlendum starfsmönnum í samræmi við íslenskan markað og kjarasamninga hefur blossað upp. Að þessu sinni er það vegna umsóknar Impregilo um atvinnuleyfi fyrir allt að 300 Kínverja og upplýsinga sem benda til að fyrirtækið hafi notfært sér skattasmugur á Íslandi og í Portúgal til að hlunnfara starfsmenn sína. Verkalýðshreyfingin gagnrýnir Impregilo harkalega.

**Hvað hefur gerst?**
Hinn harði alþjóðlegi samkeppnisheimur er kominn til Íslands. Svo virðist að svo mikið hafi legið á að hefja framkvæmdir við Kárahnjúka að orkan fór öll í umhverfismálin. Allt annað gleymdist. Stjórnvöld eru í klemmu, þau vita ekki hvernig þau eiga að bregðast við. Ósamstaðan kemur verktakafyrirtækjunum í koll.



FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**VIÐ KÁRAHNJÚKA** Það lá svo á að hefja framkvæmdir við Kárahnjúka að orkan fór öll í umhverfismálin. Allt annað gleymdist.

**Hvað er í gangi?**
Tveir heimar rekast á. Alþjóðlega stórfyrirtækið Impregilo vinnur á öðrum grundvelli en verktakafyrirtækin í landinu. Íslendingunum finnst Ítalirnir svífast einskis og nýta sér allar smugur sem þeir finna. Íslendingar eru vanir allt öðrum og mýkri heimi. Verktakafyrirtækin standa ekki saman en flestöll hafa þau þó tíðkað yfirborganir á meðan Ítalirnir greiða aðeins eftir töxtum. Margir telja að Kínverjarnir séu ráðnir vegna þess að þeir séu meðfærilegri en Íslendingar.

**Hvað gera stjórnvöld?**
Ef þau láta ekki eftir ítölunum þarf íslenska ríkið að greiða sektir vegna álversins í Reyðarfirði. Stjórnvöld og stjórnendur Landsvirkjunar eru máttvana. Þau vilja halda friði á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu öllu en vita ekki hvernig þau eiga að bregðast við.

**Hvaða áhrif mun þetta hafa?**
Átökin harðna og verktakamarkaðurinn breytist. Til að vera samkeppnisfær vilja innlendu fyrirtækin borga taxtalaun og flytja inn erlent vinnuafl. Það kemur frá Mongólíu, Pakistan, Portúgal og fleiri löndum. Íslendingar, verktakar, stjórnvöld og verkalýðshreyfingar þurfa að læra sína lexíu.

## SPURT & SVARAÐ
HJÁLPARSTARF RAUÐA KROSSINS



ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

### *Áhersla á fátækar fjölskyldur*

Vegna náttúruhamfara í Indlandshafi hefur verið þörf á gífurlegu hjálparstarfi. Íslendingar hafa ekki dregist undan að leggja sitt af mörkum og hafa nú safnast um 100 milljónir, fyrir utan þær 150 milljónir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita í aðstoð. Íslendingar hafa verið einna duglegastir að styrkja söfnun Rauða krossins.

**Hvað er Rauði krossinn búinn að safna miklu?**
Við erum búin að safna 95 milljónum króna.

**Hvað er stefnt á að safna miklu?**
Við stefnum ekki að neinu. Þetta er meira en við gátum gert okkur í hugarlund að gæti safnast hér á Íslandi fyrir alþjóðlegt hjálparstarf og fyrir það erum við mjög þakklát.

**Hvað verður gert við peningana?**
Á fyrstu dögum hjálparstarfsins studdum við björgunarstarfið. Nú á síðari dögum hafa fjármunirnir farið í að styðja fólk sem tapaði öllu sínu, til að það geti komið undir sig fótunum á ný. Sérstök áhersla hefur verið lögð á fjölskyldur sem voru fátækar fyrir. Okkar hlutverk er fyrst og fremst að styðja heimamenn til að koma undir sig fótunum. Ef litið er til landa á þessu svæði höfum við einbeitt okkur meira að Indónesíu og Srí Lanka og þar eru sendifulltrúar okkar, fjórir á Indónesíu og einn á Srí Lanka. Sjálf komum við að því að dreifa stuðningnum, en við vinnum í gegnum Alþjóða-Rauða krossinn.

# Barátta Mahmoud Abbas er rétt að byrja

Allar líkur eru á að Mahmoud Abbas verði eftirmaður Yassers Arafat en forsetakosningar fara fram í Palestínu á morgun. Nái hann kjöri bíður hans erfitt verk sem forvera hans mistókst.



FRÉTTASKÝRING
KOSNINGAR Í PALESTÍNU

SVEINN GUÐMARSSON
BLAÐAMAÐUR

Palestínumenn ganga til kosninga á morgun og kjósa sér forseta. Nær öruggt er talið að Mahmoud Abbas muni bera öruggan sigur úr býtum. Mikið verk bíður hans þó við að sameina Palestínumenn og byggja upp traust hjá Ísraelum og Bandaríkjamönnum í garð þeirra.

**Kynlegar kosningar**
Þegar Yasser Arafat andaðist á sóttarsæng í nóvember síðastliðnum skapaðist ákveðið tómarúm á meðal palestínskra ráðamanna því Arafat hafði engan eftirmann útnefnt og ekki lá fyrir hvernig skipta bæri völdum að honum gengnum. Nú tæpum tveimur mánuðum síðar kjósa Palestínumenn nýjan forseta heimastjórnar sinnar en ekki hefur verið kosið um embættið síðan 1996.

Íbúar Vesturbakkans, Gazastrandarinnar og Austur-Jerúsalem hafa einir kosningarétt en hvorki Palestínumenn með ísraelskan ríkisborgararétt né flóttamenn geta greitt atkvæði. 1,1 milljón kjósenda hefur skráð sig til þátttöku, um sextíu prósent atkvæðisbærra manna. Eitt þúsund kjörstaðir hafa verið settir upp og hundruð erlendra kosningaeftirlitsmanna fylgjast með framkvæmd kjörfundar.

Talsverðar deilur hafa verið um umgjörð kosninganna. Fastlega er búist við að þorri íbúa Austur-Jerúsalem muni sniðganga þær þar sem ísraelsk yfirvöld hafa bannað þeim að kjósa í sjálfri borginni. Í staðinn verða þeir að ferðast talsverðan spöl og greiða atkvæði utan kjörstaðar. Samtök á borð við Hamas hafa einnig ákveðið að hunsa kjörfundinn.

Frambjóðendur hafa undanfarna daga kynnt sig og stefnumál sín en baráttan hefur ekki gengið snurðulaust fyrir sig. Í gær handtók ísraelska lögreglan Mustafa Barghouti þegar hann var á leið til bænahalds í al Aqsa moskunni í Jerúsalem. Honum var sleppt stuttu síðar. Abbas hætti við svipaða för þar sem ísraelsk yfirvöld neituðu að hleypa honum á svæðið nema í fylgd ísraelskra hermanna, honum til verndar að sögn Ísraelsmanna.

**Erfitt verk framundan**
Mahmoud Abbas er frambjóðandi Fatah, stærstu fylkingarinnar innan Frelsissamtaka Palestínumanna PLO. Hann var fyrsti forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar en lét af embætti árið 2003 vegna samstarfsörðugleika við Arafat. Hann þykir hófsamur og hefur hvatt til þess að Palestínumenn leggi niður vopn. Því er ekki að undra að Abbas njóti velvildar ísraelskra og bandarískra ráðamanna enda binda menn vonir við að nýtt skeið sé að hefjast í friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MAHMOUD ABBAS Í NABLUS**
Abbas hefur tekist að sigla á milli skers og báru í baráttunni þannig að hófsamir og herskáir Palestínumenn hafa sameinast um hann.

Það er óhugnanleg staðreynd að könnun sem The Economist segir frá sýnir að tveir af hverjum þremur Palestínumönnum telja að hryðjuverk og vopnuð barátta hafi skilað þeim meiri árangri en samningaleiðin. Því kemur það ef til vill á óvart að kosningaspár sýna að yfirgnæfandi meirihluti kjósenda hyggst greiða þessum hófsama manni atkvæði sitt á morgun. Skýringin liggur að hluta til í kosningabaráttunni en þar hefur Abbas boðað herskárri stefnu en hann er vanur. Þannig hefur hann sett rétt flóttamanna til að snúa aftur á oddinn, svo og tafarlausa lausn palestínskra fanga úr ísraelskum fangelsum. Síðan má líka gera ráð fyrir að flestir Palestínumenn séu einfaldlega orðnir langþreyttir á ófriðnum við Ísraela og óeiningunni innan þeirra eigin raða. Þeir telja að Abbas sé maðurinn sem geti sameinað þá og náð fram friði.

Eigi Abbas að takast þetta er lykilatriði að hann beri öruggan sigur úr býtum svo hann fái afgerandi umboð til að leiða þjóð sína til friðar. Klofningurinn á meðal Palestínumanna er verulegt vandamál og verði sigur Abbas tæpur verður staða hans veik gagnvart órólegri fylkingunum innan PLO og þar með gagnvart viðsemjendum sínum.

Stóra spurningin er hvenær og undir hvaða kringumstæðum friðarumleitanir geta hafist á ný. Vítahringurinn er gamalkunnur, Ísraelar neita að lyfta litlafingri fyrr en hryðjuverk hafi verið stöðvuð, en Palestínumenn segjast þá og því aðeins leggja niður vopn þegar Ísraelar sýna meiri samstarfsvilja.

Stjórnmálaskýrendur telja að Abbas fái sína eitt hundrað hveitibrauðsdaga. Vonandi tekst honum að nýta þá vel. ■


## Þjónustuíbúðir fyrir 60 ára og eldri við Hrafnistu Hafnarfirði

Við Hrafnistu Hafnarfirði að Hraunvangi 1-3 eru glæsilegar íbúðir fyrir 60 ára og eldri. Um er að ræða 64 leiguíbúðir auk bílgeymslu í tveim fjölbýlishúsum sem eru sérhannaðar með þarfir eldri borgara í huga, þannig að þeir geti verið sem lengst á eigin vegum og losni við viðhald húsnæðisins. Húsin standa á fallegum stað hjá Hrafnistu og njóta íbúarnir öryggis frá heimilinu, auk þess sem hægt er að fá keypta þaðan ýmis konar þjónustu s.s. aðgang að neyðarhnöppum, mat, aðgang að félagsstarfi, sund ,leikfimi, aðgang að púttvelli, hár og fótsnyrtingu o.fl..Íbúðirnar eru boðnar til leigu, auk leigu er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtryggð og fæst endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

**Vorum að fá í endurleigu tveggja herbergja íbúð á annarri hæð, þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð og 65 fm. íbúð( án sameignar, minnsta íbúðartegundin) á þriðju hæð. Allar þessar íbúðir eru með glæsilegu útsýni.**

**Þeir sem vilja láta skrá sig á biðlista eftir íbúð eða vilja fá frekari upplýsingar vegna íbúðanna hafi samband við skrifstofu Sjómannadagsráðs alla virka daga frá kl. 8-16 í síma 585-9301/585-9500, fax 585-9308 , skoði vef Hrafnistu, www.hrafnista.is eða sendi E-mail á netfangið asgeir@hrafnista.is**

Sjómannadagsráð



**GLÆSILEGAR ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR**

**Íbúðirnar eru leiguíbúðir fyrir 60 ára og eldri og íbúarnir njóta öryggis og þjónustu frá Hrafnistu í Hafnarfirði**

Svikamylla í tölvupósti:

# Ekkja Arafats biður um aðstoð

**SVIKAMYLLA** Tölvupóstur gengur nú manna á milli þar sem Suha Arafat, ekkja Yassir Arafat, óskar eftir einhverjum til að geyma fyrir sig 1,2 milljarð íslenskra króna sem núverandi stjórnvöld í Palestínu séu að reyna að hafa af henni.

Í bréfinu segir að Suha hafi þurft að þola mikið harðræði af hálfu palestínskra stjórnvalda eftir fráfall eiginmanns síns og þeir vilji gera öll auðæfi hans, sem hún erfði, upptæk. Suha segist eiga tuttugu milljónir dollara á bankareikningi sem hún þurfi að leysa út og óskar eftir aðstoð einhvers til að geyma fyrir sig þá upphæð gegn ríflegri þóknun. Hún þurfi aðeins að númer á bankareikningi viðkomandi og málið er frágengið. Þá er viðtakandinn beðinn um að sýna þagmælsku ef hann gengur ekki að tilboðinu.

Lítill vafi leikur á að hér sé um svikamyllu að ræða og að einhverjir óprúttnir aðilar villi á sér heimildir. Fólk beðið um að vera á varðbergi gagnvart gylliboðum af þessu tagi.

-bs



MUSTAFA BARGHOUTI

Kosningar á morgun:

# Sporgöngumenn Abbas

**PALESTÍNA** Öruggt er talið að Mahmoud Abbas beri sigur úr býtum í forsetakosningunum í Palestínu á morgun. Sex aðrir eru þó í kjöri, þar af eru fjórir óháðir frambjóðendur.

Enda þótt fylgi Mustafa Barghouti mælist aðeins 6-14 prósent í skoðanakönnunum er hann sá frambjóðandi sem helst er talinn geta velgt Abbas undir uggum. Hann er í það minnsta brattur sjálfur og segist fullviss um að hann eigi góða möguleika. Mustafa er ættingi Marwans Barghouti, uppreisnarleiðtogans sem afplánar nú margfaldan lífstíðardóm fyrir hryðjuverk, en sá var af mörgum álitinn líklegasti eftirmaður Jassers Arafat.

Líkt og frændi sinn hefur Mustafa gefið sig út fyrir að vera maður fólksins en forysta palestínsku heimastjórnarinnar hefur löngum verið gagnrýnd fyrir að vera ekki í nógu miklum tengslum við alþýðuna. Hann segist ætla að ráðast gegn spillingu og tryggja að lög og regla ríki á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna. Hann var handtekinn og að eigin sögn misþyrmt af ísraelsku lögreglunni í desember síðastliðnum, í aðdraganda kosningabaráttunnar.

Þar sem Barghouti hefur enga fjöldahreyfingu á bak við sig verður að telja útilokað að hann nái að sigra Abbas. Stjórnmálaskýrendur telja þó að björt framtíð geti beðið hans bíði hann ekki afhroð á morgun.

Af öðrum frambjóðendum má nefna Bassam al-Sahli, frambjóðanda Lýðflokks Palestínumanna sem er lítil kommúnistahreyfing innan PLO. Hann hefur margsinnis mátt dúsa í fangelsi vegna þátttöku sinnar í baráttunni gegn ísraelskum stjórnvöldum, nú síðast í upphafi kosningabaráttunnar. Taysir Khalid er frambjóðandi byltingarsinnaðrar marxískrar hreyfingar sem á litlu fylgi að fagna á meðal Palestínumanna. Hinir frambjóðendurnir heita Abdul Karim Shabiar, Abdul Halim al-Ashqar og Alsayd Barakah. Ekki er talið að margir muni greiða þeim atkvæði sitt.

- shg

tilboðsdagar
Mikið úrval af sófasettum og hornsófum
Borðstofuborð og stólar
Verðdæmi
Vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
306.000.-
Verð nú aðeins kr.
198.000.-


Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga10-18 Laugard 11-16 - Sunnud. 13-16





ÚTSALA
ER HAFIN
ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR
KAREN MILLEN
KRINGLUNNI - S. 533 1740

# ÚTS

# 20

**Ljós - húsgögn - mottur - gardínur - heimilisvörur - flísar - búsáhöld - blöndunartæki - verkfæri - raftæki - hreinlætistæki - hurðir - húnar - höldur - málning - timbur - fatnaður**

# SALA

# -70%

# afsláttur

| | Virkir dagar | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|
| **Breiddin-Verslun** Sími: 515 4200 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Timburverslun-Breidd** Sími: 515 4100 | 8-18 | 10-16 | |
| **Leigumarkaður BYKO** Sími: 515 4020 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Hringbraut** Sími: 562 9400 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Hafnarfjörður** Sími: 555 4411 | 8-18 | 9-15 | |

www.byko.is

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

Aðalsímanúmer BYKO 515 4000

| | Virkir dagar | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|
| **Akranes** Sími: 433 4100 | 8-18 | 10-14 | |
| **Akureyri, Glerártorg** Sími: 460 4800 | 8-18[30] | 10-17 | |
| **Akureyri, Furuvöllum** Sími: 460 4860 | 8-18 | 10-14 | |
| **Reyðarfjörður** Sími: 470 4200 | 8-18 | 10-14 | |
| **Suðurnes** Sími: 421 7000 | 8-18 | 9-15 | |
| **Selfoss** Sími: 480 4600 | 8-18 | 10-14 | |

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Verkalýðshreyfingin hefur rétt til að fylgjast með erlendum verktökum en málflutningurinn þarf að vera traustur.

## Deilurnar um Impregilo

Ekki er óeðlilegt að forystumenn íslenskrar verkalýðshreyfingar fylgist grannt með kjörum og aðbúnaði erlendra verkamanna við Kárahnjúkavirkjun. Í samningi íslenskra stjórnvalda við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo er kveðið á um að það skuli miða kaup og kjör allra starfsmanna sinna við virkjunina við gildandi kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Þó að opinberar stofnanir hljóti að fylgjast með því að við þetta ákvæði sé staðið er réttmætt að verkalýðshreyfingin kanni það einnig með sjálfstæðum hætti enda getur misbrestur á þessu sviði haft áhrif á það hvernig aðrir innlendir og erlendir vinnuveitendur ganga fram. En telji launþegaforingjar að virkjunarsamningurinn sé ekki haldinn hvað þetta varðar verða þeir að leggja trúverðug gögn fram máli sínu til stuðnings. Á það hefur skort og á meðan hlýtur ítalski verktakinn að njóta vafans.

Í aðdraganda framkvæmdanna við Kárahnjúka áttu margir von á því að þær mundu fara langleiðina með að útrýma atvinnuleysi hér á landi. Því fer fjarri að það hafi gerst. Atvinnuleysingjar, jafnt á Austfjörðum sem annars staðar á landinu, hafa ekki hópast að Kárahnjúkavirkjun og hefur Impregilo því þurft að flytja inn mun fleiri erlenda verkamenn en ráðgert var í upphafi. Ástæðurnar fyrir því að Kárahnjúkar hafa ekki aðdráttarafl fyrir íslenskt verkafólk virðast vera margþættar, en einkum er nefnt til sögu skipulag vinnutímans, sem er annað en hér hefur tíðkast, og laun sem fela ekki í sér yfirgreiðslur með sama hætti og tíðkaðist við virkjanaframkvæmdir á hálendinu fyrr á árum og gerðu þá störfin mjög eftirsóknarverð. Þá spilar einnig inn í að nú er krafist sérhæfðari reynslu og verkmenntunar sem ekki virðist nægilegt framboð á meðal Íslendinga sem eru á atvinnuleysisskrá.

Frá efnahagssjónarmiði er það jákvætt að ekki hefur skapast óeðlileg keppni um vinnuafl við Kárahnjúka. Sú skoðun á ekki lengur hljómgrunn í þjóðfélaginu að stundarávinningur einstrakra launþegahópa geti komið í staðinn fyrir stöðugleika sem í reynd er besta tryggingin fyrir vaxandi kaupmætti. Ef verkalýðsforingjar sakna þeirra tíma þegar barist var um vinnuafl með tilheyrandi yfirboðum og launaskriði eru þeir á villigötum. Átti ekki þjóðarsáttin fyrir hálfum öðrum áratug að innsigla að slíkt óraunsæi væri liðin tíð?

Yfirlýsing Impregilo um að ekki sé unnt að ábyrgjast verklok framkvæmda á tilsettum tíma fái fyrirtækið ekki að ráða erlenda starfsmenn eins og það hefur óskað eftir kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Auðvitað felst í henni ákveðinn þrýstingur á opinbera aðila um útgáfu atvinnuleyfa en horfast verður í augu við að miklir hagsmunir eru í húfi, jafnt fyrir verktakann sem íslenska ríkið. Þau viðbrögð formanns Rafiðnaðarsambandsins hér í blaðinu í gær að þetta væru „hótanir í garð Íslendinga“ bera svip gamaldags viðleitni til að blanda þjóðernisrembingi inn á svið þar sem hann á ekkert erindi. Í rauninni er þetta mál einfalt. Ef Impregilo stendur við virkjanasamninginn á verkalýðshreyfingin að láta fyrirtækið í friði. Sé samningurinn ekki virtur er það skylda íslenska stjórnvalda að grípa inn í jafnvel þótt það skapi tímabundna óvissu um framgang verksins. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki í ESB

Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við HÍ, viðrar athyglisverð sjónarmið um íslensk utanríkissamskipti í viðtali við Viðskiptablaðið í gær. Hann telur að Íslendingar standi innan tíðar frammi fyrir tveimur kostum: að ganga í Evrópusambandið (ESB) eða standa utan við Evrópska efnahagssvæðið (EES). Ástæðan sé sú að EES eigi sér litla framtíð; yfirgnæfandi líkur séu á því að Norðmenn gangi í ESB innan tíu til fimmtán ára. Ragnari lýst ekki á aðild að ESB. „Það er tollmúrasamtök“, segir hann. Vegna ríkisafskiptastefnu og skipulags sambandsins sé hagvöxtur innan þess mjög lítill. Og Ragnar spyr: „Af hverju skyldi Ísland, sem hefur meiri hagvöxt en ESB, hærri meðaltekjur og nýtur ákveðins sjálfræðis og frjálsræðis, vilja ganga inn í þennan félagsskap?“

### EES veigalítið

Rök Ragnars gegn aðild að ESB eru ekki ný af nálinni. Aftur á móti eru ummæli hans um EES nýstárleg því þau ganga gegn „rétttrúnaði“ í öllum stjórnmálaflokkum landsins. Ragnar segir að í raun hafi EES-samningurinn ekki mikið gildi hvað tolla og markaðsaðgengi snertir. Tollar fari almennt lækkandi og séu nú mun lægri en þegar Ísland gekk í EES. Samningar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) tryggi að Evrópuríkin hækki ekki tolla. Telur Ragnar að við mundum njóta sömu tollfríðinda utan EES og samningurinn færir okkur nú. Þá bendir Ragnar á að land eins og Sviss, sem standi utan ESB og EES, hafi ekki beðið neitt tjón af því. Loks sé víða meiri hagvöxtur utan EES en innan þess. „Varðandi fisk má ekki gleyma því að ESB er mjög áfjáð í að flytja hann inn. Það eru ekki hagsmunir ESB að takmarka innflutning á fiski, nema hugsanlega á einstökum tegundum,“ segir Ragnar.

### Ekki góðir skólar

Ragnar viðurkennir að Íslendingar muni glata einhverjum réttindum með úrsögn úr EES, svo sem varðandi námsvist og skólagjöld í evrópskum skólum. En skólar í Evrópusambandslöndum séu almennt ekki góðir og því ekki mikils að sakna.



gm@frettabladid.is

## Umbun án árangurs

Á síðari hluta 20. aldar óx þeirri kenningu fiskur um hrygg, að hagur hlutabréfaeigenda í stórfyrirtækjum yrði best og varanlegast tryggður með því að tengja laun stjórnendanna við fjárhagslegan árangur fyrirtækisins með því að gefa þeim kost á kaupauka í formi hlutabréfa í fyrirtækinu. Þeir mundu þá einbeita sér að því að haga stjórn fyrirtækisins með þeim hætti að verðmæti hlutabréfanna ykist jafnt og þétt og allir græddu: hlutabréfaeigendur, þjóðarbúið, og ekki síst starfsmenn, sem gætu gert kröfu til hlutdeildar í ofurgróða hinna vel reknu fyrirtækja

En eitthvað fór úrskeiðis. Á sama tíma og kaupmáttur launa iðnaðarverkafólks stóð í stað í Bandaríkjunum, nítugfölduðust laun stjórnenda fyrirtækjanna. Og á slaka tímabilinu árin 2000-2003 kom í ljós, að meðan hlutabréf fyrirtækjanna 500 í S&P vísitölunni lækkuðu að verðgildi milli 9% og 22% höfðu laun og fríðindi stjórnenda stórfyrirtækja raunverulega hækkað að mun. Engin fylgni reyndist milli umbunar og árangurs stjórnenda fyrirtækjanna!

Grundvallarskyssan að baki þessari þróun reyndist vera sú að gefa stjórnendum kost á svo og svo mikilli umbun í formi hlutabréfa ef tilteknu marki væri náð um bættan hag fyrirtækisins. Hlutabréf hækka í verði af mörgum ástæðum, sem lítið eða ekki tengjast rekstrarárangri stjórnenda fyrirtækjanna, sérstaklega þegar hlutabréfabröskurum tekst að skrúfa upp væntingar á mörkuðunum langt umfram það sem raunverulegt verðgildi fyrirtækjanna stendur undir.

Hættan er líka sú að stjórnendur fyrirtækjanna taki að einblína á aukið verðgildi hlutabréfanna sem æðsta takmark fyrirtækisins. Og í ljós hefur komið að hugmyndaríkir forstjórar eiga auðvelt með að finna bókhaldslegar útkomuleiðir, sem dylja raunverulegan hag fyrirtækisins en auka áhuga braskaranna í kauphöllinni, sem þá taka óafvitandi þátt í að skrúfa áfram upp verðið og svo koll af kolli. Einnig kom í ljós að forstjórar áttu auðvelt með að tímasetja tilkynningar um hag fyrirtækisins með þeim hætti að auka líkur á hækkandi skammtímagengi bréfa, sem þeir síðan seldu og hirtu gróðann áður en bréfin féllu aftur í verði.

Iðulega var verðgildi forkaupsréttar forstjóranna á hlutabréfum svo óljóst, að flestir hluthafanna gengu þess duldir hvað raunverulega fólst í launasamningum við þá, en vöknuðu við vondan draum,

Í DAG
SVEIGJANLEGUR VINNUMARKAÐUR

ÓLAFUR HANNIBALSSON



> **Forstjórar gera sífellt meiri og harðari kröfur um atvinnuöryggi, biðlaun, eftirlaun og fríðindi - óháð árangri.**

þegar fjölmiðlar upplýstu málin og í ljós kom í mörgum tilfellum að svo slapplega hafði verið staðið að málum, að það sem átti að verða „umbun í samræmi við árangur“ varð að „umbun án árangurs“. Þetta þætti klénn árangur hjá vinnuveitendum í samningum við launþegafélög!

Önnur vinsæl kenning meðal rétttrúaðra markaðshyggjumanna er sú, að því frjálsari sem vinnumarkaðurinn er því auðveldara sé að halda uppi fullri atvinnu, framleiðni og hagvexti.

Fyrirtækin þurfi að geta dregist sundur og saman eins og harmonikkur eftir aðstæðum markaðarins. Því auðveldara sem sé að ráða fólk og reka, haga launum eftir framboði og eftirspurn vinnuafls og draga úr fríðindum (svo sem uppsagnarfresti og orlofsrétti ýmiss konar) sem samtök launafólks hafa náð að tryggja því í tímans rás, því skilvirkara verði hagkerfið og nær því að starfa með fullum afköstum. Er þá gjarnan bent á hagkerfi Bandaríkjanna og Evrópu sem andstæður. Í Ameríku gangi allt á fullum dampi, en á hinum niðurnjörvaða vinnumarkaði Evrópu sé viðvarandi atvinnuleysi iðulega mælt í tveggja stafa tölum og þá einkum meðal ungs fólks, sem eigi yfirleitt í mesta basli með að komast inn á vinnumarkaðinn. Evrópskir fyrirtækjastjórnendur hljóti að verða svifaseinir gagnvart dyntum markaðarins, há launatengd gjöld fylgi hverjum nýjum starfsmanni, langir uppsagnarfrestir geri erfitt að draga saman í skyndi þegar við á, atvinnuöryggið dragi úr afköstum o.s.frv.

Því skýtur dálítið skökku við að á hinum enda launaskalans verður allt annað uppi á teningnum. Forstjórar gera sífellt meiri og harðari kröfur um atvinnuöryggi, biðlaun, eftirlaun og fríðindi sem í raun eru óháð árangri, þótt öðruvísi sé látið líta út á pappírnum. Hvað eftir annað verðum við vitni að því að fyrirtæki, jafnt einkafyrirtæki sem opinber, eigi í mesta basli að losna við forstjóra, þótt reynst hafi óhæfur, jafnvel brotlegur, í starfi vegna alls kyns „fallhlífarákvæða“ í ráðningarsamningi, ríflegra biðlauna, bóta sem nema mörgum árslaunum vegna óþæginda, sem hann verður fyrir við uppsögn, eftirlaun með alls konar fríðindum, sem reynast mörgu fyrirtækinu þungur baggi eftir því sem menn gerast langlífari. Sumir þeir forstjórar sem mest hafa verið útbásúnaðir fyrir tæra stjórnunarsnilld hafa nýtt sér þann orðstír til að leggjast á líkama fyrirtækja sinna eins og sníkjudýr og sjúga úr þeim lífsþróttinn meðan þeir geta dregið andann.

Þetta er hollt að hafa í huga næst þegar við heyrum kenningar um kosti hins frjálsa vinnumarkaðar. Af hverju skyldi kenningin aðeins gilda um annan enda launaskalans? ■











FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Kárahnjúkar: Endalok markaðslaunasamninga?

UMRÆÐAN
KJÖR VIÐ KÁRAHNJÚKA



GUÐMUNDUR GUNNARSSON
FORM. RAFIÐNAÐARSAMBANDSINS

Það hefur oft verið talið að íslenskir kjarasamningar hafi einkennst af sveigjanleika umfram mörg önnur lönd og verið ein helsta ástæða þess hversu vel okkur hafi tekist að byggja upp með markvissum hætti kaupmátt hér á landi. Þetta hefur ekki síst verið álit atvinnurekenda. Þar hafa menn bent á hina svokölluðu markaðslaunasamninga sem gott framtak af hálfu verkalýðsfélaganna. Þar er einungis kveðið á um gólf með strípuðum lágmarkslaunataxta. Öll vitum við að á markaði hafa gilt hér laun sem markast af getu og hæfni starfsmanna. Einungis byrjendur og tiltölulega örfáir hafa verið á umræddum lágmarkstöxtum. Nú er þessi staða að breytast. Fyrirtæki hér á landi eru í vaxandi mæli með Impregilo og SA í broddi fylkingar að breyta þessu. Þau nota þessa lágmarkstaxta fyrir vel menntaða starfsmenn með víðtæka margra ára reynslu við sérhæfð störf m.a. við byggingu virkjana. Sama gildir reyndar um vaxandi fjölda annarra starfa í þjóðfélaginu.

> **Afstaða Samtaka atvinnulífsins í þessu máli vekur ætíð mikla undrun, því hún gengur sannarlega í berhögg við hagsmuni yfirgnæfandi fjölda aðildarfyrirtækja samtakanna.**

Þetta er að breyta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, þau mega sín einskis gegn þeim fyrirtækjum sem nýta sér þessa möguleika. Afstaða Samtaka atvinnulífsins í þessu máli vekur ætíð mikla undrun, því hún gengur sannarlega í berhögg við hagsmuni yfirgnæfandi fjölda aðildarfyrirtækja samtakanna. Forsvarsmenn SA ganga erinda örfárra innlendra stórfyrirtækja og svo erlendra fyrirtækja sem eru að hasla sér völl hér á landi. Það eru notaðar kunnar upphrópanir gegn málflutningi launafólks eins og „Pólitískar bomdur", og vikist er undan því að fjalla um grundvallaratriði þessa máls. Sem er fyrst og síðast samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja og kjör þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi.

Þetta mun leiða til þess að stéttarfélögin munu í nóvember næstkomandi endurskoða launakerfi almennra kjarasamninga og hverfa frá markaðslaunasamningum yfir í niðurnegld launakerfi. Sveigjanleiki íslenskra kjarasamninga mun því hverfa og geirnegld launakerfi með lágmarkslaunum sem eru í grennd við almenn launakjör hér á landi sett inn í þá. Reyndar sér maður að þetta er svona víða erlendis, líklega sakir þess að félagar okkar hafa þegar gengið í gegnum samskonar hremmingar og við erum að upplifa hérlendis þessa dagana. Ég trúi því ekki að framkvæmdastjóri SA sé að tala fyrir hönd hinna almennu félagsmanna Samtaka atvinnulífsins. ■

# Undirboð eru eðlileg



FRIÐBJÖRN ORRI KETILSSON

Samkeppni á markaði er heilbrigð og eðlileg. Gildir þar einu hvort fyrirtæki keppa sín á milli eða launþegar. Samkeppnin snýst um að bjóða sem besta þjónustu á sem lægsta verði. Því er að öllu jöfnu talið eðlilegt að sá sem best getur boðið verði hlutskarpastur. Forðast ber að horfa á vinnumarkað sem lokað svæði. Verkamenn, menntamenn og aðrir hafa frá upphafi tíma ferðast á milli svæða og sótt þangað vinnu ef litla vinnu eða bágindi er að finna í heimalandinu. Besta dæmið um þetta er þegar stór hluti íslensku þjóðarinnar fluttist búferlum til Kanada í leit að vinnu, mat og betra lífi vegna skorts hér á landi.

Frá því að Íslendingarnir fóru vestur um haf hefur ekkert breyst hvað varðar eðli málsins. Verkalýðsfélög reyna hvað þau geta til að beita fyrirtæki og stjórnvöld þvingunum til að halda vinnulaunum í hámarki. Þeir ganga jafnvel svo langt að krefjast stjórnvaldsaðgerða til að þvinga tiltekin fyrirtæki til að greiða hærri laun en samningar þeirra kveða á um. Þeir reyna að hindra útlendinga frá því að fá hér vinnu, reyna að fá undarlegustu hluti samþykkta í lög og svo mætti lengi telja. Til dæmis eru launþegar þeir einu sem hafa lögverndaðan rétt á því að brjóta gerða samninga, nefna þeir þann rétt verkfallsrétt.

Sú tíska er orðin þreytt að nefna í sífellu krónutölur þegar rætt er um laun erlendra verkamanna. Verkamenn sem koma hingað frá fjarlægum löndum til að vinna tiltekið verk senda laun sín heim til fjölskyldna sinna þar sem kaupmáttur hverrar krónu er margfaldur á við hér landi. Verkalýðsfélögum væri nær að tala um hvernig tekjur erlendu verkamannanna koma út í heimalandi þeirra samanborið við sambærilega vinnu þar í landi. Getur verið að þeir hafi það margfalt betra? Getur hugsast að þeir séu meira en til í að vinna á umsömdum launum? Hver sem svörin kunna að vera við þessum spurningum er réttur þeirra helgur að semja sjálfir um kjör sín og fá frelsi frá þvingandi samningum íslenskra verkalýðsfélaga. Gefa þarf fólki möguleika á að finna lífshamingjuna og skapa sér og sínum betri morgundag. Frelsið er forsenda framfara nú sem áður. Opna þarf markaði og hleypa inn í landið velviljuðu fólki sem leitar hamingjunnar, rétt eins og Íslendingum var hleypt inn í Kanada þegar þörfin var sem mest.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Frjálshyggjufélagsins.*



# Íþróttafréttamenn ekki traustsins verðir

ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR
NESKAUPSTAÐ SKRIFAR UM VAL Á ÍÞRÓTTAMANNI ÁRSINS

Það er ekki að ástæðulausu að menn hafa skiptar skoðanir á vali íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins. Íslendingar fylgjast mikið með sínum íþróttamönnum, hvort sem þeir leika með einhverju neðstu deildar liði eða eru í fremstu röð í heiminum. Það þurfti ekki að koma neinum á óvart sem hefur fylgst með þessari karla- og fótboltaklíku, sem sá félagsskapur er, hver varð fyrir valinu. En mér finnst mörgum gleymast að það er himinn og jörð á milli þess að vera áhugamaður á Íslandi eða leika í enskri úrvalsdeild með 6 milljónir í laun á viku.

Ég talaði um karla- og fótboltaklíkuna sem valdi þennan frægasta Íslandsson sem íþróttamann ársins. Þetta eiga að heita „fréttamenn“; mér dettur í hug hvort þeir séu svo blindaðir af boltanum að þeir hafi ekki heyrt um frammistöðu Kristínar Rósar Hákonardóttur á Ólympíuleikum fatlaðra, ekki heyrt talað um þá viðurkenningu sem Sjónvarpsstöðin Eurosport, í samstarfi við Alþjóðaólympíuhreyfinguna (IOC), hefur frá árinu 2000 veitt til þeirra íþróttamanna í Evrópu sem skarað hafa fram úr í hinum ýmsu íþróttagreinum. Í ár tilnefndu 28 alþjóðasambönd alls 54 íþróttamenn vegna framúrskarandi árangurs á árinu og veittu þessir einstaklingar viðurkenningum sínum viðtöku í hófi sem haldið var þeim til heiðurs hinn 18. október sl. í höfuðstöðvum IOC í Lausanne í Sviss. Meðal þeirra íþróttamanna sem viðurkenningu hlutu var Kristín Rós Hákonardóttir sem var tilnefnd til þessara verðlauna af hálfu Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra (IPC) ásamt knapanum Lee Pearson frá Bretlandi en þetta var í fyrsta sinn sem fatlaðir íþróttamenn voru meðal þeirra sem viðurkenningar hljóta. Og Kristín Rós hefur ekki 6 milljónir á viku til að stunda sína íþrótt. Kristín Rós er meistari á heimsvísu, en Eiður Smári er launaður félagsmaður, sem mér vitandi hefur ekki unnið til meistaratitils í sinni grein.

Formaður þessara samtaka varði þetta val af mikilli hörku á Rás 2 fyrir nokkrum dögum. Rausaði upp úr sér tölum um hvað hefðu verið margir ófatlaðir í Aþenu og síðan hvað fáir fatlaðir. Honum láðist að geta hve margir ófatlaðir afreksmenn í íþróttunum eru í heiminum, ef það er þá til nokkur tala um það, og hvað margir af þeim komast á Ólympíuleikana! Ég hef það á tilfinningunni að þegar öll kurl koma til grafar þá sé hlutfallið fötluðum ekki í óhag. Þeirra sigrar hafa verið, að margra mati, margfaldir á við sigra ófatlaðra, sem eiga þó allt gott skilið.

En þekking og hlutleysi „karla- og fótboltaklíkunnar“ sem ég hef áður leyft mér að kalla svo er náttúrlega miklu meiri og vísari en samherjar þeirra sem velja fyrir hönd Alþjóðaólympíuhreyfinguna (IOC) og Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra (IPC)

Það skal tekið fram svo ekki gæti misskilnings að Eiður Smári er afbragðs íþróttamaður og örugglega drengur góður og þessar línur eru ekki skrifaðar honum til hnjóðs, en það hefði átt að velja hann á öðrum vettvangi. ■

## AF NETINU

### Endurskoðun stjórnarskrárinnar

Nálgun forsætisráðherra í þessu máli, þ.e. að binda endurskoðunina [á stjórnarskránni] einkum við þá kafla hennar sem fjalla um forseta Íslands, ríkisstjórn og dómsvaldið er nokkuð athyglisverð. Sérstaklega er hún athyglisverð í ljósi umræðunnar á undanförnum misserum. Í þeirri umræðu hefur mikið verið rætt þjóðaratkvæðagreiðslur, þ.e. hvort fella eigi út svonefndan málskotsrétt forseta og setja inn ákvæði þar sem tiltekinn hluti kosningabærra manna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Afar líklegt er að ákvæði þess efnis að ákveðinn hluti kosningabærra manna, eða ákveðinn hluti þingmanna, geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, muni ekki verða í I., II. eða V. kafla stjórnarskrárinnar. Slík ákvæði eiga heima í III. kafla stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um kosningar til Alþingis, eða þá IV. kafla hennar þar sem fjallað er almennt um Alþingi, þ.e. starfskipan o.fl. Í dönsku stjórnarskránni er að finna ákvæði um að þriðjungur þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt lagafrumvörp. Þetta á reyndar ekki við um öll frumvörp, t.d. ekki um fjárlög, skattalög o.fl. Ákvæði þetta er í þeim kafla dönsku stjórnarskrárinnar sem fjallar um þingið, þ.e. sem samsvarar IV. kafla í íslensku stjórnarskránni. Af ofangreindu má líklega ráða að ef einlægur vilji stendur til þess að setja í íslensku stjórnarskrána ákvæði um heimildir borgaranna, eða minnihluta þingmanna, til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök samþykkt lagafrumvörp þá geti endurskoðun á henni ekki aðeins miðast við I., II. og V. kafla hennar. Hugsanleg ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu eiga nefnilega heima í III. eða IV. kafla hennar.

**Arnar Þór Stefánsson á deiglan.com**

### Allt að verða uppselt

Seltjarnarnesið er ... landminnsta sveitarfélagið á Íslandi, aðeins um 2 ferkílómetrar að flatarmáli og fyrsta sveitarfélagið sem kemst í þá nýstárlegu og merkilegu stöðu að allt er að verða „uppselt“, þ.e. reitir sem eru eftir til að byggja á eru að verða fullnýttir. Þessi nýstárlega staða krefst þess því enn frekar en ella að bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi nái sátt við íbúana um síðustu möguleikana á uppbyggingu og að afar vel takist til. Að því verki verða forystumenn í bæjarstjórninni að koma með opnum huga.

**Siv Friðleifsdóttir á siv.is**



Flugþjónustunám
- nám fyrir verðandi flugfreyjur og flugþjóna

Námið er undirbúningur fyrir þá sem vilja starfa sem flugfreyjur eða flugþjónar og er skipulagt í samstarfi við flugfélög á Íslandi. Markmið námsins er að undirbúa nemendur undir störf í farþegarými flugvéla.

Námið er ein önn, 17 vikur og hefst 10. janúar 2005. Kennt er síðdegis fjóra virka daga vikunnar og frá hádegi á föstudögum.

**Umsækjendur þurfa að vera fæddir 1984 eða fyrr, hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi og hafa gott vald á íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.**

**Vegna forfalla getum við bætt við örfáum nemendum.** Umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteinum og mynd. **Umsóknir má fá á heimasíðunni www.mk.is**

HÉR & NÚ / SÍA

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM

Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg • sími 594 4029
fax 594 4021 • netfang: hhp@mk.is • heimasíða: www.mk.is

MAÐUR VIKUNNAR

# Seigur og lipur

ÞORSTEINN PÁLSSON
SENDIHERRA

Það kom mörgum á óvart þegar Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Kaupmannahöfn, var skipaður í stjórnarskrárnefnd, eini nefndarmaðurinn sem er embættismaður en ekki starfandi stjórnmálamaður. Þessi skipan hefur ýtt undir sögusagnir um að Þorsteinn muni senn snúa heim til Íslands og til nýrra starfa. Fyrir skömmu var eiginkona hans, Ingibjörg Rafnar, ráðin umboðsmaður barna. Vinirþeirra hjóna segja þau einkar samrýnd og telja afar ólíklegt að Þorsteinn vilji búa áfram í Danmörku, aðskilinn frá konu sinni.



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERK.IS

Þorsteinn er fæddur árið 1947 á Selfossi og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1974. Um nær tíu ára skeið starfaði hann sem blaðamaður, fyrst á Morgunblaðinu og síðan sem ritstjóri Vísis. Hann varð framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands árið 1979. Margir hrifust af framgöngu hans í því starfi, hann þótti rökfastur og flytja mál sitt vel og af yfirvegun. Hann kvaddi Vinnuveitendasambandið árið 1983 til að gerast þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður flokksins. Hann varð fjármálaráðherra árið 1985 og síðan ráðherra Hagstofu Íslands og iðnaðarráðherra.

Formennska hans í Sjálfstæðisflokknum var enginn dans á rósum. Albert Guðmundsson gekk úr flokknum, stofnaði Borgaraflokkinn og vann glæsilegan sigur í þingkosningum árið 1987. Fylgistap Sjálfstæðisflokks var mikið en þrátt fyrir það var mynduð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks. Þorsteinn Pálsson var orðinn forsætisráðherra, einungis fertugur að aldri.

Ári seinna, 1988, var ríkisstjórn hans sprengd í beinni útsendingu í sjónvarpi, eins og frægt er orðið, þegar Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson sögðu að ekki væri hægt að halda stjórnarsamstarfinu áfram og kenndu um samstarfserfiðleikum við Þorstein. Davíð Oddsson hirti síðan af honum formannssætið í Sjálfstæðisflokknum í hörðum kosningum á landsfundi árið 1991. Stuðningsmenn Þorsteins sögðu mótframboð Davíðs ódrengilegt en stuðningsmenn Davíðs sögðu að frammistaða Þorsteins í

formannsembætti hefði borið með sér að hann hefði ekki nægan pólitískan kraft til að gegna því. Kannski var Þorsteinn of ungur og reynslulaus þegar hann varð formaður og forsætisráðherra, allavega virðist sem hann hafi ekki haft til að bera næg pólitísk klókindi.

Þorsteinn varð síðan sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra í ríkisstjórn Davíðs. Hann lét af ráðherraembætti árið 1999 til að verða sendiherra í London og síðan í Kaupmannahöfn.

Jón Baldvin Hannibalsson kvartaði undan því á sínum tíma að Þorsteinn væri lítill gleðimaður sem vildi fremur vera heima en skemmta sér með hinum strákunum í ríkisstjórninni. Þorsteinn er sagður dulur maður og einrænn. Sumir kvarta undan því að hann hafi ekki næga útgeislun, virki þurr á manninn og jafnvel leiðinlegur. Þeir sem þekkja Þorstein segja þetta rangt mat, Þorsteinn hafi kannski ekki áberandi mikla útgeislun á opinberum vettvangi en hann hafi ákaflega hlýja og góða nærveru, eins og þeir kynnist sem umgangist hann reglulega.

Þorsteinn er hæverskur og hið mesta prúðmenni. Róttæk blómaskreytingarkona í blómabúð hafði ekki miklar mætur á þessum ráðherra íhaldsins en öðlaðist algjörlega nýja sýn á hann þegar hann gekk inn í búðina. Þar mætti hún kurteisum og háttvísum manni sem hún minnist enn, mörgum árum seinna, sem hins fullkomna viðskiptavinar.

„Hann er seigur og lipur, orðinn yfirvegaður með árunum og lagafróður,“ segir fyrrum andstæðingur Þorsteins í pólitík, sem fagnar setu hans í stjórnarskrárnefnd. Þorsteinn hefur staðið sig vel í sendiherraembætti en nú er veðjað á heimkomu hans. Kunnugir telja nær útilokað að hann snúi aftur í pólitík. Blaðamennskan kann hins vegar að heilla hann. Einhverjir eru þegar farnir að veðja á hann sem ritstjóra Morgunblaðsins. Tíminn mun leiða í ljós hvort sú spá rætist. ■

## AF NETINU

### Mesta þarfleysan

Stöð 2 var með frétt um að ekkert hefði ennþá orðið af því að skaffa landsbyggðarþingmönnum aðstoðarmenn eins og samþykkt var við síðustu kjördæmabreytingu. Það var aldeilis þörf á að rifja þetta þjóðþrifamál upp. Um leið kom reyndar fram að eitthvað af peningunum sem áttu að fara í þetta eru þegar komnir í umferð hjá flokkunum – eða það skildist mér á viðtali við Einar Kr. Guðfinnsson. Annars er þetta einhver mesta þarfleysa í sögu Alþingis – og er þó af nógu að taka. Þingmenn eru meira eða minna í fríi allt árið, flestir þeirra eru mjög verklitlir – það er verið að búa til vinnu fyrir þá með því að senda þá út og suður í alþjóðlegt samstarf. Þegar þeir eru heima eru þeir svo að kokka upp mál eins og að setja fánann í þingsal, breyta þjóðsöngnum og banna auglýsingar á óhollum mat. Það þarf enga aðstoðarmenn í þesshàttar.

**Egill Helgason á visir.is**

### Ríkisstjórnin að springa?

Hvenær byrjuðu menn fyrst að spá því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins myndi springa? Þetta er þriðja ríkisstjórn flokkanna í röð og ég held að ég hafi alveg örugglega heyrt svona spádóma fyrst áður en fyrsta kjörtímabilið var á enda, 1999. Síðan heyrist þetta reglulega og spádómarnir tóku kipp eftir stólaskiptin í haust. Nú geta menn haft sínar skoðanir á þessari ríkisstjórn en ég hef aldrei skilið þessar pælingar um stjórnarslit. Þeim fylgja frasar eins og „valdþreyta“, sem raunar er líka notaður í annarri merkingu og fær þá heldur meira vægi, og að „þreyta og pirringur“ sé „á stjórnarheimilinu.“ – Mér er þetta algjörlega óskiljanlegt. Öll þessi ár hefur aldrei neitt gerst sem bent hefur til yfirvofandi stjórnarslita, ekki minnsti vottur af hættu um slíkt hefur nokkurn tíma legið í loftinu.

**Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.433* **+1,61%**

**Fjöldi viðskipta:** 274
**Velta:** 2.390 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 5,00% | **Actavis** | -0,78% |
| **KB banki** | 3,72% | **Straumur** | -0,53% |
| **Og fjarskipti** | 2,17% | **Jarðboranir** | -0,50% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 38,20 -0,78% ... Atorka 5,75 – ... Bakkavör 25,20 +5,00% ... Burðarás 11,90 – ... Flugleiðir 10,00 +1,01% ... Íslandsbanki 11,00 – ... KB banki 474,00 +3,72% ... Kögun 47,00 +1,51% ... Landsbankinn 11,95 -0,42% ... Marel 48,70 -0,20% ... Medcare 6,02 -0,50% ... Og fjarskipti 3,30 +2,17% ... Samherji 10,90 – ... Straumur 9,35 -0,53% ... Össur 75,50

***Tölurnar eru frá kl. 15.00 í gær.**

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Útlendingarnir hugsa lengur

Forstjóri Össurar, Jón Sigurðsson, var gestur Greiningar Íslandsbanka á afkomuspárfundi bankans. Jón kynnti lauslega það helsta sem fyrirtækið fæst við og reynslu þess af erlendum fjárfestum. Hann sagði erlenda fjárfesta ekki þolinmóðari en innlenda í sjálfu sér og Íslendingar væru ekki síður faglegir í fjárfestingum sínum. Helst mætti segja að munurinn lægi í því hversu langan tíma erlendu fjárfestarnir tækju sér í að taka ákvörðun. Ákvörðun sem Íslendingar tækju á nokkrum dögum eða viku tæki nokkra mánuði hjá erlendum fjárfestum. Jón sagði það hins vegar tvímælalaust hafa mikla kosti í för með sér að hafa erlenda fagfjárfesta í hluthafahópnum, en stjórnendur yrðu að vanda sig til að tryggja að allir hluthafar fengju upplýsingar á sama tíma.



Jón sagði að samkvæmt sinni reynslu hefði hlutabréfamarkaði á Íslandi fleygt fram og siðferði á markaðnum væri ekki síðra hér en á hlutabréfamarkaði á Norðurlöndunum.

### Stoðtæki stjórnmálamanna

Jón kynnti tæknina í framleiðslu Össurar á tölvustýrðu hné sem fyrirtækið hefur nýlega kynnt. Hnéð forritar sig sjálft og lærir á notanda sinn og sér fyrir næstu hreyfingar hans. Það hefur því „vit" á því sem notandinn gerir næst. Á grundvelli þessarar tækni hyggst félagið framleiða fleiri vörur. Framtíðarmúsíkin er stoðtæki sem hægt verði að tengja við taugakerfi notandans. Slíkt er þó ekki í sjónmáli.

Jón var spurður um regluumhverfi fyrirtækja, en stjórnmálamenn hafa viljað gera bragarbót á því. Jón sagði umhverfið gott og mátti skilja að hann teldi ekki þörf á breytingum. Einhverjir höfðu á orði hvort fyrirtækið þyrfti ekki að fara að hanna gervihöfuð fyrir stjórnmálamenn sem forritaði sig sjálft og hefði vit fyrir þeim í hverju skrefi.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Og Vodafone** tilkynnti í gær um skipulagsbreytingar hjá félaginu. **Viðar Þorkelsson** verður aðstoðarforstjóri félagsins. Tveir stjórnendur hverfa á braut.

**Kauphöllin** tilkynnti í gær að nú þurfa félög sem skráð eru í **Úrvalsvísitöluna** að gefa út tilkynningar sínar á ensku jafnhliða íslensku.

Lyfjafyrirtækið **Actavis** hefur undirritað samning við **Háskóla Íslands** sem felur í sér að stofnaður er sjóður til styrktar nemendum við skólann.

Hluthafafundir útgerðarfélaganna **HB Granda** og **Tanga** samþykktu í gær samruna félaganna. Hlutafé **HB Granda** hækkar um 227,7 milljónir að nafnvirði.

# Minni hækkun hlutabréfa í ár

**Greiningardeildir gera ráð fyrir mun minni hagnaði af hlutabréfaeign á þessu ári en í fyrra. Almennt eru horfur í rekstri fyrirtækja nokkuð góðar fyrir árið og lækkun á verði hlutabréfa talin ólíkleg.**

KB banki mun skila mestum hagnaði skráðra fyrirtækja árin 2004 og 2005 samkvæmt spá greiningardeilda Íslandsbanka og Landsbankans. Hagnaður KB banka í ár verður samkvæmt spánum á bilinu 15,2 til 18,5 milljarðar fyrir árið 2005. Greining Íslandsbanka býst við tapi á fjórða ársfjórðungi ársins 2004 hjá Landsbankanum vegna lakara gengis á hlutabréfamarkaði. Landsbankinn gerir ráð fyrir neikvæðum áhrifum hlutabréfaverðs á afkomu KB banka á síðasta fjórðungi, en minni á Íslandsbanka sem hefur dregið verulega úr hlutabréfaeign sinni innanlands. Fjármálafyrirtæki munu að öllum líkindum njóta mun minni gengishagnaðar á þessu ári, en á því síðasta.

Greiningardeildirnar eru tiltölulega bjartsýnar fyrir hönd hlutabréfamarkaðarins fyrir komandi ár. Ekki er talin von til þess að árið í ár verði í nokkurri líkingu við árið í fyrra sem var metár í hækkun hlutabréfa.

Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að hækkun hlutabréfa verði fimmtán prósent á árinu og telur miklar hækkanir síðasta árs í samræmi við væntingar um hagnað þeirra á árinu. Þannig hafi kennitölur svo sem hlutfall hagnaðar og virðis og arðsemi eiginfjár ekki breyst að verulegu marki þrátt fyrir miklar hækkanir á árinu.

Atli Guðmundsson sérfræðingur Greining Íslandsbanka segir útrás fyrirtækja ráða miklu um framhaldið á hlutabréfamarkaði. Hún verði stóra málið, líkt og á síðasta ári. Hann segir skamma reynslu komna á útrásina og því fylgi varnaðarorð um að hugsanlega vanmeti menn áhættuna af útrásarverkefnum. Útrás bankanna, skráning Actavis í London og yfirtaka Bakkavarar á Geest er meðal þess sem líklegt er til þess að hafa áhrif á þróun hlutabréfaverðs á árinu. **haflidi@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SPÁÐ Í FRAMTÍÐINA** Fjárfestar spáðu í spilin á morgunverðarfundi Íslandsbanka í gær. Þeir horfa tiltölulega bjartsýnir til þróunar hlutabréfaverðs á árinu 2005. Ekki er þó talið líklegt að hækkun á markaði verði í líkingu við reynsluna síðustu tvö ár.

Útsalan
er hafin!
25% 30% 40% 50% 60%
Allt að 70% afsláttur!
heimilistæki • hársnyrtitæki • ljósaseríur • pottar • pönnur
baðvogir • eldhúsvogir • rafmagnsverkfæri • handverkfæri
ljósaseríur • borðbúnaður • eldhúsáhöld • hitabrúsar
eldföst mót • vasar • ljósaseríur • gjafavara
Vörur á útsölu í öllum deildum.
Rýmum fyrir nýjum vörum,
seljum yfirlagera og útlitsgallaðar vörur.
byggtogbúið
Smáralind 554 7760
Kringlunni 568 9400
Útsölubúðin þín!

EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI

# Í DAG, Á MORGUN

## NÝR TOYOTA Á TILBOÐI




### RAV4, 2,0 l

Tilboðsverð **2.590.000** kr.

RAV4 er fáanlegur í fimm dyra útfærslu, 2,0 l 4WD og í svokallaðri EXE-útfærslu. Báðar eru ríkulega búnar staðalbúnaði og má þar nefna ABS-hemlakerfi með EBD, hemlunarhjálp (BA), útvarpsfjarstýringu í stýri, geislaspilara, hita í sætum, SRS-hliðarloftpúða og loftpúðatjöld til viðbótar við SRS-loftpúðana í framsætunum.

*Bílasamningur Glitnis með 10% út og eftirstöðvar í 84 mánuði.
50% erlend/50% íslensk mynt, 34.200 kr.




### Corolla Sedan, 1,4 l

Tilboðsverð **1.709.000** kr.

Corolla er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði og má þar nefna fjóra loftpúða fyrir ökumann og farþega, ABS-hemlakerfi, krumpusvæði, Optitron-mæla í mælaborði og útvarpsfjarstýringu í stýri, svo fátt eitt sé nefnt. Það er sama hvaða gerð Corolla höfðar til þín, falleg hönnun, öryggi, framúrskarandi aksturseiginleikar og frábært verð einkenna þær allar.

*Bílasamningur Glitnis með 10% út og eftirstöðvar í 84 mánuði.
50% erlend/50% íslensk mynt, 22.600 kr.

**Þessi tilboð eiga enga sína líka.**
**Núna eignast þú nýjan Toyota!**

Í samstarfi við Glitnir

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 26858 12/2004

www.toyota.is

# OG ALLAN JANÚAR

## NÝR TOYOTA Á TILBOÐI




*Aukabúnaður á mynd, álfelgur*

### Avensis SD, 1,8 l,

Í Avensis upplifir þú framúrskarandi afköst og nýtur gríðarlega mikils staðalbúnaðar. Innri hönnun bílsins einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum, tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómflutningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað.

Tilboðsverð **2.220.000** kr.

*Bílasamningur Glitnis með 10% út og eftirstöðvar í 84 mánuði.
50% erlend/50% íslensk mynt, 29.900 kr.




### Yaris 1,0 Terra, 5 dyra

Frumleiki endurspeglast í allri hönnun Yaris, hvort heldur sem litið er til straumlínulögunar, þægilega hárrar sætisstöðu, mismunandi sætastillinga eða snjallrar geymsluhönnunar. Yaris er hagkvæmur bíll sem hentar annasömu borgarlífi einstaklega vel. Þess vegna er Yaris hrein unun að horfa á, eiga og aka.

Tilboðsverð **1.269.000** kr.

*Bílasamningur Glitnis með 10% út og eftirstöðvar í 84 mánuði.
50% erlend/50% íslensk mynt, 16.850 kr.

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi<br>KÓPAVOGUR<br>Sími 570-5070 | Bílaleiga Húsavíkur<br>Garðarsbraut 66<br>HÚSAVÍK<br>Sími: 464-1888 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Bílatangi hf.<br>Suðurgötu 9<br>ÍSAFJÖRÐUR<br>Sími: 456-4580 | Bifreiðaverkstæði Borgþórs<br>Miðási 2<br>EGILSSTAÐIR<br>Sími: 471-1436 | Hraun sf.<br>Hafnarbraut 40<br>HÖFN<br>Sími: 478-1991 | Kristján Ólafsson<br>Höfðavegi 33<br>VESTMANNAEYJAR<br>Sími: 481-2323 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>260 REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Svona gera menn ekki – lengur. Það sjá allir sem vilja. Árið 2005 tala ekki einu sinni gamlir vinir og velunnarar um Moggann sem „blað allra landsmanna“. „*

***Pétur Gunnarsson, framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, á vefsíðunni Tímanum 4. janúar 2005.***

*„Hitastigið hefur ef eitthvað er farið hækkandi. Það eru svo sárafáir dagar og tímabil þar sem um löng kuldaköst er að ræða“.*

***Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, í DV 4. janúar um hvort ekki eigi að lækka hitareikninga vegna kulda.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu…

### Fimmtug með formannssvip

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,** varaformaður Samfylkingarinnar hélt upp á fimmtugsafmælið sitt með stæl á gamlársdag. Hundruð boðsgesta fjölmenntu í Listasafn Reykjavíkur. Einnar ræðu var beðið með nokkurri eftirvæntingu og var það ræða svila Ingibjargar Sólrúnar, **Össurar Skarphéðinssonar** en hann varð seinn fyrir vegna þátttöku í Kryddsíld Stöðvar 2. Ekki minntist Össur á væntanlegan formannsslag við svilkonu sína en hún hyggst sem kunnugt er brjóta sér leið að Kryddsíldarborðinu í stað Össurar að ári. Meiri athygli en ræða Össurar vakti hins vegar myndband sem **Björn Brynjúlfur Björnsson** kvikmyndagerðarmaður hafði hannað og þótti ýmsum sem þar væri minnt rækilega á að afmælisbarnið hefði formannssvip og jafnvel forsætisráðherra þar sem hún var sýnd vinna glæsta sigra og taka á móti erlendu stórmenni. Ímyndarhönnuðir munu svo vafalaust hafa jesúsað sig þegar DV birti ummæli formannskandídatsins um áramótaskaupið þar sem hún sagðist ekki hafa horft á það og ætlaði ekki að gera það. Hún hefur að minnsta kosti ekki fornu spekina sem hefur komið mörgum pólitíkus að notum, í huga: „In Rome do as the Romans do“.



### Einkum, ao: sér í lagi, aðallega, fyrst og fremst

**Pétur Gunnarsson** framkvæmdastjóri þingflokks framsóknarmanna vegur mann og annan í vefritinu Tímanum sem hann ritstýrir fyrir hönd flokksins. Fyrr í vikunni tók hann sína gömlu vinnuveitendur á Morgunblaðinu í karphúsið og sneri sér því næst að Samfylkingunni. Pétur tekur **Össur Skarphéðinsson** engum vettlingatökum og segir túlkun hans á skipunarbréfi stjórnarskrárnefndar fráleita. Össur hafði látið hafa eftir sér hér í Fréttablaðinu að hann undraðist að ekki ætti að fjalla um nema fyrsta, annan og fimmta kafla stjórnarskrárinnar. Bendir Pétur á að í skipunarbréfnu segi að „einkum“ eigi að athuga þessa kafla: „Orðið einkum er atviksorð og merkir, samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs: sér í lagi, aðallega, fyrst og fremst. Við vitum að þú ert ekki doktor í íslensku, Össur, en hvar lærðirðu eiginlega að lesa?“





## VIKA Í PÓLITÍK

ÁRNI SNÆVARR SKRIFAR

# Halldór og háttalag strútsins

Það var ekki létt yfir Halldóri Ásgrímssyni þennan dag, rétt fyrir jól þegar hann var svo vinsamlegur að veita mér viðtal í forsætisráðuneytinu. Nei, það var ekki létt yfir Halldóri en satt að segja er hann nú ekki kunnur af ofsakæti að minnsta kosti á opinberum vettvangi. Og erindið mitt var opinbert og háalvarlegt: að mæla stöðuna eftir fyrstu hundrað daga hans í embætti.

Ekki grunaði mig hins vegar að enn ætti eftir að syrta í álinn. Í miðju viðtali vitnaði ég til orða Halldórs örskömmu fyrir innrásina í Írak og sagði að engu væri líkara en þarna hefði hann tekið hreina U-beygju. Og það væri hreint ekki hans stíll í stjórnmálum.

Það þyngdist brúnin á Halldóri þegar ég las spurninguna og hann greip frammi í fyrir mér: „Átti þetta ekki að vera jólaviðtal?“ – svo vill til að hundrað daga afmælið var um jólin. „Voðalega hefur þú mikinn áhuga á Írak!“, bætti hann svo við í þvílíkum tón að ekki leyndi sér að hann teldi slíkan áhuga algjörlega óeðlilegan hjá íslenskum stjórnmálablaðamanni. Eftir þetta svaraði Halldór spurningum mínum stuttur í spuna.

Halldóri er gjarnan strítt á því að hann sé forsætisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Og víst á hann enn langt í land eftir sína rétt rúmu hundrað daga í embætti að fara í fötin hans Davíðs. Þótt margt megi segja um skap Davíðs Oddssonar og viðskipti hans við blaðamenn verður það ekki af honum skafið að ef hann á annað borð gefur sig í viðtal, hefur hann aldrei vikið sér undan spurningum eða reynt að drepa máli á dreif eins og Halldór hefur stundað á sínum pólitíska ferli.

Halldóri er bersýnilega ekki um það gefið að tala um Íraksmálið en margt bendir til þess að það muni ekki hverfa svo auðveldlega úr sinni landsmanna eins og skoðanakönnun Gallup sýndi á dögunum.

Þar eykst andstaðan og það þrátt fyrir að Halldór reyni að halda því fram að það jafngildi því að hætta við stuðning við enduruppbyggingu Íraks að hverfa af lista hinna staðföstu þjóða. Aðeins 16% framsóknarmanna styðja Halldór í málinu, 80% eru á öðru máli. Jafnvel forystumenn framsóknarmanna viðurkenna í einkasamtölum að þeim sé meinilla við stuðning Íslands við innrásina. Vikið hafi verið frá stuðningi flokksins við Sameinuðu þjóðirnar og fjölþjóðastofnanir sem greint hafi flokkinn frá sjálfstæðismönnum í utanríkisstefnu. Heimildir herma að Halldór hafi fallist með miklum semingi á stuðning Íslands við Írak.

Ljóst má vera að málflutningur Halldórs í Íraksmálinu fellur í grýttan jarðveg hjá 80% stuðningsmanna Framsóknar. 84% þjóðarinnar og 80% framsóknarmanna taka bersýnilega ekki mark á þeim ummælum Halldórs að ekki beri að ræða málið því það heyri fortíðinni til. Eins og einn háttsettur framsóknarmaður orðaði það við þetta blað (nafnlaust, sjálfsagt af ótta við ólund Halldórs): „Halldór tapar á Íraksmálinu, ekki Davíð.“ Háttalag strútsins, að grafa höfuðið í sandinn og segja að listi staðfastra þjóða skipti ekki lengur máli, er allavega ekki að skila Halldóri árangri.

a.snaevarr@frettabladid.is



**FJÖLMIÐLAMÁLIÐ** Forsetinn talaði um djúpa gjá þegar 62% voru á móti fjölmiðlafrumvarpinu.

# Meiri gjá í Íraksmáli en flestum öðrum málum

**84% eru á móti því að nafn Íslands sé á Írakslistanum í könnun Gallup en 62% voru á móti fjölmiðlafrumvarpinu. Meiri samstaða virðist um þessa andstöðu en flest annað í íslenskum þjóðmálum.**

Örfá dæmi eru um meiri stuðning við málefni í þjóðarpúlsi Gallup á síðasta ári en afstöðuna til veru Íslands á lista yfir hinar staðföstu þjóðir í Íraksstríðinu. 84% voru á móti því að Ísland væri á listanum samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup sem birtur var í vikunni. Þetta er miklu meiri andstaða en til dæmis við fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar. 62% sögðust andsnúin fjölmiðlafrumvarpinu í þjóðarpúlsi Gallup í júlí og 61% sammála ákvörðun forsetans um að neita að undirrita lögin. Þá ákvörðun rökstuddi Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, með því að „ekki væri farsælt að varanlega verði djúp gjá milli þingvilja og þjóðarvilja“.

Athyglisvert er að skoða um hvaða málefni hefur verið álíka samstaða og um andstöðuna við stuðning Íslands við Íraksstríðið. Rúmlega 87% þjóðarinnar vildu leyfa samkynhneigðum að gifta sig í Þjóðarpúlsinum í júlí. Þá sögðust 85% hafa jákvæða afstöðu til lækna í Þjóðarpúlsinum í ágúst og jafn hátt hlutfall treysti Háskóla Íslands í apríl. Andstaðan við kvótakerfið mældist hins vegar „aðeins“ 64% í október. Vitaskuld má svo finna meiri samstöðu í öðrum könnunum og nægir að nefna andstöðu 99% aðspurðra við samráð olíufélaganna í Fréttablaðskönnun í vetrarbyrjun.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, segir hins vegar að mikil andstaða við Íraksstríðið þurfi ekki að koma á óvart: „Kannanir hafa sýnt það að Íslendingar eru gjarnir á að láta í ljós andúð á hernaði og styðja ýmiss konar friðarstarfsemi. Dæmi um þetta er að árið 1987 var mikill meirihluti fylgjandi tillögunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, jafnvel þótt það myndi veikja NATO. Á sama tíma var mikill meirihluti fylgjandi aðild Íslands að NATO og veru hersins í Keflavík.“

Ólafur segir að sama gildi um þá djúpu gjá sem væri á milli andstöðu fylgismanna stjórnarflokkanna við listann og afstöðu forystumanna flokkanna. Þannig hafi fylgismenn Sjálfstæðisflokksins verið fylgjandi gjaldtöku af varnarliðinu í fyrrnefndri könnun 1987 þótt forystumennirnir væru eindregið andsnúnir henni. Þá sagði hann erfitt að meta útfrá spurningu Gallup hversu bjargföst þessi andstaða væri. „Það er hins vegar ljóst að Halldóri Ásgrímssyni hefur mistekist að sannfæra sitt eigið fólk um málstaðinn.“

a.snaevarr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÍRAKSMÁLIÐ** Enn dýpri gjá þegar 84% eru á móti.



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| *Reykjavík* | 11.09 | 13.35 | 16.01 |
| *Akureyri* | 11.18 | 13.19 | 15.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## bílar o.fl.

Nýr Passat að koma

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

**Í dag er laugardagurinn 8. jan., 8. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 232 stk.
**Keypt & selt** 31 stk.
**Þjónusta** 32 stk.
**Heilsa** 15 stk.
**Skólar & námskeið** 4 stk.
**Heimilið** 23 stk.
**Tómstundir & ferðir** 4 stk.
**Húsnæði** 35 stk.
**Atvinna** 25 stk.
**Tilkynningar** 7 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Skarphéðinn Þráinsson með mynd af bílnum sínum sem hann hefur í geymslu úti á landi yfir veturinn.

# Alger draumabíll

***Draumabíll Skarphéðins Þráinssonar komst í hendur hans árið 1991 en þurfti þó talsverða meðhöndlun.***

„Pontinn hefur því varla verið sýnilegur síðustu 14 ár, en fór þó á sína fyrstu bílasýningu á Egilsstöðum sumarið 2003, en svo fær hann að kíkja út á bestu sólardögum sumarsins,“ segir Skarphéðinn um Pontiac Firebird 1970 bílinn sinn sem gengur undir nafninu Pontinn sem geymdur er nú í góðu skjóli úti á landi.

„Ég hef alla tíð verið með króníska dellu fyrir amerískum bílum og á þeim tíma sem ég keypti Pontann var þetta klárlega komið út í trúarbrögð. Þetta var í þá daga þegar lífið snerist að stórum hluta um að rúnta, tvö skilyrði man ég að réðu ríkjum, annað hvort að vera með góðar græjur í bílnum, eða vera með mótor sem gaf frá sér almennilegt hljóð,“ segir Skarphéðinn og hlær en bílinn gerði hann svo upp, málaði á hann örn og eldtungur og er hann ótrúlega fallegur.



Pontiac Firebird, árgerð 1970, sem Skarphéðinn Þráinsson gerði upp.

„Við uppgerðina var leitast við að halda sem mest í upprunalega eiginleika bílsins, en þó var sett undir hann 12 bolta hásing í stað 10 bolta og drifskaft endursmíðað með sverari hjöruliðum, ásamt ýmsum smáatriðum sem með lítilli fyrirhöfn er hægt að breyta aftur í upprunalegt horf,“ segir Skarphéðinn sem lýsir því hvernig hver einasti hluti bílsins var skrúfaður í sundur og yfirfarinn enda hafi ansi mikið verið slitið í bílnum og sem þurfti að gera við eða endurnýja.

„Málningarvinnuna fékk ég góða aðstoð við, en strákarnir í Bílamálun máluðu hann. Þetta var auðvitað mikil tilraunamennska og ákveðin áhætta í kjölfarið, en ég er mjög ánægður með hann og vafalaust mesta listaverk sem komið hefur frá strákunum,“ segir Skarphéðinn og tekur fram að Árni Björnsson bílamálari hafi málað örninn sem prýðir húddið. En myndasyrpu um uppgerð bílsins má sjá á eftirfarandi slóð, www.internet.is/skarpi.

„Þetta var svo sannarlega draumabíllinn minn, Amerískur sportbíll með V8 mótor! Hvaða 19 ára strák dreymir ekki um það? Ég held að þetta verði ekki síður draumur þegar ég verð kominn með gráa fiðringinn, þá er nú gott að geta skroppið á rúntinn,“ segir Skarphéðinn. ■

## BMW aldrei selst betur

**Um 68% söluaukning frá því í fyrra**



Aldrei hafa selst fleiri BMW bifreiðar hér á landi og í fyrra eða samtals 143. Til samanburðar má nefna að á Audi var salan 110 bifreiðar, á Lexus 98 og af Mercedes Benz seldust 23. Þá átti BMW jafnframt mestu söluaukninguna á milli ára eða 68%, og átti því einnig mestu hlutfallslegu aukninguna á milli áranna 2003 og 2004 í flokki úrvalsbíla. Á þessu sama tímabili jókst salan til að mynda á Audi um 29,5% en dróst saman um 34,5% á Mercedes Benz og um 2% á Lexus.

Að sögn Karls Óskarssonar, sölustjóra BMW hjá B&L, var nýi X5 jeppinn söluhæstur ásamt 3 línunni með yfir 90 seld eintök. „Jafnframt seldum við vel af nýju 5 línunni og nýja X3 jeppanum eða um 40 eintök samtals. Þá fór nýja 1 línan afar vel af stað hjá okkur undir lok ársins.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU

### *fyrir bílinn*

**Hyundai** setti nýtt sölumet hér á landi árið 2004 með samtals 788 selda bíla eins og kemur fram á vefsíðu B&L, bl.is. Sala bílategundarinnar hefur því aukist um tæp þrettán prósent milli áranna 2003 og 2004. Mest seldist af Santa Fe, eða 280 eintök, og 214 eintök af fimmdyra smábílnum Getz. Í þriðja sæti var sjömanna fjölskyldubíllinn Trajet sem seldist í tæplega 80 eintökum.



**Toyota Yaris** var söluhæsti bíll ársins 2004 þegar árið var gert upp eins og kemur fram á vefsíðu Toyota á Íslandi, toyota.is. Alls seldust 792 eintök af Yaris en næst á eftir honum kom Toyota Corolla með 769 eintök. Fimm Toyota bifreiðar eru á listanum yfir tíu söluhæstu bílana árið 2004. Alls seldust 3.199 Toyota fólksbílar á síðasta ári sem samsvarar 26,7 prósenta markaðshlutdeild. Næst á eftir kom Volkswagen með 1071 bifreiðar og 8,9 prósent markaðshlutdeild og síðan Ford með 936 bifreiðar og 7,8 prósent markaðshlutdeild.



**Volkswagen** er söluhæsti vinnubíll síðasta árs en á árinu seldi Hekla alls 349 Volkswagen og Caddy Transporter bifreiðar. Hekla er nú með 22,81 prósenta markaðshlutdeild á vinnubílamarkaði en sala á Volkswagen vinnubílum jókst um 140 prósent frá árinu á undan. Hekla hefur enn fremur fengið nýjan Caddy í sölu sem er með gíraffalúgu en hún opnar afturrými bílsins út frá þaki. Það auðveldar allan flutning á alls kyns vörum.



**Dekkjaframleiðandinn Bridgestone** er um þessar mundir að endurskoða starfsemi sína í Evrópu en Bridgestone er stærsti dekkjaframleiðandi heims. Markmið með þessari endurskoðun er að auka framleiðnina en gert er ráð fyrir fimmtíu prósenta söluaukningu á öryggisdekkjum á þessu ári. Bridgestone rekur nú fimm verksmiðjur í Evrópu með tíu þúsund starfsmönnum. Þrjár verksmiðjur eru á Spáni, ein í Frakklandi og ein í Póllandi en velta fyrirtækisins í Evrópu er um 12,5 prósent af heildarveltu í heiminum.

*bilar@frettabladid.is*

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**Skafa bílinn**
Ef þarf að skafa af bílnum er best að setja hann í gang og láta blástur á framrúðuna, þannig að hitinn losi aðeins um ísinn á rúðunni. Því næst skal byrja að bursta allan lausan snjó af bílnum og skafa rúðurnar. Mjög mikilvægt er að aka ekki af stað fyrr en búið er að skafa allar rúður og spegla.




Nýi Terracan jeppinn er meðal annars með nýja læsingu í millikassanum.

# Útlitsbreytingar og nýr búnaður

***Hyundai Santa Fe og Terracan jepparnir hafa farið í gegnum talsverðar breytingar sem kynntar verða hjá B&L um helgina.***

Nýjar útgáfur af Hyundai Santa Fe sportjeppanum og Terracan jeppanum verða kynntar nú um helgina hjá B&L. Báðir jepparnir hafa fengið andlitslyftingu er svo má að orði komast en auk nýrra áherslna í útliti og staðalbúnaði, er nýjan búnað að finna í þeim báðum.

Útlitsbreytingin á Santa Fe sést best að framanverðu, þar sem grillið og umgjarðir framljósanna hafa tekið nokkrum breytingum og að innanverðu hefur m.a. mælaborðið fengið nýtt svipmót. Hvað búnaðinn varðar þá er Santa Fe kominn með mun þróaðra fjórhjóladrif en áður, en sérstakur rafeindabúnaður miðlar afli til hjólanna eftir aðstæðum, sem þýðir að fjórhjóladrifinu er ekki beitt nema þess sé þörf. Þetta dregur úr eldsneytisnotkuninni, auk þess sem þessi nýi búnaður býður upp á læsingu á milli fram- og afturöxla. Dökkar afturrúður, skriðstillir, aksturstölva og leðurklætt stýri er meðal þess sem bætist við staðalbúnaðinn í nýju útgáfunni af Santa Fe. Þá er upphitun fyrir rúðuþurrkurnar í framrúðunni, sem dregur úr skemmdum á þeim af völdum frosts þegar kalt er í veðri.

Terracan jeppinn hefur einnig verið uppfærður og er meðal annars með nýja læsingu í millikassanum. Til viðbótar má nefna að tölvustýrð loftkæling og útimælir hafa m.a. bæst við staðalbúnaðinn ásamt 3 punkta öryggisbelti í miðjusætinu aftur í. Þá liggur Terracan afar vel við breytingum þar sem hann er smíðaður á grind, auk þess sem hann stærðarinnar vegna rúmar allar jeppabreytingar afar vel. ■

# Ræsir stefnir á Krókháls

**Hjá Ræsi er veitt þjónusta við eigendur Mercedes Benz óháð því hvar bíllinn er keyptur.**

Það sem hæst ber hjá Ræsi um þessar mundir er að 30. desember síðastliðinn var gengið frá úthlutun nýrrar lóðar fyrir fyrirtækið. Hún er við Krókháls á gatnamótum Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. „Við erum í startholunum að selja húseignir okkar við Skúlagötu," segir Hallgrímur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ræsis. „Við höfum áhuga á að ræða við byggingaverktaka um byggingu á nýju húsnæði og sölu á því gamla og ekki væri verra að gera það í beinum skiptum," segir Hallgrímur.

Í frétt sem birtist á síðustu bílasíðu Fréttablaðsins, 18. desember síðastliðinn, kom fram að formleg samvinna væri milli Ræsis og fyrirtækisins Master sem einnig selur bíla af gerðinni Mercedes Benz. Það er ekki rétt og átti Ræsir engan þátt í kynningu Mercedes Benz bifreiðarinnar sem kynntur var hjá Master daginn áður. Hitt er rétt að hjá Ræsi er veitt þjónusta við Mercedes Benz bíla óháð því hvar þeir eru keyptir.

Hjá Ræsi hf. eru seldir bæði fólksbílar, sendi- og vörubílar og veitt þjónusta við bifreiðaeigendur, fyrst og fremst eigendur Mazda bíla og bifreiða frá Daimler Chrysler samsteypunni eða Mercedes Benz, Chrysler, Jeep og Dodge. „Þetta eru þær tegundir sem við erum best í stakk búnir til að þjónusta," segir Hallgrímur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ræsis. „En í prinsippinu þjónustum við alla." Hjá Ræsi eru bæði seldir nýir og notaðir bílar og einnig eru kaupendum útvegaðir bílar erlendis frá að sögn Hallgríms. ■




Ræsishúsið við Skúlagötu.


BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

HVELLUR.com ...í einum grænum
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Smiðjuvegi 8 - Kópavogi Sími 577 6400

VARAHLUTIR í flestar gerðir bifreiða
Kveikjur
Tölvuheilar
VETRARDEKK notuð og ný dekk og stálfelgur
Vaka s. 567-6860

BOSSAVERMIR
Er kalt í bílnum?
Sætisáklæði í bílinn með hita
Aðeins 4.900 kr
ÁG MOTOR SPORT
Fæst einnig hjá Bónstöðinni, Njarðarnesi 1, Akureyri
Klettháls 9 • s: 587 5547 • www.ag-car.is/motorsport

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
Hurðir til á lager
Eldvarnarhurðir
Smíðað eftir máli
Öryggishurðir
GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

FAI Auto Parts
Vélaviðgerðir
Vélavarahlutir
✔ Pakkningarsett
✔ Ventlar
✔ Vatnsdælur
✔ Tímareimar
✔ Viftureimar
✔ Knastásar
✔ Olíudælur
✔ Legur
✔ Stimplar
Varahlutir sem þú getur treyst á !
VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL
TANGARHÖFÐA 13
Sími 577 1313 • www.kistufell.com

AUKIN ÖKURÉTTINDI
Meiraprófið breytist!
kr. 124.000,-
Leigubifreið, Vörubifreið, Hópbifreið
Næsta námskeið hefst 14. janúar!
Nú styttist í fyrirhugaðar breytingar á meiraprófinu sem gerir það bæði erfiðara og dýrara. Búast má við a.m.k. 60-80% hækkun á verði en breytingin tekur gildi fljótlega. Notaðu tækifærið og taktu meiraprófið núna því nú fer hver að verða síðastur. Hafðu samband við okkur ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þessar breytingar.
Skráðu þig núna!
Símar 581 2780, 892 4124 og 822 2908
Taktu gamla meiraprófið á gamla verðinu!
ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 2780
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Eyðir'ann of miklu?

Til að mótor virki þarf hann eldsneyti, loft og hita (sem í bensínbílum er framkallaður með rafneistum úr kertum en í dísilbílum með þjöppun á lofti). Með því að sjá til þess að þessi þrjú kerfi séu í lagi má oft minnka eldsneytiseyðslu, sérstaklega í bílum sem hafa verið keyrðir í 3-4 ár eða lengur.

Kíkjum á nokkur einföld og ódýr atriði sem geta gert gæfumuninn:

Skiptu um loftsíu ef hún er óhrein. Því betra loftflæði, því auðveldari vinna fyrir vélina. Einnig er hægt að fá háflæðisíur sem auka aflnýtingu og minnka eyðslu enn meira.

Gott er að setja ísvara í eldsneytið yfir vetrarmánuðina til að koma í veg fyrir rakamyndun. Vatnsþynnt eldsneyti skilar lélegri vinnslu sem kallar á meiri inngjöf og eyðslu. Eldsneytissían getur líka safnað í sig óhreinindum og ágætt er að skipta um hana til dæmis annað hvert ár.

Ný kerti geta gætt vélina nýju lífi ef gangurinn er orðinn ójafn eða grófur. Kertaþræðina ætti líka að endurnýja reglulega. Gamlir þræðir flytja illa rafmagn til kertanna og koma í veg fyrir að þau geti sinnt hlutverki sínu. Nýir þræðir verða að vera í sömu lengdum og þeir gömlu og passa þarf að hver þeirra sé settur á réttan stað á kveikjunni og í rétt kerti.

Nokkur önnur atriði er rétt að nefna. Allur óþarfa farangur og annað sem eykur þyngd bílsins eða loftmótstöðu (golfsett í skottinu, toppgrind, opinn gluggi o.þ.h.) eykur eyðslu. Það sama má segja um gamla mótorolíu sem smyr illa. Þá eykst viðnám núningsflata í vélinni og orkuþörfin eykst.

Það er góð regla að athuga loftþrýsting í dekkjum í hverjum mánuði. Yfirleitt er hægt að finna kjörloftþrýsting á dekkjunum sjálfum eða í falsi bílstjórahurðar. Það borgar sig að eiga loftmæli til að halda þrýstingnum réttum allt árið um kring. Hann minnkar nefnilega í kulda en eykst í hita. Of lin dekk auka eldsneytisþörf en of hörð dekk hafa minna veggrip og eru því stórhættuleg.

Að lokum má svo minna á að hægri fóturinn getur verðlaunað þig með hálfum eða heilum tank ef þú notar hann sparlega. Sleppum glannaakstrinum og notum peningana í eitthvað annað. ■



Aftan á hinum nýja Passat eru LED díóðuljósin áberandi einkenni en þau vísa í gerð sinni til hins hringlaga forms ökuljósanna.

# Nýr Volkswagen Passat kynntur

**Í febrúar á næsta ári mun Volkswagen frumsýna nýjan Passat**

Volkswagen hefur sent frá sér kynningu og ljósmyndir af nýjum Volkswagen Passat sem frumsýndur verður í febrúar 2005. Bíllinn hefur verið endurhannaður að miklu leyti og þar á meðal útlit hans, vél og hjólabúnaður. Einnig hefur verið bætt í hann ýmsum tækjabúnaði til að mæta nútímakröfum og má þar nefna Bluetooth-símkerfi, hágæða hljómflutningskerfi, rafmagnsknúinn handhemil, sjálfvirka árekstrarvörn og nýtt loftræstikerfi.



Bílinn verður hægt að fá með bensínvél eða dísilvél. Bensínvélarnar eru fjögurra strokka FSI vélar með einsleitri beinni innspýtingu og skila 115, 150 og 200 hestöflum. 3,2 lítra V6 FSI-vélin skilar 250 hestöflum og verður öflugasta Passat-vélin þegar hún verður kynnt á síðasta ársfjórðungi 2005. Minnsta vélin með er 102 hestöfl og er eina bensínvélin sem áður hefur sést í Passat. Þrjár TDI-dísilvélar verða nú notaðar í Passat í fyrsta sinn. Um er að ræða vélar í stærðunum 105, 140 og 170 hestöfl. Með tímanum verða þessar dísilvélar einnig búnar dísilagnasíu. Öflugasta TDI-vélin er búin hinni nýju og háþróuðu Piezzo-stýrðu beinu háþrýsti innspýtingu og tveimur jafnvægisásum og sama máli gegnir um 140 hestafla TDI-vélina. Með 105, 140 og 170 hestafla dísilvélunum er hægt að fá sex gíra sjálfskiptingu og hinn háþróaði tvíkúplaði DSG-gírkassi fæst með tveimur öflugustu TDI-vélunum. Síðar koma einnig á markað gerðir búnar 4MOTION aldrifinu. ■


**ALLT Á EINUM STAÐ**

- HEILSÁRSDEKK
- NAGLADEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BÓN OG ÞVOTTUR
- BREMSUKLOSSAR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- PÚSTÞJÓNUSTA

SBD, SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066


# Samstarf um þróun blendingsvéla

**Daimler Chrysler og General Motors taka upp samstarf.**



Bílaframleiðendurnir Daimler Chrysler og General Motors hafa undirritað viljayfirlýsingu um samstarf við þróun á blendingsvélum fyrir bíla. Samstarfið mun flýta fyrir þróun þessara véla og verða bæði bifreiðaeigendum og umhverfinu til góða samkvæmt upplýsingum frá Daimler Chrysler. Fyrirtækin hyggjast þróa í sameiningu vélar, rafmótora og drifbúnað fyrir allar gerðir af þeim bílum sem báðir framleiða. Um er að ræða GM, Chrysler og Mercedes Benz bíla.










Honda Civic 1500 VTI '98. Ekinn 109 þús., nýtt spoilerkit að framan og að aftan, sportstýri og sportmælir, góður bíll. Verð 790 þús stgr. Uppl. í s. 557 2843.


Golf 98 1.6 Comfort blár ek 104þkm spoiler 16" álfelgur ný sumar+vetrardekk áhv 400 verð 820þ. S. 6643275


100% lán ef óskað er. Subaru station 11/'98, ek. 110 þús. Góður bíll, ný kúpling + tímareim. Listaverð 850 þ. Tilboð 670 þ. S. 822 4167.


Toyota Corolla S/D ssk. Ek. 93 þús. Vel með farinn, smurbók frá upphafi. ný tímareim. V. 720 þús. Uppl. í s. 824 7447 & 820 4567.


Megatilboð- 550 þ. Opel Vectra 1998, ekinn 97 þ. Ný vetrardekk, nýtt púst. 180 þ kr. afsláttur. S. 694 5257.


Toyota Corolla 4WD - 03/2000. Ek. 97 þ. ABS, sumar/vetrardekk, CD, 5 gíra. Verð 1.000.000. Áhv. 574 þ S. 863 0882 & 865 2352 htor@mmedia.is


Honda Civic árg. '97 ekinn 85.000 km. Álfelgur, topplúga, cd ofl. V. 630.000. S: 845-0404


Suzuki Baleno4x4 '97. Aðeins ekinn 52þ. km! Einn eig. Verð 580þ. Uppl. 822 3388


Nissan Terrano II '95, sk. '05, 3ja dyra, 2,7 td, ek. 200 þús., yfirfarinn af umboði, nýleg kúpling, ný tíma keðja, 4WD, toppbíll. Verð 650 þús. Uppl. í s. 699 7643.

Mazda 626 station '98, ek. aðeins 55 þ. 2 L, ssk., sk. '06. Verð 950 þ. S. 861 6061.


Daewoo Legansa '98 ek. 200 þús., sko '05, sjálfskiptur. Verð 300 þús. Uppl. í síma 897 8779.


Mitsubishi Pajero '96. 7 manna, 2.5 dísel, ekinn 173 þús., bsk. Verð 850 þús. Uppl. í s. 863 4317.


Skoda Octavia GLX árg. '99 ek. 81 þús. 1600cc, dráttark., cd. Verð 600 þús. S. 861 3678.


Toppfjölskyldu bíll, Til sölu Toyota Avensis 98, vel með farinn bíll, fæst á góðu verði. uppl í síma 847-4433

Til sölu Mercedes Benz Station 300 Turbo Dísel. Árg.'94, nýleg sjálfskipting, ekinn 466 þús., búið að skipta head á vél, mjög góður bíll. Tilboðsverð 550 þús stgr. Uppl. í s. 892 4348 & 482 3110.

Toyota Corolla Terra 1,6, 5 dyra, rauður, árg. '99, ek. 57 þús., sjálfsk. Góð smurbók, ryðvarinn í apríl '04. Einn eigandi. Verð 790 þús. Uppl. í s. 821 9435.

VW Polo '00. Blár, ekinn 56 þús. Verð 760 þús. Uppl. í s. 694 4384.

Renault Laguna station RT '97. Dökkgrænn, e.104 þ. 2000cc sjálfsk. V. 650 þ. Uppl. í s. 863 7090 & 894 4689.

Til sölu Yaris árg. '00, ek. 85 þús. Verð 670 þús. Uppl. í s. 868 0878.

Toyota Yaris Terra fæst ódýrt gegn yfirtöku á láni. Uppl. fást hjá Bílasölu Reykjavíkur.

Ford Explorer Ed. Bauer '91, ek. 120 þ. Ranco fj. loftlæsingar v. 590 þ. Einn eigandi. Sími 662 0211.

Hyundai Getz árg. 2003, ek. 31 þús. 5 dyra, bsk, mjög vel með farinn, áhv.lán ca 800 þús. Verð 990 þús. S. 820 7103.

## 1-2 milljónir


Peugeot 206 Xt 1400 5 g. beinsk. Ekinn 75. þús. Mikið breyttur bíll, filmur, spoiler kit, tvöfalt púst, neonljós undir bílnum og margt fleira. Verð 1.050 þús. Uppl. í síma 895 5696.


1998 Dodge Durango SLT 4x4, 7 manna, glæsilegur bíll í toppstandi. Tilboð 90 þús. + yfirtaka á 1340 þús. kr. láni. Uppl. í s. 868 4785.


Subaru Forester 2.0 árg. 7/'99. Sjálfsk., ekinn 91 þús. Ný vetrar + sumard. Dr. krókur. V. 1280 þ. Uppl. í s. 893 1617.


BMW 520 IA árg. '96, ekinn 155 þ., rafmagn í rúðum, samlæsing o.fl. S. 822 3082.


Útsala. Sparigrís. 6 L/100 Opel Astra '03, ný vetradekk. Samlitaður, cd, ek. 24 þ. Listav. 1.550000 en selst á 1.100.000. Áhv. 700 þ. S. 867 7604.


M. Benz C220 Elegance árg. '96. Ekinn 114 þús. Topplúga, litað gler, 16"álfelgur of. Verð 1390 þús. Uppl. í síma 693 3547.


Toyota Previa 2400, 7 manna, 5 dyra, bensín, Vvti, ssk., árg. sept 2002. ek. 77 þ. km., dráttarb., filma á rúðum, sumar og vetrardekk. Toppeintak. Engin skipti. Verð 2290 þús. Áhvílandi 1500 þús. Uppl. í s. 663 0504.


Huyndai Cube '00. Ekinn 85 þús., breyttur, bsk., 200 cc. Uppl. í s. 695 4864.

Til sölu RAV4, ek. 73 þ. Árg. '00. Reyklaus. Toppbíll, heilsársdekk. S. 820 2421, Eyþór.

Yfirtaka af láni. Opel Zafira '00. Ekinn 91 þús. Uppl. í s. 663 0692.

Hyundai Santa Fe 2002, ek. 50 þús. km til sölu. Sjálfskiptur, cruise control, svartur, dökkar rúður. V. 1750 þús. Einar s. 820 2314.

## 2 milljónir +


98 Land Rover V8 fullbúinn, ekkert ryð í fráb. standi 2" hækkun. Lækkað v. 2.3 m. S. 425 2882.


Honda CR-V '01, ek. 38.000, CD, dráttarkrókur. V. 2.050 þ. S. 864 0056.


Honda Accord sport 07/2003 Cruise, Ac, 16"álfelgur og mfl. Einn eigandi. Reyklaus dekurbíll. Uppl. í s. 564 0171 og 891 7100.


Ford F-350 King Range 2005 ek. 7 þ. m. öllum aukahlutum frá Ford + koda í palli og lok. V. 4.800.000. S. 899 8033.


Dodge Caravan SXT árg. 2005. DVD/TV/CD. V6 3.3. sjálfsk. 7 manna. Verð aðeins 3,2 m. kr. Til sýnis á Bílasölu Íslands, Skógarhlíð. S. 510-4900 eða 896-6612.


Grand Ch. Limited V8 4.7 árg.'00, með öllu, m.a. fjarstarti. Toppeintak. Verð aðeins 2,4 m.kr. S. 896-6612.


Cadillac Deville árg. '99, 8cyl, ssk., ek. 105 þ. Er í góðu standi og búinn flest öllum þægindum. Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í s. 821 4644 & 566 8362.

## Bílar óskast

Óska eftir góðum beinsk. Lancer GLX árg. 2000-2002. Bein gr. fyrir réttan bíl. Uppl. í s. 821 8383.

Óska eftir Benz eða BMW. Allt kemur til greina, mega þarfnast lagfæringar. Stgr. í boði. Uppl. í síma 564 4336 eftir kl. 18.00.

Óska eftir bíl. Sko '05 á 15 þús. Uppl. í s. 694 4384.

Óska eftir japönskum fólksbíl á ca 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 695 9543.

Óska eftir japönskum Station bíl, ca árg. '93 til '98. Má þarfnast lagf. Uppl. í s. 844 0478.

Óska eftir bíl á 0-200 þ. staðgreitt. Ekki eldri en '93, má þarfnast lagf. S. 659 9696.

Óska eftir dísel fólksbíl eða litlum jeppa á allt að 200 þús. stgr. Uppl. í síma 899 0407.

## Jeppar



KE Málmsmiði. Hamarshöfði 5, Sími 587 0626 GSM 696 3522. Email ke@ke.is


Toyota Tundra 2000 V8 4,7 lítrar, 38" dekk. Einnig 35" á felgum. Ekinn 31.500 mílur. Einn með öllu. Tilboð. Sími 662 2826.


Nissan Patrol Turbo Disel Intercooler, árg. '87. Ný 38" dekk, loftpúðafjöðrun, Verð 550 þús. Uppl. í s. 898 2111.


Jeep Grand Cherokee Limited, árg. '04, ek. 25 þ. M. ný vetrardekk. Verð 3.700 þús. Uppl. í s. 660 4110.


Ford Explorer Sport Track Premium árg. '02. Leður. Topplúga ofl. Ek. 36 þ. m. Verð 2,950 þ. kr. S. 693 0802. Sjá uppl. & myndir á www.fordexp.tk


Til sölu Toyota Land Cruiser, árg. 26.5 2004, ek. 16 þús. km. Dráttarbeisli, álfelgur, sjálfsk. Verð 4,2 millj. Engin skipti. Sími 892 9021.


Pajero Langur 3000 árg. '91, ek. aðeins 146 þús. Gott ástand. Sími 897 2206.


Grand Cherokee Limited árg. 1996. 8 cyl. Uppl. í síma 461-2097 og 862-2097.


Land Crusier '87 Turbo. Góður. Upphækkaður. Sjálfsk. Spil. Ek. 240 þús. V. 790 þús. S. 862 7898.


Suzuki Vitara V6 '97 ek. 118 þús. bsk, 31". Ýmsir aukahlutir. 2 eig. frá upph. Mjög fallegur og óslitinn. Verð 890 þús eða tilb. S. 864-1235


MMC Pajero '98. 2.8 lítrar dísel, ekinn 159 þús., góður óslitinn bíll. Uppl. í s. 849 4227.


2003 Ford Explorer XLT 4x4, ek. 49 þ. km. Glæsilegur bíll, sem nýr að innan sem utan. 7 manna, rafm. í öllu, cruise cntr., dökkar rúður, cd, 17" álfelgur, heilsársd., o.m.fl. Áset verð 3490 þús. Tilb. 2990 þús. stgr. Uppl. í s. 868 4785.

Mmc pajero 2,5. Diesel beinsk. Árg. 06/'03. Uppl. í s. 822 3001.

Kia Grand Sportage 4x4 05/2001. Nagladekk, dráttarkrókur. Sk. '06. Fallegur jeppi. Ásett v. 1190 þ. S. 822 3001.

"GÓÐUR" Grand Cherokee árg. '93 4,0L. Ekinn 129.000 km. Ný dekk, brems, pústgr. Innfl. nýr. Smurbók. V. 750 þ. Áhv. 300 þ. S. 896 0452.

MMC L200 4ra dyra pallbíll dísel, árg. 17/07/97, ný BF Goodridge 31", dr.krókur, ek. 260 þús. Plasthlíf á palli, þjónustubók. Bíll í toppviðhaldi. Bílalán 450 þ., afb. 20 þ. á mán. Verð 780 þús. Uppl. í s. 487 5838 & 892 5837.

Til sölu Range Rover árg. 2000, ek. 130 þús. Verð 3.600 þús. Uppl. í s. 867 4418.

## TIL SÖLU

www.atvtours.is
Fjórhjólaferðir
S. 892 0566 og 892 4810

Hver vill lúxus?
2002 Diesel 3.1
Ekinn 57.000 þús.
Verð Lúxus
Eyðsla Lúxus
Þægindi Lúxus
Afl Lúxus
Tjónalaus Lúxus
Uppl. Sveinn 893 6337

Trésmiðavélar & verkfæri
IÐNVÉLAR
www.idnvelar.is

Er billinn of lágur?
HELLA

Gallup 2004:

# Vinstri grænir juku fylgið

Vinstri grænir eru eini stjórnmálaflokkurinn sem bætti við sig fylgi á síðasta ári. Fylgi þeirra jókst um 6 prósentustig frá fyrstu Gallup-könnun ársins til þeirrar síðustu eða úr 13% í rúm 19%. Sjálfstæðismenn töpuðu þremur prósentustigum, fóru úr 38% í 35%. Framsóknarmenn töpuðu tveimur prósentustigum og fóru úr 14% í 12% hjá Gallup á árinu. Samfylkingin stendur í stað með 30% og frjálslyndi flokkurinn tapar tveimur prósentustigum og fengi 4% en fékk 6% í fyrstu könnun ársins. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**RÍKISRÁÐ Á GAMLÁRSDAG** Davíð hefur vikið fyrir Halldóri við borðsenda á ríkisstjórnarfundum en ekki úr áramótamiðopnu Morgunblaðsins.

Starfsmaður Framsóknar:

# Davíð köttur í bóli bjarnar

Gagnrýni Péturs Gunnarssonar, framkvæmdastjóra þingflokks Framsóknarflokksins, á Morgunblaðið fyrir að birta áramótagrein Davíðs Oddssonar á virðingarstað í miðopnu blaðsins hefur vakið mikla athygli. Heimildir Fréttablaðsins herma að litið sé með velþóknun á skrif Péturs í stjórnarráðshúsinu, hvort sem menn þar véluðu um eður ei. Pétur sem skrifaði greinina í Tímann, vefrits flokksins, segist skrifa gagnrýni sína á Morgunblaðið í eigin nafni: „Ég hef ekki hugmynd um hvort þessar hugmyndir fara saman við skoðanir flokksins.“

Pétur rekur hvernig smátt og smátt hafi Morgunblaðið fjarlægst Sjálfstæðisflokkinn. En síðan segir hann: „Undanfarin misseri hafa birst ýmsar vísbendingar og sést mörg merki þess að það sé að taka sig upp gamalt ástarsamband blaðs og flokks...[Þ]að verður ekki frekar um það deilt að undir núverandi ritstjórn er Morgunblaðið málgagn Sjálfstæðisflokksins. Hvað er annað hægt að segja um þá ákvörðun blaðsins að leggja miðopnu sína undir áramótagrein formanns Sjálfstæðisflokksins en setja greinar annarra stjórnmálaforingja, þar á meðal forsætisráðherra, skör lægra?“

Pétur bendir á að síðustu 13 ár hafi formaður Sjálfstæðisflokksins jafnframt verið forsætisráðherra og því hafi Morgunblaðið haft augljós rök fyrir því að birta grein hans í miðopnu án þess að menn litu á það sem frávik frá hinni yfirlýstu stefnu um að raunveruleg tengsl blaðs og flokks heyrðu sögunni til. „Svona gera menn ekki – lengur. Það sjá allir sem vilja. Árið 2005 tala ekki einu sinni gamlir vinir og velunnarar um Moggann sem „blað allra landsmanna“. „

Karl Blöndal, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, segir að ritstjórar blaðsins vilji ekkert segja um málið; þeir muni tjá sig á síðum Morgunblaðsins ef ástæða þyki til. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks framsóknarmanna, segir Pétur tala í eigin nafni en ekki flokksins í greininni en sagðist aðspurður hafa orðið undrandi þegar hann sá að grein formanns Sjálfstæðisflokksins en ekki núverandi forsætisráðherra hefði verið í öndvegi um áramótin í Morgunblaðinu.

- ás


ÚTSALAN

Er hafin

30-50% Afsláttur

LANGUR LAUGARDAGUR

opið til 17:00 á Laugavegi



| herrar: | | | dömur: | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Diesel | gallabuxur | 5.990 | Diesel | buxur | frá: | 4.990 |
| 4 You | jakkaföt | 15.990 | Diesel | bolir | frá: | -30% |
| 4 You | skyrtur | 1.990 | Laura Aime | bolir | frá: | 990 |
| Energie | bolir | -30% | Mia | bolir | frá: | 990 |
| Diesel | skór | 4.990 | Mia | úlpur | | 4.990 |
| Mao | bolir | 990 | Studio NY | jakkar | frá: | 5.990 |
| 4 You | gallabuxur | 3.990 | Diesel | skór | frá: | 3.990 |
| Diesel | bolir | -30% | Kookaï | | frá: | -40% |

galleri sautján

kringlunni s.568 9017 - laugavegi s.511 1717 - www.ntc.is



LANGUR LAUGARDAGUR

ÚTSALA

ER HAFIN

OPIÐ TIL KL.17:00 Í DAG

| | | | |
|---|---|---|---|
| DIESEL | buxur | | 5.990 |
| EXTRA | bolir | | 1.500 |
| DIESEL | bolir | afsl. | 30-40% |
| MIA | úlpur | | 3.990 |
| X-18 | skór | | 2.990 |
| DIESEL | skór | | 3.990 |
| BARNA DIESEL | | afsl. | -40% |

sautján j e a n s

LAUGAVEGI 89 - S. 512 1710 - www.ntc.is

# RISAÚ…

Hátalarar
Bílhátalarar
Ferðatæki Magnarar
Geislaspilarar
Myndbandstæki
Sjónvarpstæki
Ísskápar Örbylgjuofnar
Eldavélar Þvottavélar
DVD spilarar Þráðlausir símar
Uppþvottavélar Brauðristar
Straujárn Blandarar Vöfflujárn Rakvélar
Háfar Samlokugrill

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

PHILIPS KENWOOD NAD CASIO SuperTech DAEWOO Lenco Melissa elna Bauknecht VESTFROST

Bílmagnarar Heyrnartól Útvörp Bíltæki

# MEIRA EN 500 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**ÞVOTTAVÉLAR FRÁ KR. 34.995**
**POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI**
**KAFFIVÉLAR - SÍTRUSPRESSUR - STRAUJÁRN -**
**BRAUÐRISTAR OG FLEIRA - VERÐ FRÁ KR. 995**

**NOKKUR VERÐDÆMI**

PHILIPS 1600w HÁRBLÁSARI - VERÐ ÁÐUR kr. 3.495 - TILBOÐ KR. 1.995
PHILIPS MÍNÚTUGRILL - VERÐ ÁÐUR KR. 8.995 - TILBOÐ KR. 6.995
WHIRLPOOL - 160sm KÆLIR/FRYSTIR - VERÐ ÁÐUR KR. 64.995 - TILBOÐ KR. 49.995

**FRYSTIKISTUR MEÐ ALLT AÐ 27% AFSLÆTTI**
**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI**

OPIÐ LAUGARDAG 10-18
og SUNNUDAG 12-18

INDESIT Whirlpool DeLonghi

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

**WILKIE COLLINS (1824-1889)**
vinur Dickens og faðir spennusögunnar, var fæddur þennan dag



*„Þetta er sagan af því hverju þolinmæði konu og staðfesta karlmanns fá áorkað“.*

*- The Woman in White er merkileg saga um hlutskipti kvenna á Viktoríutímanum. Höfundurinn átti í stöðugum útistöðum við gagnrýnendur – en lesendur kunnu að meta hann.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Hver var fyrirmynd Kane borgara?

Þennan dag 1941 stöðvaði bandaríski blaðakóngurinn William Randolph Hearst birtingu á auglýsingum um mynd Orson Welles, „Citizen Kane“ eða Kane borgari, í öllum blöðum sínum. Myndin var almennt talin hafa blaðakónginn að fyrirmynd aðalpersónunnar Charles Foster Kane. Hún kom reyndar ekki til sýninga fyrr en seinna á árinu. Orson Welles er einhver þjóðsagnakenndasta persóna í sögu bandaríska kvikmynda. Hann var snemma handgenginn Thalíu en þóttist ekki fá þann frama sem hann ætti skilinn í heimalandinu. Hann reyndi m.a. fyrir sér sem nautabani á Spáni áður en hann kom heim og lék í Rómeó og Júlíu á Broadway. 1937 stofnaði hann eigið fyrirtæki til framleiðslu á útvarpsleikritum. Sviðsetning hans á innrásinni frá Mars var svo raunveruleg að flutningurinn orsakaði fjöldaskelfingu og margir Bandaríkjamenn héldu að Marsbúar hefðu ráðist inn í New Jersey. Orson Welles var aðeins 25 ára, þegar hann framleiddi, leikstýrði og lék í „Kane borgara“. Þótt myndin fengi ekkert sérstakar viðtökur á sínum tíma er hún á seinni tímum talin eitt af merkustu verkunum í amerískri kvikmyndagerð og hefur haft áhrif á kvikmyndagerðarmenn alla tíð síðan. Orson Welles lést 1985.



**8. JANÚAR 1941** Blaðakóngur bannaði auglýsingar Orson Welles þennan dag.

## MERKISATBURÐIR

**794** Víkingar ráðast á hina helgu eyju Lindisfarne.
**1686** Gífurlegt fannkyngi á Suð-Vesturlandi. Kjósarannáll segir snjóinn hafa náð meðalmanni í mitti.
**1895** Fyrsta kvennablað á Íslandi, „Framsókn“ stofnað á Seyðisfirði.
**1926** Abdul-Aziz ibn Saud verður konungur í Hejaz. Hann breytir nafni ríkisins í Sádi-Arabíu.
**1965** Sigríður Sigurðardóttir kjörin íþróttamaður ársins, fyrst kvenna.
**1989** Sýningum hætt á söngleiknum „42nd street“ eftir 3.486 sýningar.
**1998** Ramzi Ahmed Yousef dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir sprengjutilræði í World Trade Center í New York (tvíburaturnarnir).

## AFMÆLI

**Hávarður Olgeirsson** skipstjóri, Skólastíg 9, Bolungarvík, er áttræður í dag.
**Finnbogi Guðmundsson**, fyrrverandi landsbókavörður, er 81 árs í dag.
**Sverrir Norland** verkfræðingur er 78 ára.
**Elías Snæland Jónsson** rithöfundur er 62 ára í dag.
**Gísli Már Gíslason**, verkfræðingur og bókaútgefandi, er 58 ára.



**Þuríður Backman** alþingismaður er 57 ára.
**Gerard Lemarquis** kennari er 57 ára í dag.
**André Bachmann** tónlistarmaður er 56 ára.
**Ingólfur H. Ingólfsson** félagsfræðingur er 55 ára.



**Ari Skúlason** hagfræðingur er 49 ára í dag.
**Þorgrímur Þráinsson** rithöfundur er 46 ára.
**Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson** tónlistarmaður er 45 ára í dag.

## ANDLÁT

**Hinrik Guðmundsson** verkfræðingur lést sunnudaginn 26. desember. Útförin fór fram í kyrrþey 5. janúar.
**Edward Páll Einarsson**, 3630 Centerview Avenue, Wantagh, New York, lést sunnudaginn 26. desember
**Friðrik Fr. Hansen**, Hvammstanga, lést fimmtudaginn 30. desember.
**Eiríkur Einarsson** bóndi, Hallskoti, Fljótshlíð, lést mánudaginn 3. janúar.
**Jóhannes Ólafsson**, Ásum 4, Hveragerði, áður Ásum í Stafholtstungum, lést miðvikudaginn 5. janúar.

## JARÐARFARIR

11.00 **Friðrik Baldvin Jónsson**, Hraunkoti, Lóni, verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju í Hornafirði.
13.00 **Halldóra G. Magnúsdóttir**, Hávarðarkoti, Þykkvabæ, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju.
13.30 **Paul Erik Símonarson**, Grýtu, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsunginn frá Grundarkirkju í Eyjafirði.
13.30 **Sigmundur Þór Sigmundsson**, frá Framnesi, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju.
14.00 **Magnús Kristjánsson, (Gutti)**, Skipagötu 10, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.
14.00 **Ragnhildur Guðjónsdóttir**, Skipastíg 11, Grindavík, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**MAGNÚS THEODÓR MAGNÚSSON** Teddi kemst ekki á skíði þetta árið vegna rifbrots sem hann hlaut þegar hann hrasaði við bílþvott.

**AFMÆLI**: MYNDLISTARMAÐURINN TEDDI ER SJÖTUGUR Í DAG

# Heilmikið húllumhæ

Magnús Theodór Magnússon sem flestir þekkja sem Tedda er sjötugur í dag. Tímamótin hringdu í Tedda og spurðu hvort þetta væri virkilega satt.

„Já, ég get ekki þrætt fyrir þetta. En ég er við góða heilsu. Í góðu líkamlegu formi, æfi tvisvar í viku. Þetta er bara svona þegar maður er laus við óregluna. Ég hef verið reglumaður í 17 ár. Þá er manni ekkert að vanbúnaði. Grundvallaratriðið er að vera ekki hræddur. Mér finnst allt of mikið um það að fólk sé hrætt við einhverja pótintáta. Það þýðir ekkert.“

Hvernig gengur í listinni Teddi?

„Það hefur gengið vel, ja þangað til á síðasta ári. Þetta var ósköp rólegt hjá mér á sýningunni í Perlunni. En svo seldi ég dálítið núna í desember. Það bjargaði jólunum. Og svo get ég líka farið til Kanarí. Ég nefnilega get ekki farið á skíði í vetur.“

Af hverju ekki?

„Ég var svo óheppinn að detta og brjóta nokkur rif. Ég var að þvo bílinn og hrasaði. Svo ég kemst ekki á skíði þetta árið. Þetta hefur komið fyrir mig einu sinni áður og þetta tekur dálítinn tíma. Fjandi sárt áður en það grær.“

En hvernig fagnar þú afmælinu?

„Þetta verður heilmikið húllumhæ. Ég býð fólki að koma til mín á Sjanghæ, Laugavegi 28 milli klukkan 3 og 6. ■

†

*Frændi okkar,*

**Gunnar Páll Björnsson**

frá Grjótnesi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga að morgni 5. janúar sl.

**Aðstandendur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Magnúsdóttir**

Keflavík,

lést þann 20. desember síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík. Hjartans þakkir til starfsfólks fyrir góða umönnun og elskulegt viðmót. Útförin fór fram 30. desember frá Keflavíkurkirkju. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. F.h. aðstandenda,

**Kristín Tryggvadóttir, Sigurbjörn Skírnisson, Ari Tryggvason, Kristín H. Runólfsdóttir, Haukur Tryggvason, Anna Kristjánsdóttir, Edda Tryggvadóttir, Ólafur Ólafsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hafsteinn Einarsson**

Bergi, Seltjarnarnesi,

lést 20. desember. Útförin hefur farið fram.

**Auður Sigurðardóttir, Guðmundur Hafsteinsson, Hanna Guðrún Guðmundsdóttir, Sunneva Hafsteinsdóttir, Gunnar Þórðarson, Einar Hafsteinsson, Sigurborg Inga Jónsdóttir, barnabörn og barnabarnabarn.**

## LEIÐRÉTTING

Tímamótum hefur borist leiðrétting á frétt um Minningarsjóð Guðlaugs Bergmann. Á útfarardegi hans hafði ekki verið gengið frá skráningu á sjóðnum og hann því ekki fengið sérstaka kennitölu. Nú hefur það gerst.

Minningarsjóður um Guðlaug Bergmann mun styrkja verkefni í umhverfis- og samfélagsmálum. Reikningsnúmerið er: 1143-18-640230 og kennitalan er 430105-2130. Fjölskylda Guðlaugs þakkar öllum sem þegar hafa lagt fram fé í sjóðinn.

## ` c \ R
]Vč f c d ß eŽ

## ] f TR
]Vč f c değ ] ]

## e f eeŽ1 71T ` V_
S ` c č de ` Wf S ` c č1 ` X1G1değ ]Rc










## ` a f d1 71Uj ` _
S ` c č de ` Wf S ` c č1 ` X1G1]Vč f c değ ]Rc

## S f dY
dğWRc1 ` X1değ ]Rc







# VWeŽc [ ğ ]RģedR]R_
## YVWde1ě1URX2

ALLT AÐ
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
70 %

JEFVIOER

TEKK COMPANY

] ¶ _X1YV]XŽK1 ` aŽč1]R f XRcURX1BA>B I 1 ` X1d f _ _ f URX1BD>B I

S ß [Rc ]Ž_U1BE1>BG1®1CAB1\È¢r¨ ¡ xz1®1dÀ~z1FGE1EEAA1®1Wr ª1FGE1EEDF1®1¦v| | Q¦v| |?z¥1®1©©©?¦v| |?z¥

# Á útkikki eftir því skoplega í 40 ár

**Ríkissjóður keypti myndir Sigmúnds Jóhannssonar, skopmyndateiknara í Vestmannaeyjum, undir lok síðasta árs en sýn Sigmúnds á samtímann hefur birst í Morgunblaðinu í fjóra áratugi. Fréttablaðið fékk Árna Johnsen til að ræða við Sigmúnd um lífið og tilveruna auk þess sem hann leitaði álits fjölmargra á verkum listamannsins.**



**SURTSEY NUMIN** Blýantsskissa af fyrstu mynd Sigmúnds sem Morgunblaðið birti í febrúar 1964, en ekki er vitað hvar blekteikningin er niður komin. Skissan er af ævintýralegum landgöngum í Surtsey skömmu eftir að eyjan reis úr hafi. Skissan hefur aldrei birst áður opinberlega.

Sigmúnd teiknari í Eyjum er einsdæmi í heiminum um skopmyndateiknara með slík afköst og úthald sem raun ber vitni, því það eru engin önnur dæmi um það að teiknari hafi skilað skopmynd nær daglega í sama blaðið í liðlega 40 ár eða um 10 þúsund myndir eins og Sigmúnd hefur teiknað í Morgunblaðið frá því að hann teiknaði sína fyrstu mynd í Moggann í febrúar 1964. Hann hefur sett mjög sterkan svip á Morgunblaðið, enda eru myndir hans með því vinsælasta sem blaðið birtir. Myndefnið í fyrstu myndina sótti Sigmúnd í Surtsey sem var þá að rísa úr hafi í mögnuðu eldgosi og þar fékkst hann við kappið um landtöku ýmissa aðila á gjósandi eynna; frönsku blaðamannanna, Vestmannaeyinga, íslensku jarðfræðinganna, ljósmyndara og fleiri, en ýmsar uppákomur voru í þessum ferðum og ekki hættulausar. Þar týndi dr. Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur til að mynda húfunni sinni eins og frægt varð og þarna lagði Sigmúnd fyrstu línuna með króklagi penna síns og síðan hefur verið fiskur á Sigmúndsönglinum hvern dag og slagar í hálfa öld. Hvergi á byggðu bóli jarðar er neitt til í líkingu við safn Sigmúnds sem hefur þannig verið fastur liður í þjóðarsál Íslendinga í liðlega 40 ár. Fyrsta myndin í Mogganum hefur lent einhvers staðar annars staðar en í geymslu Sigmúnds, en skyssuna að frummyndinni fann hann nýlega og birtist hún hér í fyrsta skipti opinberlega. Vonandi kemur frummyndin, fullgerð pennateikning, fram í dagsljósið, því hún á auðvitað heima í Sigmúndssafninu, sem nú er orðið þjóðareign og verður vonandi sett upp fyrr en varir á glæsilegan hátt í Vestmannaeyjum eins og forsætisráðherra hefur haft orð um en Byggðasafn Vestmannaeyja og skjalasafn sér um að koma safninu í tölvutækt form.

### Með þrjár í takinu á hverjum degi

Sigmúnd vinnur mjög skipulega við teikningar, alla daga, og hann er nær alltaf með þrjár myndir í takinu í einu hvern dag. Eina mynd sem hann er að fullgera, eina sem hann er að byggja upp og eina sem hann byrjar á.

Fyrri hluta starfsævinnar vann Sigmúnd við verkstjórn í fiskvinnsluhúsum bæði norðanlands og sunnanlands auk þess að vinna sífellt að uppfinningum véla og búnaðar sem var til mikilla bóta í fiskvinnslu og sjávarútvegi og ekki síst í öryggi sjómanna. Að þessu leytinu til hefur Sigmúnd stundum verið eins og heil stofnun fyrir utan allt annað því fjölhæfni hans er ekki einleikin: teiknari, uppfinningamaður, módelsmiður, tónlistarmaður og listmálari svo eitthvað sé nefnt.

Um 1960 trollaði Helga Ólafsdóttir, ung og glæsileg Eyjastúlka, Sigmúnd til Eyja og síðan hefur hann gert út þaðan með teiknipenna sínum hvort sem er í skopmyndagerð, sem hefur æði oft alvarlegan undirtón eins og undiralda hafsins þótt létt leiki báran við berg og sker, eða í teikningum véla og tækja og öryggisbúnaði fyrir sjómenn sem hefur skipt sköpum í björgun tuga mannslífa sjómanna. Fyrir það framlag var Sigmúnd veitt gullmerki Sjómannadagsins í Vestmannaeyjum og fálkaorða íslenska lýðveldisins

### Að tefla á tæpasta vað í teikningunni

Það þarf mikið þrek, seiglu og lífsgleði að hafa staðið í brúnni á Sigmúnd VE í yfir fjörtíu ár og vera alltaf á útkikkinu. Sigmúnd er eins og aflaklærnar sem sem finna alltaf lóðningar og lenda alltaf í fiski, hafa rífandi fiskinef. En torfur Sigmúnds eru ekki þorskur og síld eða annað úr þeirri rómuðu fánu hafsins. Torfur hans eru íslenska þjóðlífið frá degi til dags, menn og málefni, séð með augum skopteiknarans og úr þessum mannlífstorfum skapar hann með penna sínum túlkun sem hefur fært Íslendingum skemmtun og ómælda gleði um áratuga skeið og um leið jákvæða gagnrýni á eitt og annað í samfélaginu, gjörðum og stíl. Að öllu jöfnu sækir Sigmúnd myndefni sitt í fyrirsagnir blaða og hann hefur aldrei búið til fyrirsögn á myndir sínar, en oft dugir fyrirsögnin og meðfylgjandi frétt eða frásögn ekki í mynd Sigmúnds og þá fangar hann í myndina umræðuna og stemninguna í þjóðfélaginu, bæði frá mannamótum og úr fjölmiðlum ljósvakanna. Eitt af sérkennum Sigmúnds fyrir utan sígilt skop er tæknihlið mynda hans og stundum á hann það til að tefla á tæpasta vað, til að mynda á vettvangi kynlífsins. Það er til marks um ferskleika Sigmúnds að þetta síðastnefnda hefur síður en svo rjátlast af honum með aldrinum.

Það fer ekkert á milli mála að Sigmúnd Jóhannsson teiknari hefur ákveðnar skoðanir þótt hann sé sjaldnast að túlka þær í myndum sínum, en það segir mikið sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði þegar hann skrifaði undir samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um kaup á myndasafni Sigmúnds skömmu fyrir jól að það væri aðalsmerki Sigmúnds að hann væri alltaf skemmtilegur og meiddi aldrei þótt auðvitað hvessti í verkum skopmyndateiknarans.

### Fylgifiskarnir eru nauðsynlegir í svona myndgerð.

„Ég hef alltaf haft þessa þrá að teikna," sagði Sigmúnd aðspurður, „og myndir mínar byggjast á því að lýsa með mínum augum því sem aðrir eru að gera."

Stundum þegar maður spyr Sigmúnd um ákveðnar teikningar eða atriði í þeim kraumar í honum, tístir nánast eins og vorfuglarnir, en hann notar ekki mörg orð

## Einstakur maður og brautryðjandi

„Sigmúnd hefur lýst skoðunum sínum á mönnum og málefnum líðandi stundar á síðum Morgunblaðsins í fjóra áratugi með sínum hætti," segir Styrmir. „Sýn hans á íslenskt þjóðfélag er óvenjuleg og sérstök. Ég velti því oft fyrir mér, hvernig einstaklingur, sem býr í fámennu eyjasamfélagi og fylgist með þjóðlífinu úr fjarlægð getur haft svo sterka tilfinningu og skilning á því, sem er að gerast í kringum okkur og fram kemur í myndum hans og hefur skapað nýja hefð." Ef til vill er það hins vegar styrkleiki Sigmúnds að vera ekki staðsettur í hringiðu höfuðborgarinnar þar sem það fer þverrandi að maður sé manns gaman. Það er líf fyrir utan Elliðaárnar, blússandi líf og menning, persónulegt samfélag í byggðum landsins, hlýtt og hvetjandi þótt halli undan fæti að sumu leyti. Það er líka vítt til veggja í Eyjunum, hafið til allra átta, endalaust haf og víðátta. Aðstæður landsbyggðarinnar skapa annarskonar yfirsýn en höfuðborgin, þótt góð sé, kannski meiri víðsýni og tillitssemi.



**STYRMIR GUNNARSSON,** ritstjóri Morgunblaðsins.


ÞJÓÐDANSAFÉLAG REYKJAVÍKUR STOFNAÐ 17 JÚNÍ 1951

LÆRIÐ AÐ DANSA!

Dansnámskeið hefst mánudaginn 10. jan. n.k
Kenndir verða gömludansarnir, sérdansar ofl.
kl. 20 - 21 byrjendur
kl. 21 - 22 framhald
kr. 6.000.-

Barna- og unglinganámskeið hefst þriðjudaginn 11. jan.
Kenndir verða gömludansarnir ásamt íslenskum og erlendum þjóðdönsum ofl.

| | | |
|---|---|---|
| kl. 17.30 - 18 | 3 - 5 ára | kr. 3.000.- |
| kl. 18 - 18.45 | 6 - 8 ára | kr. 4.500.- |
| kl. 18.45 - 19.30 | 9 - 12 ára | kr. 4.500.- |
| kl. 19.30 - 20.15 | unglingar | kr. 4.500.- |

TAKIÐ ÞÁTT Í DANSINUM!

Þjóðdansar verða á fimmtudögum kl. 20
Dansaðir verða þjóðdansar frá ýmsum löndum.
Aðgangur ókeypis.

Opið hús verður á miðvikudögum kl. 20.30
Við dönsum gömludansana annan hvern miðvikudag.
Aðgangur kr. 600.- kvöldið.

Kennt er í sal félagsins Álfabakka 14
Upplýsingar og skráning í síma 587 1616 og 567 5777
Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14 A




**SIGMÚND Í SIGMÚND** Teiknarinn knái gerði sér mat úr gagnrýni listfræðinga á kaupin á Sigmúndssafninu.

Þetta er mjög alvarlegt tilfelli með peyjann ykkar, hann er með snilligáfu á háu stigi, hann verður að fá túss beint í æð tvisvar á dag, fyrst teiknar hann af ykkur skrípó í 40 ár, selur ykkur svo allt klabbið.

til svara. Hann er búinn að tala út í myndinni. „Jú, auðvitað fá ýmsar persónur sína fylgifiska á löngu tímabili, svipbrigði og áhersluatriði sem fylgja þeim oft áfram,“ svarar Sigmúnd. „R-lista bykkjan var til dæmis gæðingur Ingibjargar Sólrúnar sem borgarstjóra, en gæðingurinn byggðist á yfirbreiðslunni, einhverjum löppum og tréhaus. Sólgleraugun hans Davíðs urðu til á sínum tíma þegar Íslendingar voru að flytja í hópum til Danmerkur en Davíð sá ekkert nema góðæri framundan á Íslandi og fólksflóttinn haggaði honum ekki. Hann var bjartsýnin uppmáluð og þegar hún var mest var ekkert annað að gera en að setja á hann þreföld sólgleraugu. Það er eitt af einkennum Davíðs að vera alltaf bjartsýnn, hann bregst aldrei. Tilkoma Tjarnarandarinnar sem fylgir Davíð oft í myndum mínum byggist á því að Davíð lét passa vel upp á það í sinni borgarstjóratíð að öndunum á Tjörninni væri gefið en svo lét Ingibjörg Sólrún hætta að gefa þeim daglega brauðið og maður varð hræddur um að þær myndu svelta. En öndin hefur fylgt Davíð frá því að hann var í ráðhúsinu og öndin hefur lent í mörgum ævintýrum með honum, enda sjást viðbrögð hennar oft hvort sem hún grípur fyrir augun eða bregður á leik. Fylgifiskarnir eru nauðsynlegir í svona myndgerð, hic blaðran hjá Jóni Baldvini vegna veislugleði hans og drullusokkurinn gripið til drullusokks til þess að berja á óboðnum gestum sem talið var að væru að ryðjast inn á heimili hans í Vesturbænum. Oft er ótrúlegustu hlutum hnýtt saman til þess að auka leikgleðina á sviðinu og þar kemur teikningin til áherslu í stað orða.“

Spurður hvort Sigmúnd skemmti sér vel við teikniborðið svarar hann: „Það er nú svo að það er fyrst og fremst alvarleg vinna að teikna skopmyndir í þeim dúr sem ég geri. Þetta er tímafrek vinna og maður þarf að vera iðinn við kolann til þess að teikna mynd á dag að meðaltali, en það kemur auðvitað fyrir að maður fer út úr alvarlegheitunum og brosi bregður fyrir. Ég er að reyna að myndskreyta samtíðina í ljósi þess að menn geti haft gaman af því í leiðinni. Ég reyni alltaf að hafa mínar persónur brosandi og svo hef ég líka sérstaklega gaman af því að tæknivæða myndirnar ef tilefni gefst til og það er náttúrulega árátta sem byggist á því að ég hef verið að búa til vélar og tæki síðan ég man eftir mér.“ ■



**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Sigmúnd teiknari ásamt Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra við undirritun samnings um kaup ríkisins á teiknimyndasafni Sigmúnds.

**MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR þjóðminjavörður.**
„Mér finnst Sigmúnd ákaflega skemmtilegur þjóðlífsspegill. Hann er oft mjög naskur á að fanga aðalatriðin á hverjum tíma. Það hljóta allir að hafa gaman af myndum Sigmúnds og það er þekkt að þeir sem hann tekur fyrir eru montnir yfir því að vera með. Myndirnar hans eru skemmtilegar skopmyndir þar sem hann nær oft að setja kjarna málsins í hnotskurn.“

**BJARNI JÓNSSON listmálari.**
„Ég er mjög hrifinn af teikningum Sigmúnds og hef fylgst vel með honum. Hann er mjög snjall og ég skil ekki hvernig menningarvitarnir eru að ybba sig út af honum, þetta er bara hrein og klár öfund og ég skil það svo sem, því ég hef lent í þeim sjálfur. Það er mjög gott að ríkið hefur keypt myndir Sigmúnds. Ég teiknaði í Spegilinn á sínum tíma í þrjú ár og er svolítið kunnugur þessu. Sigmúnd er hárfínn húmoristi.“

**GEIR H. HAARDE fjármálaráðherra.**
„Ég fylgist alltaf með myndum Sigmúnds í Morgunblaðinu, hef gert það í áratugi og hef alltaf haft gaman af þeim. Hann hittir oft mjög skemmtilega og óvænt í mark. Mér finnst í raun að myndir hans séu ámóta fastar í sessi og haus Morgunblaðsins og aðrir fastir liðir í blaðinu þótt allt sé auðvitað endalaust að taka breytingum.“

**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR blaðamaður.**
„Sigmúnd er ótrúlega glöggur og flinkur og það er rosalega skemmtilegt að hafa einhvern svona óháðan í þessu hlutverki, því það fer ekkert á milli mála að honum er ekki sniðinn stakkur af neinum öðrum en honum sjálfum. Það er því mjög dýrmætt fyrir bæði Morgunblaðið og þjóðina alla að eiga svona listamann sem er svo næmur fyrir kvikunni og getur teiknað sína sýn á hana með óbundnar hendur og á þann hátt að fólki er skemmt og líður vel. Það er dýrmætt að hafa í öflugum fjölmiðli mann sem dregur upp á hverjum degi svipmyndir af mönnum og málefnum. Það er ótrúlegur hæfileiki að geta skrifað söguna á þennan hátt með sínum hætti, ekki síst þar sem við lifum á tímum myndarinnar.“

**BJARNI SIGURBJÖRNSSON bóndi á Eiði í Kolgrafarfirði.**
„Mér fellur vel húmorinn hjá kappanum, maður fylgist alltaf með Sigmúnd. Hann er svolítið alvörugefinn líka, segir sögur með nokkrum gálgahúmor og maður hlær stundum með rokum. Myndir Sigmúnds segja í rauninni allt, hann nær öllu fram varðandi þann atburð eða atvik sem hann er að fást við og teikna hverju sinni.“

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR fyrrverandi borgarstjóri.**
„Það er mjög mikilvægt að við eigum einhvern sem gerir skopmyndir af mannlífinu og þjóðlífinu og málsmetandi fólki. Myndir Sigmúnds eru mikil viðbót við þjóðfélagsgagnrýnina og þessa flóru samfélagsins. Þetta er í rauninni prenthliðin á Spaugstofunni. Sigmúnd hefur haldið þessu á lofti og það er mikilvægt, bæði gamanið og alvaran, því oft nær hann að fjalla um alvarlega atburði á kostulegan hátt. Svo geta menn haft skoðun á því hvernig þeir eru teiknaðir og hvaða symból fylgja, drullusokkurinn hjá Jóni Baldvin, kýrin hjá Gylfa Þ., hjá mér R-lista merin og þessi symból fá í rauninni sjálfstætt líf og fólk hættir að hugsa um hið raunverulega tilefni, nema það liggi í undirmeðvitundinni. Engu að síður verða symbólin hluti af túlkun Sigmúnds á ákveðnum persónum.“

**ÓLAFUR KVARAN forstöðumaður Listasafns Íslands.**
„Ég lít á myndir Sigmúnds sem athugasemdir við tíðarandann og atburði líðandi stundar og hann er einn af fáum á þessu sviði, enda augljóst að mannlífið á Íslandi væri fátækara ef hans nyti ekki við. Verk Sigmúnds eru skemmtilegt innlegg í samfélagið. Þjóðfélagið er góður vettvangur fyrir skopteiknara og burtséð frá inntakinu er það magnað að einn teiknari hafi sinnt þessu í áratugi.“

**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON hæstaréttardómari.**
„Það auðgar þjóðfélagsumræðuna í samfélaginu að hafa þann flöt sem myndir Sigmúnds byggja á og það er oft mjög margt hnyttið sem hann er að túlka, mjög gaman að því og ekkert nema gott um það að segja. Sigmúnd er búinn að vera lengi á síðum Morgunblaðsins og margir hafa komið við sögu þannig að safnið með myndum hans er mjög merkilegt safn.“

**HJÁLMAR ÁRNASON alþingismaður.**
„Það er þrennt sem mér finnst sérstaklega eftirtektarvert við Sigmúnd. Í fyrsta lagi ómetanlegt framlag hans í aldarspegil Íslands um 40 ára skeið þar sem hann hefur teiknað sögu þjóðarinnar í spéspegli sem þjóðin elskar. Þá er sérstakt hvað hann er hugmyndaríkur og merkilegur hugvitsmaður varðandi tæknilegar uppfinningar og svo er hann einstakur húmoristi með stórt og hlýtt hjarta.“

**HELGA ÞORBERGSDÓTTIR hjúkrunarfræðingur í Vík í Mýrdal.**
„Ég ólst upp með teikningum Sigmúnds í bernsku, skoðaði alltaf myndir hans og skoða þær ennþá og hef alltaf jafn mikið gaman af þeim. Það er fastur liður að fletta alltaf upp á myndum Sigmúnds og hefur alltaf verið frá því að ég byrjaði að fletta Mogganum.“

**ÓLAFUR ÁSGEIRSSON þjóðskjalavörður.**
„Sigmúnd hefur skrifað sérstakan þátt í stjórnmálasögu landsins með verkum sínum. Í danska þinginu er sagan til að mynda sögð með skopmyndum þar sem danski húmorinn kemur fram á skemmtilegan hátt. Þetta er alltaf skemmtilegt þótt sumir sem fjallað er um séu ef til vill ekki alltaf ánægðir við fyrstu sýn. Ég hef alltaf fylgst með Sigmúnd og haft gaman af og margir hafa talið sig ná langt að komast í mynd hjá Sigmúnd. Húmorinn hans er ekki alltaf minn húmor, en sem heild er safn hans afar merkilegt.“

Greiðendur fasteignagjalda í Reykjavík

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, þ.e. sjálfvirkum færslum á VISA-kreditkort, og sleppa við heimsendan gíróseðil og seðilgjald.

**Áhugasamir hafi samband:**
Með símtali: **560 0300, 560 0350, 563 2062**
Með tölvupósti: **tollstjori@tollstjori.is**
Með símbréfi: **562 5826**
Með bréfi: **Tollstjórinn í Reykjavík, afgreiðsludeild, Tryggvagötu 19, 150 Reykjavík**

**Athugið að þeir sem þegar greiða þessi gjöld með boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur.**

**Auðveldasta leiðin til að safna Vildarpunktum er að setja föstu greiðslurnar á kortið**

• Skoðaðu punktastöðuna á www.vildarklubbur.is



VISA BOÐGREIÐSLUR
www.visa.is

# Til hamingju með afmælið elsku Elvis!



**Konungur rokksins hefði orðið sjötugur í dag væri hann enn á lífi. Borghildur Gunnarsdóttir rakti sögu þessa frábæra tónlistarmanns og ræddi við Björgvin Halldórsson um goðið.**

*"Sumir stappa niður fætinum, aðrir smella fingrum og enn aðrir hreyfa sig til og frá. Ég býst við að ég geri þetta bara allt í einu."*
*-Elvis Presley, 1956, um hreyfingar sínar á sviði.*

Fyrir sjötíu árum í dag, þann 8. janúar 1935, fæddi Gladys Presley tvíburasyni á heimili sínu í Tupelo Mississippi. Sá fyrsti fæddist andvana en hinn spriklandi og í fullu fjöri. Gladys og maður hennar Vernon Presley höfðu ekki hugmynd um að þarna væri kominn einn áhrifamesti tónlistarmaður heims þó langt væri leitað. Sonurinn var nefndur Elvis Aaron Presley.

### Fyrsti gítarinn

Elvis ólst upp í mikilli fátækt. Tónlistin var stór hluti af uppeldi hans og þá sérstaklega kirkjutónlist. Auk hennar ólst hann upp við blús svartra götuspilara sem höfðu mikil áhrif á hann. Hann var aðeins 12 ára þegar honum áskotnaðist sinn fyrsti gítar. Hann hafði þó óskað sér reiðhjóls en foreldrar hans höfðu ekki efni á slíkum lúxus.

Fjölskyldan flutti til Memphis og unglingurinn Elvis varð fljótt þekktur fyrir söng sinn og gítarspil. Að sumri til, aðeins átján ára, læddist hann feiminn inn í stúdíó í Memphis, heimili Sun-plötufyrirtækisins og tók upp prufu af lögunum „My Happiness" og „That's When Your Heartaches Begin." Plötuna gaf hann móður sinni í afmælisgjöf. Starfsmaður stúdíósins veitti þessum unga hæfileikamanni athygli og stakk upp á því við yfirmann sinn, Sam Phillips, að fá hann til þess að taka upp fleiri lög.



**STELPUFÁR** Fljótlega eftir að Elvis fór að syngja opinberlega áttuðu stelpurnar sig á því að þarna á ferðinni var gríðarlega heillandi maður.

### Heitasta stjarnan

Fyrsta lagið sem Elvis tók upp var lagið „That's All Right" eftir Arthur Crudup. Árið 1955 tók Colonel Tom Parker að sér umboðsstarf fyrir Elvis og þá fóru hlutirnir að gerast fyrir alvöru fyrir þennan unga sjarmör. Hálfu ári síðar skrifaði hann undir samning hjá RCA plötuútgáfunni. Elvis var nú orðinn heitasta stjarnan í tónlistarbransanum. Meðal fyrstu laga sem hann tók upp fyrir RCA var lagið „Heartbreak Hotel" og Elvis heillaði alla upp úr skónum með blúsuðum söng og gífurlegri útgeislun. Lagið fór beint á topp Billboard listans, seldist í yfir milljón eintökum og færði honum sína fyrstu gullplötu. Í mars árið 1956 var fyrsta platan gefin út og nefndist einfaldlega Elvis Presley. Hún fór að sjálfsögðu líka beint á toppinn og var fljót að ná gullsölu.

### Elvis sigrar heiminn

Þó svo að það virðist skrítið núna var Elvis mjög umdeildur fyrir sviðsframkomu sem mörgum þótti allt of gróf og móðgandi. Hann hafði sérstakar hreyfingar sem höfðu ekki sést áður og hristi sig og skók með tónlistinni. Eftir að hafa komið fram nokkrum sinnum í sjónvarpi var gripið til þess ráðs í þætti Ed Sullivan að sýna Elvis aðeins frá mitti og upp. Söngvarinn greip þá einfaldlega til þess ráðs að dansa meira með höndunum og efri hluta líkamans.

Í ágúst 1956 hófust upptökur á fyrstu mynd Elvis, Love Me Tender. Að sjálfsögðu sló myndin í gegn og gagnrýnendur voru jafnvel ekkert svo óhrifnir af frammistöðu Elvis sem leikara. Á þessum tíma var varningur með nafni Elvis og myndum af honum gríðarstór hluti af þessu heljarinnar fyrirbæri sem hann var orðinn. Hattar, bolir, strigaskór, skyrtur, blússur, belti, töskur, veski, armbönd, hálsmen, hanskar, styttur, varalitir, rakspírar og fleira voru meðal þeirra vara sem framleiddar voru með hans nafni. Enn þann dag í dag heldur markaðssetning á þessum vörum áfram því eftirspurnin hættir aldrei. Árið 1956 var því árið sem Elvis kom sá og sigraði og breytti heiminum til frambúðar.

### Sendur í herinn

Graceland býlið keypti Elvis árið 1957 fyrir sig og fjölskyldu sína. Húsið er heimsfrægt í dag og í því er staðsett safn þar sem túristar og aðdáendur geta upplifað hinn sanna anda Elviss. Einnig er húsið þar sem goðið fæddist, í Tupelo Mississippi, opið fyrir gestum.

Líf söngvarans breyttist þegar hann var kallaður í herinn þann 24. mars 1958. Í ágúst gerðist svo sá sorglegi atburður að móðir Elvis dó. Elvis var svo fluttur til Þýskalands þar sem hann kynntist tilvonandi eiginkonu sinni, Priscillu Beaulieu. Elvis var tvö ár í hernum og fékk sömu meðferð og hver annar hermaður. Hann óttaðist þó að þegar hann kæmi aftur myndu aðdáendur hafa gleymt honum. En hann átti enn eftir að sjá stjörnu sína skína bjartar en nokkurn tíma. Á næstu árum lék hann í ótal myndum; GI Blues, Blue Hawai, Wild In The Country, Girls Girls Girls, Follow That Dream og mörgum fleirum. Presley-bíóformúlan svokallaða virtist virka; einfalt plott, skrautlegt umhverfi, nóg af Elvis-lögum og fullt af sætum stelpum.

### Djammaði með Bítlunum

Árið 1964 fór að heyrast meira frá Bretlandi í tónlistarbransanum þegar Bítlaæðið byrjaði. Elvis var þá orðinn þreyttur á lífinu, tónlistinni og endalausum kvikmyndaleik. Í ágúst 1965 kíktu Bítlarnir í heimsókn til Presleys í nokkra klukkutíma þar sem þeir djömmuðu saman. Því miður hugkvæmdist engum að taka djammið upp með einhverjum hætti.

Ferill Elvis fór nú versnandi og myndunum hans gekk sífellt verr. Priscilla og Elvis giftust árið 1967

KOLAPORTIÐ
OPIÐ
um helgina frá kl. 11-17

www.lyfja.is
20% afsláttur
25% afsláttur af blóðfitumælingu
EAS SAGAMEDICA vega NOW Nupo SOLGAR FUTURA HUSK GERIMAX easy body BIOMEGA VITABIOTICS LifeStream
Af öllum vítamínum, fæðubótarefnum og bætiefnum meðan birgðir endast.
Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju dagana 4.-8. janúar.
LYFJA



**ELVIS SNÝR AFTUR!** Eftir margra ára kvikmyndaleik sneri Elvis aftur ferskari en nokkru sinni í sjónvarpsþættinum „The '68 Comeback".

og eignuðust einkadóttur sína, Lisu Marie árið 1968. Hjónaband þeirra varð þó ekki langlíft og þau skildu árið 1973.

Í júní 1968 kom Elvis fram í sjónvarpi í þættinum The '68 Comeback og var þátturinn tileinkaður honum. Þarna var hann löngu orðinn þreyttur á kvikmyndunum og hafði lítið sést utan þeirra. Hann kom því ferskur inn í senuna og 33 ára að aldri var hann betri en nokkru sinni fyrr. Náttúrulegir hæfileikar hans, útgeislun og sjarmi hafði ekki farið neitt og áhorfendur trylltust. Í lok þáttarins kom Elvis fram í hvítum jakkafötum og söng nýtt lag; hið gífurlega fallega If I Can dream. Kröftugur söngurinn og sterk nærvera hans í laginu var einn af hápunktum söngferils Elvis. Mörgum árum seinna minntist rithöfundurinn Greil Marcus þáttarins á eftirfarandi hátt: „Þetta var flottasti tónlistaratburður í lífi Elvis Presley. Ef einhvern tíma var flutt tónlist sem blæðir úr þá var það þarna."



**Las Vegas** Á næstu árum hélt Elvis marga tónleika í Las Vegas á svokölluðu „Vegas-tímabili" kappans. Hann sló út öll aðsóknarmet og margsinnis sín eigin.

### Síðustu tónleikar kóngsins

Á næstu árum kláraði hann kvikmyndasamning sinn og gat snúið sér að tónlistinni af öllu hjarta. Elvis fór í heljarinnar tónleikaferðalag til Las Vegas árið 1969 og sló í gegn enn einu sinni. Þarna klæddist Elvis fyrst galla sem minnti helst á karatebúning og var hannaður af Bill Belew. Sú var byrjunin á hinum fræga Elvis-galla sem eftir að leið á varð sífellt skrautlegri. Árið 1970 gaf hann út mörg sinna bestu laga og má þar helst nefna In The Ghetto, Suspicious Minds, Don't Cry Daddy og Kentucky Rain. Á árunum 1970-1973 fór Elvis sigurför um heiminn og söng á ótal tónleikum. Hann toppaði aðsóknarmet hvað eftir annað og var aftur orðin skærasta stjarnan.

Á seinni hluta ársins 1973 var Elvis sendur á spítala vegna lungnabólgu, ristilvandamáls og lifrarbólgu. Hann hafði barist við heilsuvandamál í nokkurn tíma einnig vegna þeirrar staðreyndar að hann virtist vera háður lyfseðilsskyldum lyfjum. Einnig átti söngvarinn í vandræðum með þyngdina. Á síðustu árum ævinnar var Elvis duglegur að syngja á tónleikum en heilsu hans fór hratt versnandi. Þann 26. júní 1977 kom hann fram á sínum síðustu tónleikum. Á vídeóupptöku frá tónleikunum sést hversu illa hann var haldinn en hve gífurlega sterk og falleg rödd hans var enn. Þann 16. ágúst 1977 lést Elvis úr hjartagalla. Sorgarfréttin barst um heiminn á nokkrum klukkutímum. ■

## Bandaríska flaggið

**–Björgvin Halldórsson, söngvari og Elvis-aðdáandi**



„Elvis er bandaríska flaggið! Þegar hann sló í gegn árið 1956 þá var ég fimm ára og hann hefur haft mikil áhrif á mig eins og alla. Elvis gat sungið allt og það sem kitlaði eyrun á fólki var sú staðreynd að Elvis söng frá hjartanu. Ég gæti ekki valið eitt einasta lag sem er í uppáhaldi hjá mér. Hann tók upp svo gríðarlegt magn af lögum og auðvitað eru mörg sem falla í skuggann. En ef ég ætti að velja eitt lag þá væru svona um þrjátíu lög sem væru hæst á stallinum."

Björgvin Halldórsson er annálaður Elvis-aðdáandi og hefur safnað að sér nánast öllu sem kóngurinn hefur gefið út. „Ég á mikið af skemmtilegum útgáfum sem eru gefnar út í fáum eintökum. Ég á þó enn eftir að fara til Graceland. Sú pílagrímsferð er eftir og hún verður sennilega farin á þessu ári eða því næsta."

Aðspurður hvaða Elvis-tímabil hann kunni best að meta segir hann: „Ég er ofsalega hrifinn af rokktímabilinu áður en hann fór í herinn. Lennon sagði að rokkið hefði dáið þegar Elvis fór í herinn og ég upplifði það svolítið þannig. Ég var ekki mikið hrifinn af bíómyndatímabilinu þó svo að fyrstu myndirnar hafi verið góðar, eins og Love Me Tender, King Creole og Jailhouse Rock. Þetta varð svo að allt of mikilli fjöldaframleiðslu þar sem þeir fóru yfir eina helgi og gerðu eitt stykki bíómynd. Svo var ég reyndar gríðarlega hrifinn af Las Vegas-tímabilinu. Meira að segja hafði ég mjög gaman að honum þegar hann var orðinn gamall og veikur því röddin var sjaldan fallegri en einmitt þá."

Björgvin segir Elvis hafa lengi vel látið sig dreyma um að fara í tónleikaferðalag um Evrópu. „Hann fór aldrei út fyrir Ameríku í tónleikaferðalag, hann fór aðeins í tónleikaferðalag til Hawai og þá er það komið. Það eru margar sögur uppi um ástæður þess að úr Evrópuferð varð aldrei. Ein sagan segir að Colonel Parker, umboðsmaðurinn, hafi verið ólöglegur innflytjandi. Hann var víst ekki hrifinn af því að Elvis færi til Evrópu og dró úr honum vindinn. Ástæðan var auðvitað sú að Parker hefði aldrei komist aftur inn í landið! „

Björgvin minnist á þá staðreynd við blaðamann að kóngurinn hafi átt tvíbura sem lést í fæðingu. „Ímyndaðu þér! Ímyndaðu þér að hafa tvo Elvisa! Hann var snillingur og ekkert annað. Æðislegur söngvari, ofsalega músíkalskur, fjallmyndarlegur, hann hafði það allt! Hann var engum líkur. Þeir brutu mótið eftir að þeir gerðu Elvis. Hann er náttúrlega bara kóngurinn!"

ÚTSALAN
ER HAFIN Í HOLE IN ONE

15% - 70%
AFSLÁTTUR



Fatnaður 30% - 50% - 70% afsláttur
Skór allt að 60% afsláttur
Hálft golfsett með standpoka á 9.900,-
Golfkerrur frá 1.990,-
Þríhjólakerrur frá 3.900,-
Golfsett allt að 50% afsláttur
Barnakylfur frá 990,-

og fleira og fleira
Löng opnunarhelgi: laugardag 10-18, sunnudag 12-16

Hole in One
GOLFVERSLUN

Hole in One • Bæjarlind 1-3 • sími 577 40 40 • www.holeinone.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI
Allt námsefni er framleitt sérstaklega til miðlunar á Internetinu í formi texta, hljóðs og myndskeiða

Engin sérstök haustönn, vorönn, jólafrí eða sumarfrí. Engin sérstök stundaskrá, innritunardagar eða prófdagar. Hægt er að hefja námið á hvaða tíma ársins sem er og stunda það hvenær sem er og hvar sem er. Nemendur stjórna hraða námsins og velja sér prófdag sem hentar. Nemendur geta tekið eitt námskeið í einu eða fleiri saman. Í boði er sjálfsnám með liðveislu eða nám með sérstakri aðstoð kennara.

Námsumhverfið er einfalt og myndrænt og allt á íslensku. Nemendur geta horft á og endurtekið fyrirlestra kennara og fylgst með útskýringum þeirra á töflu líkt og í hefðbundinni kennslustund. Námsefni er brotið upp í stuttar lotur allt frá 5 mín. að lengd. Gagnvirk próf og æfingar hjálpa nemendum að þjálfa sig og auka færni sína. Lokapróf geta nemendur tekið á vottaðri prófstöð innanlands sem utan.

Auglýst er eftir umsóknum til verslunarprófs eða stúdentsprófs
á félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskiptabraut

WWW.MENNTAVEFURINN.IS
Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu fjarnámsins

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

# Í músíkölsku sambandi

**Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari hefur náð langt úti í hinum stóra heimi. Kolbrún Bergþórsdóttir ræddi við hann um tónlistina og uppvaxtarárin.**

Sigurbjörn Bernharðsson hefur náð undraverðum árangri sem fiðluleikari hins eftirsótta og verðlaunaða strengjakvartetts Pacifica, sem mun leika á Listahátíð í Reykjavík á næsta ári. Kvartettinn nýtur mikillar viðurkenningar og heldur um áttatíu tónleika á ári í Ameríku, Evrópu og Asíu. Hann er tengdur tveimur háskólum í Bandaríkjunum, University of Illinois og University of Chicago og er einnig á samningi hjá Lincoln Center í New York þar sem kvartettinn spilar að meðaltali annan hvern mánuð. Nýlega lauk Pacifica við upptöku á kvartettum eftir Felix Mendelsohn og sá diskur kemur út nú í byrjun árs.

Pacifica hefur starfað í tíu ár. Auk hins íslenska Sigurbjarnar sem leikur á fiðlu er þar annar fiðluleikari, Simin Ganatra, sem er hálf pakistönsk og hálf amerísk, Masumi Per Rostad, fiðluleikari sem er hálf japanskur og hálf norskur og sellóistinn Brandon Vamos er hálf ungverskur og hálf rússneskur. „Við komum úr ólíkum menningarheimum og það er bara gott,“ segir Sigurbjörn. „Það sem er einna erfiðast við kvartetta er að finna þrjár manneskjur sem maður nær músíkölsku sambandi við, auk þess að eiga við þær gott persónulegt samband. Sumir hafa líkt spilamennsku í strengjakvartett við það að vera giftur og maður er þá ekki giftur einni manneskju heldur þremur öðrum manneskjum.“



**PACIFICA** Brandon Vamos sellóleikari, Simin Ganatra fiðluleikari, Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari og Masumi Per Rostad fiðluleikari mynda kvartettinn Pacifica. „Sumir hafa líkt spilamennsku í strengjakvartett við það að vera giftur og maður er þá ekki giftur einni manneskju heldur þremur öðrum manneskjum,“ segir Sigubjörn.

### Umburðarlynd trúarmótun

Hann segir samband þeirra fjögurra ganga með miklum ágætum. Velgengnin hefur sannarlega verið mikil og það er nóg að gera. Sigurbjörn bendir á að gríðarlegur fjöldi tónverka hafi verið samin fyrir kvartetta. „Það er eitthvað við þessar fjórar raddir; tvær fiðlur, lágfiðlu og selló sem gerir það að verkum að tónskáld hafa verið að skrifa fyrir kvartetta allt frá dögum Haydn og til dagsins í dag. Síðustu sex verk Beethovens voru allt strengjakvartettar. Flest af síðustu verkum Mozart voru strengjakvartettar. Síðustu verk Bartoks voru strengjakvartettar og svo má lengi telja.“

Sigurbjörn ólst upp á heimili þar sem tónlist var í höfð í hávegum. Móðir hans, Rannveig Sigurbjörnsdóttir, lék á píanó og eldri systir hans, Svava Bernharðsdóttir, er lágfiðluleikari. Sjálfur byrjaði Sigurbjörn að æfa sig á fiðlu fimm ára gamall. Hann er barnabarn Sigurbjörns Einarssonar biskups og faðir hans er Bernharður Guðmundsson, rektor í Skálholti. Sigurbjörn segist hafa alist upp á mjög trúuðu heimili. „Trúin var sjálfsagður og eðlileglegur þáttur í lífi mínu og mótaði lífssýn mína. Íslensk trúarmótun einkennist af umburðarlyndi og maður er þakklátur vegna þess veganestis.“

### Minningar frá Eþíópíu

Fjölskylda Sigurbjarnar flutti til Addis Ababa í Eþíópíu, þegar Sigurbjörn var níu mánaða gamall en þar starfaði faðir hans við alþjóðlega kristilega útvarpsstöð. „Þetta voru fyrstu fjögur ár ævi minnar og minningarnar eru óljósar. Ég man bara glefsur,“ segir Sigurbjörn, „en það er merkilegt að það hefur alltaf fylgt mér sterk tilfinning fyrir Eþíópíu og því að hafa búið þar. Ef ég fer á eþíópískan veitingastað og hitti fólk frá landinu finnst mér ég alltaf þurfa að gefa mig á tal við það.“

Sigurbjörn hefur dvalið í Bandaríkjunum frá árinu 1991 og býr nú í Chicago. Hann dvaldi hér á landi um jólin en er farinn aftur til Bandaríkjanna. „Ég er í þannig starfi að ég gæti ekki búið á Íslandi því hér er ekki hægt að halda áttatíu tónleika á ári. Mér líður vel í Chicago og get lifað ágætu lífi á því að spila á fiðlu. Það er margt sem ég get verið þakklátur fyrir. En eftir því sem maður er lengur erlendis kann maður æ betur að meta Ísland og að sumu leyti verður heimþráin sterkari.“ ■




# Styrkir til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Tilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi. Hjá Landsvirkjun starfa um 260 starfsmenn með mjög fjölbreytta menntun.

Forgangsverkefni fyrirtækisins eru m.a. að taka þátt í fyrirhuguðum breytingum á skipulagi orkumála til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efla gæða- og umhverfisstjórnun. Mikil áhersla er lögð á nútíma mannauðsstjórnun með áherslu á þekkingarstjórnun, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

## Landsvirkjun auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna meistara- eða doktorsverkefna

Landsvirkjun starfrækir sjóð til styrktar nemendum á framhaldsstigi háskólanáms (meistara- og doktorsnám) sem eru að vinna að lokaverkefnum sínum og eru styrkir veittir úr sjóðnum árlega. Ákveðið hefur verið að verja samtals ***3 milljónum*** króna í námsstyrki á árinu 2005 og verður styrkjunum úthlutað í apríl næstkomandi. Hver styrkur verður að lágmarki ***400 þúsund*** krónur.

Markmið með námsstyrkjunum er að efla menntun og hvetja til rannsókna á hinum margvíslegu sviðum sem tengjast starfsemi Landsvirkjunar. Umsækjendur eru sérstaklega hvattir til að kynna sér hina fjölbreyttu starfsemi Landsvirkjunar á vefsíðu fyrirtækisins. Styrkjunum er ætlað að standa undir hluta af kostnaði við lokaverkefni sem hafin eru eða munu hefjast á árinu 2005. Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á verkefninu, meðmæli leiðbeinanda og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist starfsemi Landsvirkjunar.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila á skrifstofu Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum:
***„NÁMSSTYRKIR LANDSVIRKJUNAR 2005“***

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um styrkveitinguna og starfsemi Landsvirkjunar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Einnig veitir Bjarni Pálsson upplýsingar í síma **515 9000** og **BjarniP@lv.is**.

**Umsóknarfrestur er til 25. janúar 2005.**
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

**VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS**



**ATKINS-KÚRINN** Kolvetnasnauður matur er uppistaðan í Atkins-kúrnum.

# Er Atkins-kúrinn hollur?

HVERNIG GETUR MATARÆÐI EINS OG ATKINS-KÚRINN VERIÐ HOLLT?

Í fyrsta lagi er rétt að benda á það að alls ekki er svo komið að menn telji Atkins-kúrinn vera hollt mataræði. Sumir telja hins vegar að hann og aðrir kolvetnasnauðir megrunarkúrar geti gagnast þeim sem vilja léttast og virðast ýmsar nýlegar rannsóknir benda til þess að þyngdartap sé töluvert hjá þeim sem eru á þessum kúrum.

**Þyngdartapið er vegna minni orkuneyslu**

Þyngdartapið er þó ekki vegna kolvetnaskerðingarinnar eins og áður var talið, heldur einfaldlega vegna minni orkuneyslu, það er færri hitaeiningar eru innbyrtar. Ástæða minni orkuneyslu er meðal annars talin vera sú hve einhæft fæðið verður með því að takmarka neyslu margra fæðutegunda og jafnvel fæðuflokka. Ennfremur er orkuneyslan talin minni vegna aukinnar prótínneyslu samfara minni kolvetnaneyslu, en óhjákvæmilegt er að bæði magn og hlutfall prótína af orkunni aukist þegar kolvetni eru skert. Sýnt hefur verið fram á að prótín eru mest mettandi allra orkuefnanna í fæðunni (prótín > kolvetni > fita) og samkvæmt því mettast menn fyrr af prótínríku fæði.

**Blóðfita og þyngdartap**

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt meira þyngdartap eftir 6 mánuði hjá þeim sem eru á kolvetnasnauðum megrunarkúrum en þeim sem eru á fitusnauðum kúrum, en eftir 12 mánuði var enginn munur á þyngdartapi. Nokkuð hefur komið á óvart að blóðfita virðist ekki hækka hjá þeim sem eru á kolvetnasnauðum kúrum, þrátt fyrir að þeir megi borða ótakmarkað af fitu, en þetta er fyrst og fremst talið vera vegna þyngdartapsins en alls ekki kúrsins sjálfs. Ekki eru til rannsóknir á magni fitu í blóði þegar hægir á þyngdartapi hjá einstaklingum á kolvetnasnauðu mataræði. Rannsóknir á flogaveikum börnum hafa sýnt neikvæð áhrif kolvetnasnauðs mataræðis á blóðfitu sem gefur vísbendingu um að kolvetnasnautt fæði sem slíkt hafi alls ekki hagstæð áhrif á blóðfitu og henti þar af leiðandi ekki fólki í eða við kjörþyngd sem mun léttast lítið.

**Langtímaáhrif Atkins-kúrsins eru óþekkt**

Langtímaáhrif kolvetnasnauðra kúra á borð við Atkins eru ekki þekkt. Meðal augljósra ókosta slíkra kúra er að þeir eru trefjasnauðir og hætta er á skorti á ýmsum næringarefnum þegar fæðuval er svo takmarkað sem raun ber vitni í þessum kúrum. Ýmis mikilvæg næringarefni, ásamt trefjum, er að finna í kolvetnaríkum afurðum eins og grófu kornmeti, grænmeti og ávöxtum (sem algengar eru í makróbíótísku fæði), auk þess sem þessar afurðir eru ríkar af ýmsum öðrum efnum sem geta haft heilnæm áhrif, svo sem karótíníðum og flavoníðum.

**Hægðatregða og höfuðverkur**

Meðal helstu fylgikvilla kolvetnasnauðs fæðis á borð við Atkins-kúrinn eru hægðatregða og höfuðverkur. Einnig hafa vöðvakrampar, niðurgangur, almennur slappleiki, andremma og útbrot oftar verið nefnd sem fylgikvillar hjá þeim sem eru á kolvetnasnauðu fæði en þeim sem eru á fitusnauðu fæði. Vegna orkuleysis sem oft er samfara kolvetnasnauðum kúrum henta þeir verr með hreyfingu og líkamsrækt, sem að sjálfsögðu er mikilvægt þegar verið er að losa sig við umframmagn af fitu og byggja sig upp.

**Fitusnautt mataræði hollara**

Til lengri tíma litið má því segja að hentugra og skynsamlegra sé að velja fitusnautt fæði en kolvetnasnautt þar sem árangurinn verður að líkindum svipaður hvað varðar þyngdartap en að öðru leyti er fitusnauða mataræðið mun hollara og hentar betur með heilsusamlegum lífsstíl, og minni líkur eru á fylgikvillum á borð við þá sem nefndir eru hér að ofan. Þó er sjálfsagt að gæta þess á fitusnauðu fæði að borða fitu í einhverjum mæli, og þá frekar mjúka en harða, meðal annars til að fá lífsnauðsynlegar fitusýrur og fituleysanleg vítamín.

*Björn Sigurður Gunnarsson,*
*matvæla- og næringarfræðingur*
*á Rannsóknastofu í*
*næringarfræðum.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hvað eru margar rafeindir á hverju hvolfi, hvaðan koma nöfnin á mánuðunum, hvað eru efnatengi og hvað veldur gróðurhúsaáhrifum? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð í leitarvél vefsins á slóðinni www.visindavefur.hi.is






**sport**
sport@frettabladid.is

**Með allt á hreinu...**

*„Það munaði mikið um að Guðjón Valur Sigurðsson og Ólafur Stefánsson náðu sér ekki á strik en hvorugur þeirra skoraði í leiknum í kvöld.“*

***Þetta sagði Viggó Sigurðsson eftir síðari leik Íslands og Svíþjóðar. Hann þarf væntanlega að fá sér sterakri gleraugu fyrir HM í Túnis því Ólafur skoraði ekki eitt, heldur tvö mörk í leiknum.***



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

5 6 7 **8** 9 10 11

**Laugardagur**

### LEIKIR

- ☐ 14.00 **Laugdælir** og **Tindastóll** mætast á Laugarvatni í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í körfubolta kvenna.
- ☐ 14.00 **Grótta/KR** og **FH** mætast á Seltjarnarnesi í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 14.00 **ÍBV** og **Valur** mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 15.00 **Höttur** og **Breiðablik** mætast á Egilsstöðum í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í körfubolta karla.
- ☐ 16.15 **Stjarnan** og **Eskisehir Osmangazi** mætast í Ásgarði í Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna.

### SJÓNVARP

- ☐ 12.15 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Sheffield United** og **Aston Villa** í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- ☐ 14.10 **Áskorendakeppni Evrópu** á RÚV. Bein útsending frá leik **APS Makedonias** og **Spono Nottwill** í Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna.
- ☐ 14.30 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Oldham** og **Manchester City** í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- ☐ 16.20 **Áskorendakeppni Evrópu** á RÚV. Bein útsending frá leik **Stjörnunnar** og **Eskisehir Osmangaz** í Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna.
- ☐ 17.20 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Plymouth** og **Everton** í ensku bikarkeppninni.
- ☐ 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Atletico Madrid** og **Real Madrid** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.

# Reynsluleysi Stjörnunnar

Stjarnan lék sinn fyrsta leik í áskorendakeppni Evrópu í handknattleik kvenna í gær er liðið atti kappi við svissneska liðið Spono Nottwill. Stjarnan slapp með skrekkinn eftir æsispennandi lokamínútur og liðin skildu jöfn, 24-24.

Stjarnan tók á móti svissneska liðinu Spono Nottwill í áskorendakeppni Evrópu í handknattleik kvenna sem fram fór í Garðabæ. Þetta var fyrsti leikur Stjörnunnar á mótinu og þétt setinn áhorfendabekkurinn í Garðabænum.

Stjarnan byrjaði leikinn betur og náði tveggja marka forystu í byrjun. Stelpurnar voru fastar fyrir í vörninni og tóku duglega á svissnesku stelpunum. Stjarnan leiddi með einu til tveimur mörkum framan af fyrri hálfleik en náði aldrei að hrista gestina almennilega af sér. Spono Nottwill komst yfir um miðjan hálfleikinn og var jafnt á flestum tölum eftir það. Á þessum kafla lék Gabriel Kattmann feikivel og skoraði 7 af 9 mörkum sínum í fyrri hálfleik. Samherjar hennar áttu þó í vandræðum með Kristínu Guðmundsdóttur sem var liði sínu drjúg. Staðan í hálfleik var 13-13.

Stjörnustelpurnar mættu ákveðnar til leiks í byrjun seinni hálfleiks og komust í 17-14 eftir sex mínútur. Hekla Daðadóttir fór hamförum og skoraði sex mörk í seinni hálfleik. Þá átti Jelena Jovanovic stórleik og varði 12 af 15 skotum sínum í hálfleiknum.

Spono Nottwill var ekki af baki dottið og þegar tvær mínútur voru til leiksloka var jafnt, 24-24. Stjörnustelpur fengu fáein tækifæri til að tryggja sér sigur og sömuleiðis gestirnir en allt kom fyrir ekki og jafntefli staðreynd. „Ég tel að þetta hafi verið reynsluleysi í okkar liði að við unnum ekki þennan leik,“ sagði Anna Bryndís Blöndal sem stjórnaði vörninni eins og herforingi, römm af afli. „Í stað þess að komast í tveggja marka mun ná þær að jafna og við erum heppnar að ná að halda stiginu.“

**smari@frettabladid.is**

**Mörk Stjörnunnar:** Hekla Daðadóttir 7, Kristín Guðmundsdóttir 6/2, Ásdís Sigurðardóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Elzbieta Koval 2, Kristín Clausen 1, Anna Blöndal 1.
**Varin skot:** Jelena Jovanovic 15.
**Mörk Spono Nottwill:** Gabriela Kattmann 7/2, Daniela Hess 5, Helen Estermann 4, Nicle Fahndrich 4, Silvia Hafliger 2, Nicole Dinkel 1.
**Varin skot:** Fabienne Huber 6.



**HEKLA DAÐADÓTTIR, LEIKMAÐUR STJÖRNUNNAR, ÁTTI STÓRLEIK Í SEINNI HÁLFLEIK OG SKORAÐI ÞÁ 6 AF 7 MÖRKUM SÍNUM.**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska bikarkeppnin*

| BURNLEY–LIVERPOOL | x–x |
|---|---|
| xxxxx | |



**ALFREÐ GÍSLASON** Mætir á fornar slóðir og ætlar að sýna gamalkunna takta.

Stórleikur aldarinnar:

# Fortíð gegn framtíð á Akureyri

**HANDBOLTI** Mikil stemming er á Akureyri vegna leiks bikarmeistara KA í handknattleik frá árinu 1995, gegn núverandi bikarmeisturum félagsins en leikurinn fer fram í KA-heimilinu í dag og hefst klukkan 15. Nær allir gulldrengirnir frá ‘95 verða með og líklega fer hver að verða síðastur til að sjá menn eins og Alfreð Gíslason, Valdimar Grímsson, Erling Kristjánsson og Sigmar Þröst Óskarsson leika alvöru handknattleik. Þá mun landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson leika með liðinuπ frá ‘95 í dag.

Gömlu kempurnar hafa flestar hverjar æft stíft að undanförnu og þó að innkoma af leiknum renni til góðgerðamála er ljóst að hart verður tekist á í KA-heimilinu í dag. Búist er við miklu fjölmenni og var forsala á leikinn í gær.

KA var stofnað 8. janúar 1928 og er félagið því 77 ára í dag. Af því tilefni verður tilkynnt fyrir leikinn hver hlýtur titilinn Íþróttamaður KA fyrir árið 2004.

**kk@frettabladid.is**


ROKKSÖNGLEIKURINN



Þar sem löngu er uppselt á sérstaka aukasýningu á Hárinu til stuðnings fórnarlömbum hamfaranna í Asíu viljum við bjóða landsmönnum að upplifa sýninguna í beinni á netinu.

Um leið hvetjum við alla til styrkja söfnunina af krafti á Hive.is eða í síma 907 2020.

Rauði kross Íslands

Söfnunarsíminn er **907 2020**

KB BANKI
LEGGUR HÁRINU LIÐ

GOTT FÓLK McCANN

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Um helgina fer fram bikarmót Lánstrausts hf. og 147.is í snóker. Þar mætast helstu snókerspilarar landsins og ber þar hæst endurkoma **Kristjáns Helgasonar** en hann hefur verið í fríi frá atvinnumennsku á erlendri grundu í tæpt ár. **Kristján** komst á sínum tíma í 32 manna úrslit heimsmeistaramótsins í snóker og hefur staðið öðrum mönnum framar í íþróttinni hér á landi. Um forgjafarmót er að ræða og munu nýliðar mótsins bera hæstu forgjöfina. Leikið verður í C- og D-riðli í dag.



Richard **Hamilton** setti vafasamt met í leik Detroit Pistons og Memphis Grizzlies þar sem núverandi NBA-meistarinn mátti þola tap, 101-79. **Hamilton** var stigahæsti maður Pistons án þess að skora körfu utan af velli. Kappinn misnotaði öll 10 skot sín en hitti hins vegar úr öllum vítaskotum sínum og var með 14 stig. **Hamilton** var ekki sá eini í liði Pistons sem átti dapran dag því Grizzlies hélt liðinu í rúmlega 30% skotnýtingu og komst Pistons lítið sem ekkert áfram gegn sterkri vörn Grizzlies. „Þetta var bara eitt af þessum kvöldum," sagði **Hamilton** eftir leikinn.



Sala á treyjum leikmanna í NBA hefur ávallt gefið vel af sér fyrir deildina. Það á hins vegar ekki við um treyjuna hans **Kobe Bryant** þessa dagana sem datt út af topp 50 listanum og náði meira að segja þeim vafasama árangri að komast í 90. sæti. Það er fyrrum félagi hans **Shaquille O'Neal** hjá Miami Heat sem trónir á toppi listans en sjálfur hefur **Kobe** dvínandi gengi að fagna um þessar mundir. „Ég var einlægur aðdáandi **Kobe** en ég get einfaldlega ekki klæðst treyjunni hans lengur," sagði **Patrick Buan**, 27 ára NBA-unnandi frá Kaliforníu sem seldi allar Kobe-treyjurnar sínar á uppboði á eBay.



# Spilar fyrsta leikinn gegn meisturum Celtic

**Keflvíkingar misstu enn einn lykilmanninn í gær þegar Þórarinn Kristjánsson skrifaði undir samning við skoska félagið Aberdeen. Heimsreisu Þórarins er því lokið en hann hefur verið á ferð og flugi síðustu mánuði.**

FÓTBOLTI Þórarinn Kristjánsson skrifaði í gær undir sex mánaða samning við skoska úrvalsdeildarfélagið Aberdeen. Samningurinn felur í sér möguleika á tveggja ára framlengingu. Þórarinn hefur verið á heimshornaflakki í anda „Amazing Race" frá því Landsbankadeildinni lauk og ferðalögin báru loks árangur í gær er hann samdi við skoska liðið.

„Það er þvílíkur léttir að þessu máli sé lokið," sagði Þórarinn í samtali við Fréttablaðið frá Skotlandi í gær. Hann var með lausan samning hjá Keflavík og fer því til Aberdeen án greiðslu. Þórarinn segir að hlutirnir hafi gengið hratt fyrir sig. „Ég fór á mína þriðju æfingu með félaginu í dag og svo kláruðum við samninginn. Næst á dagskrá er að skjótast heim og pakka ofan í tösku því ég verð alkominn til Skotlands eftir helgina."

Aberdeen er eitt af stóru liðunum í Skotlandi og situr í fjórða sæti deildarinnar eins og staðan er í dag. Þeir eru einu stigi á eftir Hibernian sem situr í þriðja sæti en ansi langt er í efstu liðin – Rangers og Celtic.

„Mér líst rosalega vel á allt hjá félaginu. Aðstæður eru allar hinar bestu og þjálfarinn góður sem og mannskapurinn. Hér hugsa menn líka stórt og stefnan er sett á að komast í Evrópukeppni á næsta ári," sagði Þórarinn en hann fer væntanlega beint í byrjunarlið félagsins í næsta heimaleik sem er 16. janúar. Það er enginn smáleikur því þá heimsækja Aberdeen sjálfir Skotlandsmeistararnir í Celtic.

„Þjálfarinn sagði að ég myndi spila þann leik og það verður alveg frábært. Ekki amalegt að byrja gegn meisturunum sem eru með mjög sterkt lið. Hann ætlar að nota mig sem framherja og það eru tveir framherjar liðsins meiddir eins og stendur en annar þeirra er að skríða saman og verður klár fljótlega," sagði Þórarinn en helsta stjarna liðsins er Noel Whelan, fyrrum leikmaður Coventry og Middlesbrough. Whelan hefur verið mikið meiddur í vetur og lítið leikið með liðinu.

Þórarinn hefur ekki ákveðið hvað hann gerir næsta sumar fari svo að hann fái ekki áframhaldandi samning hjá Aberdeen.

„Ég tek á því bara þegar þar að kemur. Vissulega kemur til greina að spila með Keflavík en það er ekkert ákveðið. Ég stefni fyrst og fremst að því núna að festa mig í sessi hjá Aberdeen og fá nýjan samning hjá félaginu," sagði Þórarinn Kristjánsson, nýjasti atvinnumaður Íslendinga.

henry@frettabladid.is



**KAPPHLAUPINU MIKLA LOKIÐ** Þórarinn Kristjánsson hefur ferðast heimshornanna á milli í leit að samningi og hafði loks erindi sem erfiði í Skotlandi. Hann hefur skrifað undir sex mánaða samning við skoska úrvalsdeildarliðið Aberdeen og spilar sinn fyrsta leik gegn stórliðinu Celtic 16. janúar.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Forráðamenn Crewe í ensku 1. deildinni í knattspyrnu, hafa gengið að tilboði úrvalsdeildarliðsins Norwich í hinn 21 árs gamla framherja, **Dean Ashton**. Kappinn hefur skorað 17 mörk í 1. deildinni og fjölmörg úrvalsdeildarlið sýnt honum áhuga. Kaupverðið er sagt vera í kringum 2 milljónir punda eða um 237 milljónir íslenskra króna. Að sögn **Dario Gradi**, knattspyrnustjóra Crewe, er aðeins formsatriði að ganga frá sölunni.



**Lýður Vignisson**, leikmaður Snæfells, mun ekki leika meira með liðinu það sem eftir lifir tímabils. **Lýður** hefur átt við þrálát hásinarmeiðsli að stríða og hafa læknar ráðlagt honum að gangast undir uppskurð. **Lýður** mun því ekki leika körfuknattleik fyrr en síðla sumars. Þetta eru slæmar fréttir fyrir lið Snæfells enda er hópurinn hjá þeim lítill og því má liðið illa við að missa leikmann á borð við Lýð allt tímabilið.



Takist Liverpool ekki að næla sér í **Fernando Morientes** hjá Real Madrid þykir líklegt að liðið muni gera harða atlögu að **Nicolas Anelka** hjá Manchester City. **Rafael Benitez**, knattspyrnustjóri Liverpool, staðfesti að liðið hefði augastað á **Anelka** af öryggisástæðum. „**Morientes** vill koma til okkar en við erum með allan varann á og fylgjumst vel með öðrum leikmönnum. Við þekkjum vel til **Anelka** og vitum að hann er góður leikmaður," sagði **Benitez**.






ÞÝSKUNÁMSKEIÐ
GOETHE ZENTRUM
www.goethe.is
GOETHE-INSTITUT
551 6061

Söngskóli
fyrir alla
Innritun í síma 511-3737
mánud.-fimmtud. frá kl. 15:00-18:00
Domus Vox
Listhús raddarinnar
Domus Vox ehf. Skúlagata 30. 2h. 101 Reykjavík. Sími 511-3737
www.domusvox.is netfang: domusvox@domusvox.is







ÚTSALA
10%-50%
AFSLÁTTUR
Opið til 16 í dag
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100

## STUÐ MILLI STRÍÐA ⁝ Stjörnur gefa pening

**FREYR BJARNASON** FJALLAR UM GÓÐMENNSKU FRÆGA OG RÍKA FÓLKSINS.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fræga og ríka fólkið víðsvegar um heiminn hefur verið duglegt að láta fé af hendi rakna til hjálparstarfs í Asíu vegna flóðanna hörmulegu sem þar gengu yfir á annan í jólum.

Þeir fyrstu sem ákváðu að losa um níðþunga budduna voru hasarmyndaleikararnir Jackie Chan og Chow Yun-Fat frá Hong Kong. Næstur var annar leikari, Leonardo DiCaprio, sem lék í myndinni The Beach sem var tekin upp á einu flóðasvæðanna í Taílandi. Ætlaði hann jafnframt að heimsækja svæðið og sýna þannig samúð sína í verki, eins og reyndar fótboltakappinn David Beckham.

Leikstjórinn Steven Spielberg gaf væna fúlgu og hvatti um leið fleiri til að gera slíkt hið sama. Michael Schumacher, margfaldur heimsmeistari í Formúlu-1 kappakstrinum, tók boltann á lofti og gaf rúmar 600 milljónir króna, hvorki meira né minna, þegar ljóst var að lífvörður hans hafði farist á Taílandi.

Eflaust hafa fjölmörg önnur þekkt nöfn gefið helling af pening til hjálparstarfsins og örugglega voru einhverjir á undan þeim Chan og Chow. Ég bara man ekki eftir þeim. En ég man eftir þessum nöfnum og á vafalítið eftir að muna eftir góðmennsku þeirra í langan tíma. Í hvert sinn sem ég horfi á Formúluna í framtíðinni á ég eftir að muna eftir þessu góðverki Schumachers og í hvert skipti sem ég horfi á hasarmynd með Jackie Chan eða stórmynd eftir Steven Spielberg á ég eftir að muna hversu góðhjartaðir einstaklingar þarna eru á ferðinni.

Hvort þessi góðmennska hafi í öllum tilvikum verið hugmynd stjarnanna sjálfra eða umboðsmanna þeirra er aftur á móti annað mál. Það er altént ljóst að nöfn þeirra verða greipt í hugum margra í framtíðinni og falleg ímynd þeirra sömuleiðis. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ TÓNLIST

# Zeppelin og Joplin heiðruð

Rokksveitin Led Zeppelin, Jerry Lee Lewis og söngkonan sáluga Janis Joplin eru á meðal þeirra sem fá heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistar á bandarísku Grammy-verðlaunahátíðinni 13. febrúar næstkomandi.

Plötuframleiðandinn Phil Ramone, sem hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við Frank Sinatra og Billy Joel, verður einnig heiðraður fyrir tæknivinnu sína. ■



**LED ZEPPELIN** Rokksveitin Led Zeppelin fær heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistar á næstu Grammy-verðlaunahátíð.


SÖNGNÁMSKEIÐ
og sjálfstyrking fyrir alla aldurshópa



MARÍA BJÖRK - söngkona



REGÍNA - söngkona

Námskeið hefjast um miðjan janúar.



HERA - söngkona



LINDA - leikkona



JÓNSI - söngvari



RAGNHEIÐUR - söngkona



DIDDÚ - söngkona



EDDA BJÖRGVINS - leikkona



PÉTUR - tónmenntakennari



GUÐLAUG - söngkennari



ÞÓRA - söngkennari



NYLON - koma í heimsókn til yngri aldurshópa

Skráning og upplýsingar:
í síma 588 1111 og 897 7922

Kennsla í raddbeitingu og sungið við undirleik.
Hljóðnematækni, aukið sjálfstraust og sjálfsöryggi.
Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu, nemendur fá upptöku af söng á uppáhaldslagi sínu á geisladiski í lok námskeiðs.

**Við bjóðum upp á byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir** fimm ára og eldri, unglinga 13 ára og eldri og fullorðna á öllum aldri.

Söngskólinn
Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is
Skráning alla daga vikunnar frá kl. 11 til 20
í símum 588 1111, 575 1512 og 897 7922



RISA-FLUGELDASÝNING
í Vesturbænum



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

RISA-FLUGELDASÝNING VIÐ ÆGISSÍÐUNA

KR Flugeldar

**KR-flugeldar og Landsbankinn Vesturbæ,** bjóða Vesturbæingum og landsmönnum öllum á flugeldasýningu ársins í kvöld um leið og við óskum öllum gleðilegs árs með þökkum fyrir gott ár.

**Sýningin verður við Ægissíðuna hjá Sörlaskjóli og hefst kl. 18.00.**

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA



• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878

Unglingahljómsveitin
POPS
alla helgina
www.kringlukrain.is

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100



Átthagakvöld austfirðinga
"Glímt við Þjóðveginn"
Föstudagskvöld 14. janúar

Tosca
eftir Puccini
Frumsýning 11. febrúar

Frumsýning fös. 11. feb. kl. 20.00 - UPPSELT - 2 sýning. sun. 13. feb. kl. 19.00
3. sýning fös. 18. feb. kl. 20.00 - 4. sýning sun. 20. feb. kl. 19.00 - FÁAR SÝNINGAR

Miðasala á Netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA
AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld lau. 8/1 **uppselt**, sun. 9/1 **uppselt**, lau. 15/1 **uppselt**, sun. 16/1 **örfá sæti laus**, lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **örfá sæti laus**, fös. 4/2.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Sun. 9/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 16/1 kl.14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 23/1 kl. 14:00. **Sýningum fer fækkandi.**

ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
5. sýn. fim. 13/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Fös. 14/1 **örfá sæti laus**, fim. 20/1 **nokkur sæti laus**, lau. 29/1.
**Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 15/1, lau. 22/1. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Fös. 14/1 **nokkur sæti laus**, fim. 20/1 **örfá sæti laus**, fim. 27/1, lau. 29/1.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

HÍBÝLI VINDANNA
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - gul kort - UPPSELT
Su 9/1 kl 20 - aukasýning - UPPSELT
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - UPPSELT
Su 16/1 kl 20 - græn kort
Fö 21/1 kl 20 - blá kort
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
*e. Coline Serreau*
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
*e. Astrid Lindgren*
Su 9/1 kl 14, Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14
Su 30/1 kl 14

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

BELGÍSKA KONGÓ
*e. Braga Ólafsson*
*Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Fö 14/1 kl 20
Su 16/1 kl 20
Fi 20/1 kl 10
Su 23/1 kl 20

AUSA eftir Lee Hall og
STÓLARNIR eftir Ionesco
*Í samstarfi við LA*
Í kvöld kl 20, Su 9/1 kl 20, Fi 13/1 kl 20,
Lau 15/1 kl 20

SVIK
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
*eftir Agnar Jón Egilsson*
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Börn 12 ára og yngri fá frítt
í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

# menning

menning@frettabladid.is

# Hlakkar til að flytja uppáhaldsverkin

**Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari þurfti að fresta för sinni til Bandaríkjanna til að geta leikið á aukatónleikum í Salnum í Kópavogi á mánudagskvöldið. Uppselt var á fyrri tónleikana, sem verða annað kvöld.**



**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON** Öll verkin sem Víkingur flytur á tónleikunum í Salnum hafa lengi verið í sérstöku uppáhaldi hjá honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari segir það mikla hvatningu og ákveðinn heiður að uppselt skuli vera á tónleika hans í Salnum í Kópavogi annað kvöld.

„Það er allt öðruvísi að spila fyrir fullu húsi heldur en fyrir hálfum sal. Það myndast alveg sértök stemning og ég hlakka mikið til.“

Ákveðið hefur verið að hafa aukatónleika á mánudagskvöldið, og þurfti Víkingur af þeim sökum að fresta flugi sínu til Bandaríkjanna. Þeir sem geta ekki beðið eiga þess þó kost að heyra í Víkingi spila eitt verk á opnun ljósmyndasýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 17.

Í Salnum ætlar hann að flytja fjögur verk, eitt frá hverju megintímabili tónlistarsögunnar. Eftir Johann Sebastian Bach flytur hann Krómatíska fantasíu og fúgu í d-moll, þá tekur við Kreisleriana eftir Robert Schumann, Fimmtán ungverskir bændadansar eftir Béla Bartók og loks Fantasían Wanderer eftir Franz Schubert.

„Þarna eru fjórar mismunandi stílgerðir, en um leið er ég með ákveðið tema á þessum tónleikum, sem er fantasían eða frjálsa formið. Öll þessi verk eru einhvers konar fantasíur í mjög frjálsu formi. Þetta er mjög skemmtileg tónlist.“

Hann segir öll þessi verk hafa lengi verið í miklu uppáhaldi hjá sér. Þau hafi verið sér sálufélagar frá því að hann heyrði þau fyrst og opnað sér margan ævintýraheim.

„Ég hef lengi pælt í þessum verkum, unnið með þau og kynnst mörgum flötum á þeim. Mig langar mikið til þess að flytja þau hér á Íslandi.“

Víkingur er aðeins tvítugur að aldri en hefur stundað nám við hinn virta Juilliard-háskóla í Bandaríkjunum frá því haustið 2002. Árið 2000 hlaut Víkingur fyrstu verðlaun í fyrstu Píanókeppni EPTA á Íslandi. Hann er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004 og nú í vikunni hlaut hann hinn árlega styrk úr Minningarsjóði Karls J. Sighvatssonar.

Víkingur hefur þrátt fyrir ungan aldur komið fram á fjölmörgum tónleikum, þ.á m. á Listahátíð í Reykjavík 2000, á einleikstónleikum í Salnum í Kópavogi 2001 og tvívegis hefur hann leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2001 og 2003. ■

# Femínismi og fiðrildi

Carnal Knowledge er samsýning átta listamanna frá Norðurlöndunum og Perú sem opnar í Nýlistasafninu í dag klukkan 16.00. Þetta er önnur sýningin í sýningaröð sem hófst í Trollhattan í Svíþjóð, 6. nóvember 2004, en markmiðið er að sækja heim öll Norðurlöndin. Því er um að ræða sýningu í mótun sem tjá sig ljóðrænt af listamanna á Norðurlöndunum.

Að gefnu tilefni er fólk beðið að hafa augun opin á laugardaginn í Reykjavík. Það er aldrei að vita nema fiðrildin birtist fyrirvaralaust.

Díana Storåsen sýningarstjóri lýsir þessum hópi sem samansafni listamanna sem tjá sig ljóðrænt af ævintýralegum femínisma sem á margan hátt túlkar styrkinn í konunni. Listamennirnir í sýningunni eru Anneli Philgren (S), Diana Storåsen (N/S), Fröydi Laszlo (N), Nina Lassila (FIN), Trinidad Carillo (PER), Helena Blomqvist (S), Kristín Elva Rögnvaldsdóttir (ÍS) og Sidel Stubbe Shou (Dan). ■







„Hið gullna jafnvægi harms og skops“
SAB Mbl
„Til hamingju Ilmur“
AB Fréttabl.

Sýnt í Borgarleikhúsinu
Aðeins þessar sýningar:
Laugardagur 8. janúar
Sunnudagur 9. janúar
Fimmtudagur 13. janúar
Laugardagur 15. janúar

LEIKARAR Guðrún Ásmundsdóttir • Ilmur Kristjánsdóttir • Þór Tulinius • Þráinn Karlsson

Við hjálpum þér að láta það gerast
Síminn
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

# *Ímynd borgar í Nýló*

**Hlynur Helgason** opnar sýninguna **Gengið niður Klapparstíg** á morgun, laugardaginn 8. janúar kl. 16.00 í **Nýlistasafninu.**

**Gengið niður Klapparstíg er nýr hluti yfirgripsmikillar myndverkaraðar sem heitir Ímynd borgar. Í heildarverkinu er reynt að sýna fjölbreytta mynd borgarinnar sem rýmis með aðferðum kvikmyndunar og ljósmyndunar. Verkið er unnið að mestu í** Reykjavík, en einnig hafa verkhlutar verið gerðir í **Prag.** Verkið er í tveimur hlutum, ljósmyndaröð á ljósakössum og kvikmynd sem er varpað er á vegg í rýminu. Báðir hlutar verksins eru skrásetning á gönguferð niður Klapparstíg, niður rótgróna götu í miðborg Reykjavíkur, um sumarnótt.

Hlynur Helgason útskrifaðist úr **Myndlista- og handíðaskóla Íslands** og lauk mastersgráðu úr **Goldsmith College í London** árið 1994. Hann hefur verið atkvæðamikill á sviði nýmiðla síðustu árin og hefur sýnt ljósmynda- og kvikmyndainnsetningar hér heima og erlendis. ■



# Er sálin sýnileg?

Ljósmyndasýningin Er sálin sýnileg verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Á sýningunni verða verk eftir danska ljósmyndarann Sören Solsker Starbird. Við opnunina mun Sören kynna myndirnar og Manda Patel frá Oxford talar um sálina og innri frið. Auk þess mun Víkingur H. Ólafsson leika á píanó.

Sýningin stendur til 31. janúar og verða ýmsir fyrirlestrar og aðrar uppákomur alla laugardaga klukkan 17.00 á því tímabili. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

5 6 7 **8** 9 10 11

Laugardagur

### TÓNLEIKAR

☐ **19.30 Ingveldur Ýr Jónsdóttir** syngur einsöng á nýárstónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói.

☐ **23.00 Klink, Brain police, Dogdaze** og **Drep** koma fram á Stunt fest tónleikum á Gauknum.

### LISTOPNANIR

☐ **14.00** „Hver er að banka - kannski barnið í náttúrunni?“ nefnist sýning **Huldu Vilhjálmsdóttur** sem opnuð verður í Galleríi Sævars Karls.

☐ **16.00 Carnal Knowledge**, samsýning átta listakvenna frá Norðurlöndunum og Perú, verður opnuð í Nýlistasafninu, Laugavegi 26.

☐ **16.00 Hlynur Helgason** opnar í Nýlistasafninu við Laugaveg sýninguna Gengið niður Klapparstíg.

☐ **17.00** „Er sálin sýnileg?“ nefnist ljósmyndasýning eftir danska ljósmyndarann **Sören Solskjær Starbird**, sem opnuð verður í Ráðhúsi Reykjavíkur. **Víkingur Heiðar Ólafsson** leikur á píanó, Sören kynnir myndirnar og **Manda Patel** flytur fyrirlestur.

☐ **17.00 Egill Sæbjörnsson** myndlistarmaður opnar sýninguna „Herra Píanó og frú Haugur“ í 101 gallery að Hverfisgötu 18a.

☐ **17.00 Sigríður Valdimarsdóttir** opnar sýninguna „Snjókorn“ á Sólon, Bankastræti 7.

☐ **18.00 Heimir Björgúlfsson** opnar sýninguna sína „Alca torda vs. rest“ í Kling og Bang gallerí, Laugavegi 23.

☐ **Kenneth D. Bamberg**opnar sýningu á ljósmyndum frá Finnlandi og Íslandi í Listsýningarsal Saltfiskseturs Íslands, Hafnargötu 12a Grindavík.

### SKEMMTANIR

☐ **Stórsveit Hermanns Inga** spilar á Catalinu.

☐ Dúettinn **Halli og Kalli** skemmtir á Ara í Ögri.

☐ **Nina Sky** spila á Broadway ásamt úrvali íslenskra hip hop tónlistarmanna.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** á Pravda.

☐ Teknóbræðingurinn **dj Exos** spilar á de Palace alla nóttina.

☐ **Eyjólfur Kristjánsson** og hljómsveitin **Íslands eina von** skemmta í Klúbbnum við Gullinbrú.

☐ **Spilafíklarnir** spila á Dubliner.

☐ **Liz Gammon** spilar fyrir gesti á Café Romance, Lækjargötu 10.

☐ Dj **Þröstur 3000** þeytir skífum á löngum laugardegi á Kaffi Sólon.

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit spila í Vélsmiðjunni á Akureyri.

ÚTSALAN
Er hafin
30-50% Afsláttur
LANGUR LAUGARDAGUR
opið til 17:00 á Laugavegi



| herrar: | | | dömur: | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Diesel | gallabuxur | 5.990 | Diesel | buxur | frá: | 4.990 |
| 4 You | jakkaföt | 15.990 | Diesel | bolir | frá: | -30% |
| 4 You | skyrtur | 1.990 | Laura Aime | bolir | frá: | 990 |
| Energie | bolir | -30% | Mia | bolir | frá: | 990 |
| Diesel | skór | 4.990 | Mia | úlpur | | 4.990 |
| Mao | bolir | 990 | Studio NY | jakkar | frá: | 5.990 |
| 4 You | gallabuxur | 3.990 | Diesel | skór | frá: | 3.990 |
| Diesel | bolir | -30% | Kookaï | | frá: | -40% |

galleri sautján
kringlunni s.568 9017 - laugavegi s.511 1717 - www.ntc.is



LANGUR LAUGARDAGUR
ÚTSALA
ER HAFIN
OPIÐ TIL KL.17:00 Í DAG

| | | | |
|---|---|---|---|
| DIESEL | buxur | | 5.990 |
| EXTRA | bolir | | 1.500 |
| DIESEL | bolir | afsl. | 30-40% |
| MIA | úlpur | | 3.990 |
| X-18 | skór | | 2.990 |
| DIESEL | skór | | 3.990 |
| BARNA DIESEL | | afsl. | -40% |

sautján jeans
LAUGAVEGI 89 - S. 512 1710 - www.ntc.is












AUSTURBÆR
Fös.14/01 kl: 20.00 Sæti laus
Lau.21/01 kl: 20:00 Sæti laus
Lau.22/01 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

"... að þeim tækist að fá salinn til að liggja úr hlátri lungann úr sýningunni, enda textin yfirleitt bráðfyndinn sem og gervi hinna mismunandi persóna"
S.A Morgunblaðið


## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Britney Spears** langar að vera vinkona **Christinu Aguilera** en stirt hefur verið á milli þeirra í langan tíma. Þær kynntust í Mikka Mús klúbbnum en urðu óvinir þegar söngferlar þeirra beggja hófust. Christina hefur gagnrýnt trúlofunarhring Britney og segir hann eins og sem hjólhýsapakk myndi bera. Britney hefur hins vegar sent Christinu langt bréf nýlega þar sem hún hrósar henni fyrir hamingjusamlegt og flott útlit auk þess sem hún nefnir að hana langi til þess að þær verði vinir.



**Jessica Simpson** hefur kært skartgripaframleiðanda frá Kaliforníu fyrir að nota mynd af henni í auglýsingu án leyfis. Henni varð mjög brugðið þegar hún sá auglýsinguna og segist aldrei hafa gefið framleiðandanum leyfi til þess að nota mynd af sér. Jessica er þessa dagana við tökur á myndinni The Dukes of Hazzard á móti **Johnny Knoxville** og **Sean William Scott**.


# ENDURMENNTUN

## Hefur þú kynnt þér námsframboð Endurmenntunar Menntafélagsins?



Endurmenntun Menntafélagsins er með fjölbreytt námsframboð sem nýtist í ýmsum störfum bæði til sjós og lands.

Sérstök athygli er vakin á fjarnámi á háskólastigi í rekstri og stjórnun. Nám sem er sniðið að þörfum starfandi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og er blanda af lotunámi og fjarnámi.

**Námskeið í fjarnámi**
- Rekstur og stjórnun á háskólastigi
- 1. stig stýrimanns
- 3. stig vélstjóra
- Tölvunámskeið

**Ýmis námskeið**
- Málmsuða fyrir almenning
- 30rl réttindanám
- Vélgæslunámskeið
- Hásetafræðsla

**Námskeið fyrir starfandi undirmenn í fiskveiðiflotanum sem eru styrkt af Sjómennt:**
- Stjórnun vinnuvéla um borð í skipum og bátum: Baader-fiskvinnsluvélar o.fl. Kranar og vindur
- Meðferð og frágangur afla um borð í veiðiskipi

Að auki eru í boði fjölmörg önnur námskeið sérstaklega ætluð skipstjórnarmönnum s.s. ARPA, GMDSS og IMDG námskeið.



**Nánari upplýsingar:**

Menntafélagið ehf,
Sjómannaskólanum
við Háteigsveg

**Sími 522 3300**
**www.mennta.is**

MENNTAFÉLAGIÐ
*Skóli véltækni og siglinga*

www.mennta.is





**NJÁLA** Sjónvarpsmyndin Njála verður sýnd í Sjónvarpinu á sunnudagskvöld.

# Þáttaröð ekki í bígerð

Sjónvarpsmyndin Njála verður sýnd í Sjónvarpinu á morgun klukkan 20.00. Myndin, sem vann Edduverðlaunin fyrr í vetur, er gerð upp úr Njálssögu og segir frá vináttu Gunnars og Njáls og baráttu Gunnars við óvildarmenn sína.

Handritshöfundar eru þau Hrefna Haraldsdóttir, Þorgeir Gunnarsson og Björn Brynjólfur Björnsson sem jafnframt er leikstjóri. „Það var frekar óvenjuleg aðferð sem við notuðum til að endurskapa þessa sögu," segir Björn. „Myndin er klukkutíma löng. Hálftími er leikinn hluti úr Njálssögu og hinn hálftíminn er umfjöllun um þennan hluta sögunnar, um persónur og atburði. Þarna er því bæði leikið efni og heimildarmynd."

Björn segir það ekki á dagskrá að gera sjónvarpsþáttaröð byggða á Njálu þó svo að hann hefði áhuga á því. „Ef það ætti að taka alla Njálu og búa til þáttaröð myndi það kosta um 800 milljónir. Það er ekki hægt á meðan við höfum enga peninga í sjóð fyrir leikið sjónvarpsefni. Sjóðurinn hefur verið fjárvana síðan hann var stofnaður," segir hann.

Að sögn Björns var gerð myndarinnar geysilega skemmtileg. „Þetta var gert við erfiðar aðstæður og fólkið lagði á sig óvenjumikið erfiði. Þar má þakka áhuga fólks á Íslendingasögunum og hvað þær standa okkur nærri."

Á meðal leikenda í Njálu eru Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Margrét Vilhjálmsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Helgi Björnsson, Benedikt Erlingsson, Pétur Einarsson og Arnar Jónsson. ■













# Cex-ruglaður?

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Tónlistarmaðurinn Rjyan Kidwell, sem notar listamannanafnið Cex, er ekki orðinn 25 ára gamall en er þegar búinn að gefa út 8 breiðskífur (að undanskildum tveimur plötum með endurhljóðblöndunum), auk þess að hafa stofnað sitt eigið plötufyrirtæki. Ekta pönkari sem lætur engan segja sér hvernig á að gera tónlist og lætur engin öfl stöðva sig við útgáfuna. Sem sagt, bandarísk yngri útgáfa af Einari Erni Benediktssyni Sykurmola. Munurinn er reyndar sá að þessi kann örlítið meira að syngja, og hallast meira að melódíunni en hljóðheimum... þó svo að hann sé mjög tilraunakenndur listamaður.

Þegar Cex nær blóma verður hann kominn langt fram úr okkur öllum. Nýjasta breiðskífan hans, Maryland Mansion, er virkilega gott verk. Í textum sínum lýsir Cex því yfir að hann elski velgengni og þrái frægð og frama, samt er Cex ekki með neinar málamiðlanir til þess að nálgast fjöldann. Hann verður þess vegna að bíða aðeins lengur. Vonandi heldur hann bara áfram að gera svona góðar og athyglisverðar plötur.

Þetta er smá rokk, smá hiphop, smá elektróník og erfitt að staðsetja þetta. Það er líklegast engin útvarpsstöð hér á landi sem myndi spila þessa tónlist, nema í sérþáttum. En ef þið nennið að grafa örlítið eftir þessum listamanni, eru góðar líkur á því að hann verðlauni ykkur erfiðið.

**Birgir Örn Steinarsson**



**CEX**
MARYLAND MANSION

**NIÐURSTAÐA:** Þetta er áttunda breiðskífa raftónlistarmannsins Cex á fimm árum en hann er rétt rúmlega tvítugur. Hann er frumlegur, hugmyndaríkur og beittur textahöfundur.

# Ósátt við kærastann



Tom Cruise, fyrrverandi eiginmaður Nicole Kidman, og besta vinkona hennar, Naomi Watts, eru víst ekki sátt með nýjan kærasta stelpunnar. Kidman hefur verið með kvikmyndaframleiðandanum Steve Bing síðan í nóvember en kallinn hefur víst ekki gott orð á sér. Hann var áður með Elizabeth Hurley og neitaði að vera faðir barnsins hennar. Annað kom í ljós við DNA-rannsókn. ■









## BÍÓRÁSIN

**8.05** Winning London **10.00** The Testimony of Taliesin Jones **12.00** Alvin and the Chipmunks Meet Frankenstein **14.00** Winning London **16.00** The Testimony of Taliesin Jones **18.00** Alvin and the Chipmunks Meet Frankenstein **20.00** Men in Black **22.00** Ride With the Devil (Bönnuð börnum) **0.15** The Musketeer (Bönnuð börnum) **2.15** Kung Pow: Enter the Fist (Bönnuð börnum) **4.15** Ride With the Devil (Bönnuð börnum) **6.30** Bounce

## AKSJÓN

**7.15** Áramótakveðjur **13.00** Gaffalbitar (e) **21.00** Níubíó. The Animal.

## OMEGA

**13.30** Um trúna og tilveruna **14.00** T.J. Jakes **14.30** Joyce Meyer **15.00** Ron Phillips **15.30** Life Today **16.00** Freddie Filmore **16.30** Dr. David Yonggi Cho **17.00** Samverustund (e) **18.00** Í leit að vegi Drottins **18.30** Miðnæturhróp **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller **0.00** Gunnar Þorsteinsson (e) **0.30** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **14.00** Sjáðu (e) **15.00** Popworld 2004 (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e) **21.00** Meiri músík

## Í TÆKINU

**MORGAN FREEMAN LEIKUR Í MYNDINNI ALONG CAME A SPIDER Í SJÓNVARPINU KL. 22.10 Í KVÖLD.**

# *Leikur aldrei mjúka manninn*



Morgan Freeman fæddist 1. júní árið 1937 í Memphis í Tennesseeríki í Bandaríkjunum en ólst upp hjá afa sínum og ömmu í Mississippi. Árið 1955 skráði hann sig í herinn og vann sem flugvirki þangað til 1959. Hann fór svo í háskóla í Los Angeles og lærði seinna leiklist í Pasadena Playhouse. Morgan þreytti frumraun sína á stóra tjaldinu árið 1966 í litlu hlutverki í A Man Called Adam.Hann lék í fyrsta sinn á Broadway árið 1968 í Hello, Dolly! þar sem allir leikararnir voru svartir. Árið 1971 var mikilvægt fyrir Morgan því þá náði hann í hlutverk í barnaþætti sem hét The Electric Company og varð mjög vinsæll. Síðan lék hann í sjónvarpsþáttum, sjónvarpsmyndum og kvikmyndum en árið 1987 breyttist mikið í lífi Morgans. Þá fékk hann aukahlutverk í Street Smart og fékk fyrir það tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. m. Aðra Óskarstilnefningu fékk hann fyrir Driving Miss Daisy árið 1989. Nú streymdu tilboðin inn og síðan þá hefur hann landað hverju stórhlutverkinu á fætur öðru.

Morgan hefur oft minnst á það að hann hafi aldrei fengið hlutverk í rómantískri mynd eða á móti stúlku sem hann á að vera hrifinn af. ■

**Þrjár bestu myndir Morgans:** **Driving Miss Daisy** 1989. **The Shawshank Redemption** 1994. **Se7en** 1995



▶ **14.10** *Íþróttir*

**Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna. Fjórir leikir eru sýndir beint úr Ásgarði í Garðabæ þar sem keppnin fer fram.**



▶ **21.20** *Bíó*

**Buffalo Soldiers. Myndin gerist rétt fyrir fall Berlínarmúrsins og segir frá hermönnum í bandarískri herstöð nærri Stuttgart.**



▶ **20.40** *Gaman*

**The Drew Carey Show. Drew er skrýtinn og vinir hans enn skrýtnari og saman lenda þeir í skrýtnum ævintýrum.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okka **9.55** Stundin okkar **10.25** Hundrað góðverk **10.55** Viltu læra íslensku? **11.15** Kastljósið **11.45** Óp

**12.15** Tala úr sér vitið **12.45** Íþróttir
▶ **14.10** Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna. Bein útsending frá leik Thessalonikis frá Grikklandi og Spono Nottwil frá Sviss í Ásgarði. **15.50** Íþróttakvöld **16.20** Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna. Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Eskisehir Osmangazi frá Tyrklandi í Ásgarði. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40** **Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

**20.30** **Kópía** (Repli-Kate) Gamanmynd frá 2002. Strákur sem vinnur á rannsóknarstofu klónar í ógáti blaðakonu og ákveður að skapa úr henni draumadísina sína. Leikstjóri er Frank Longo og meðal leikenda eru Ali Landry, James Roday, Desmond Askew og Eugene Levy.

**22.10** **Könguló, könguló...** (Along Came a Spider) Spennumynd frá 2001. Þingmannsdóttur er rænt úr skóla. Rannsóknarlögreglumaðurinn Alex Cross fer á stúfana og fær til liðs við sig leyniþjónustumann. Leikstjóri er Lee Tamahori og meðal leikenda eru Morgan Freeman, Monica Potter, Michael Wincott og Dylan Baker. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.50** Beck - Auglýsingamaðurinn **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erilborg, Í Erlilborg, Snjóbörnin, Sullukollar, Með Afa, Véla Villi, Beyblade) **10.20** Pelle Politibil **11.45** Bold and the Beautiful

**13.30** Idol Stjörnuleit (e) **14.35** The Apprentice 2 (13:16) (e) **15.20** Dávaldurinn Saliesh (e) **16.20** Whoopi (11:22) (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Íþróttir og veður**

**19.15** **Whose Line is it Anyway** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**19.40** **One Way Out** (Útgönguleið) Lögreglumaðurinn Harry Woltz starfar í morðdeildinni og þykir nokkuð slyngur í sínu fagi. Í einkalífinu kveður við annan tón en Woltz er haldinn alvarlegri spilafíkn. Stranglega bönnuð börnum.

▶ **21.20** **Buffalo Soldiers** (Spilling í hernum) Hér segir frá hermönnum í bandarískri herstöð nærri Stuttgart. Seint verður sagt að þeir séu þjóð sinni til sóma því í herstöðinni eru braskarar af verstu gerð. Ray liðþjálfi er stórtækur og virðist ekki geta hamið græðgina. Aðalhlutverk: Joaquin Phoenix, Ed Harris, Scott Glenn, Anna Paquin. Leikstjóri: Gregor Jordan. 2001. Stranglega bönnuð börnum.

**22.55** **Conan the Destroyer** (Ofurmenni í vígahug) Ofurmennið Conan fer í hættulegan leiðangur. Illgjarna drottningin Taramis fær hann til að sækja töfralykil. Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Grace Jones, Wilt Chamberlain. Leikstjóri: Richard Fleischer. 1984. Bönnuð börnum.

**0.40** Shanghai Noon **2.25** Jesus' Son (Stranglega bönnuð börnum) **4.10** Fréttir Stöðvar 2 **4.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**13.45** Kingpin **15.35** Dennis the Menace **17.10** Twins

**19.00** **Dragnet (e)** Dragnet fjallar um störf úrvalssveitar lögreglunnar í Los Angeles, Rán-og morðdeildarinnar undir stjórn Joe Friday rannsóknarlögreglumanns.

**20.00** **Grínklukkutíminn - Girlfriends**

**20.20** **Ladies man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.

▶ **20.40** **The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir um Drew Carey. Wick kemur úr endurhæfingu og fer að vinna við að flokka póst. Hann sver enn og aftur að hefna sín á Drew. Drew á að sjá um upphaf útsölu í búðinni en þá ræðst kúreki á hann og bindur hann.

**21.00** **Major Payne** Gamanmynd með Damon Wayans í aðalhlutverki. Kvikmyndin fjallar um hermanninn Payne sem hefur fengið það verkefni að þjálfa þá vonlausustu og gera úr þeim hina bestu hermenn.

**22.35** **Law & Order (e)** Lennie Briscoe mætir til leiks á ný og eltist við þrjóta í New York. Saksóknarinn Jack MacCoy tekur við málunum og reynir að koma glæpamönnunum bak við lás og slá.

**23.20** Law & Order: Criminal Intent (e) **0.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **0.50** Jay Leno (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN INTERNATIONAL

**8.00** World News **8.30** International Correspondents **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** Next@CNN **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Design 360 **17.00** World News **17.30** Inside Africa **18.00** World News **18.30** Inside the Middle East **19.00** World News **19.30** Next@CNN **20.00** World News **20.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **21.00** World News **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** International Correspondents **23.00** World News **23.30** World Sport **0.00** World News **0.30** People In The News **1.00** World News **1.30** Design 360 **2.00** Larry King Weekend **3.00** World Business This Week **3.30** Global Challenges **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Cross-country Skiing: World Cup Otepaa Estonia **9.15** Alpine Skiing: World Cup Berchtesgaden Germany **10.15** Cross-country Skiing: World Cup Otepaa Estonia **11.00** Alpine Skiing: World Cup Chamonix France **12.15** Alpine Skiing: World Cup Berchtesgaden Germany **13.15** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **14.45** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **15.45** Cycling: World Cup (track) Manchester **17.15** Speed Skating: European Championship Heerenveen Netherlands **18.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **19.30** Football: International Tournament of Maspalomas Spain **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Fight Sport: Fight Club **0.30** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Animal Hospital **11.30** Animal Hospital **12.00** Diet Trials **12.30** Diet Trials **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Zingalong **15.15** Tikkabilla **15.35** Bill and Ben **15.45** Bill and Ben **15.55** 50/50 **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** The Generation Game **18.40** Casualty **19.30** Parkinson **20.30** Reputations **21.30** The League of Gentlemen **22.00** The Fast Show **22.30** This Life **23.15** This Life **0.00** Supernatural Science **1.00** Walk On By: the Story of Popular Song **2.00** The English Language **2.30** The English Language **3.00** Back to the Floor **3.30** Bindi Millionaires **4.00** Search **4.15** Search **4.30** English Time: Get the Grammar **4.50** Friends International **4.55** Friends International

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Air Crash Investigation: Flying On Empty **17.00** Mosquito Hell **18.00** Built for the Kill: Killer Canines **19.00** Seconds from Disaster: Flood At Stava Dam **20.00** The Real Alexander the Great **21.00** The Nelson Affair **23.30** Operation Mercury - the Fall of Crete **0.00** The Secret Invasion

### ANIMAL PLANET

**16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** Wild on the Set **18.30** Wild on the Set **19.00** Jungle Orphans **20.00** Talking with Animals **21.00** In Search of the Man Eaters **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Sharks - the Truth **0.00** Serpents of the Sea **1.00** Growing Up Grizzly **2.00** Growing Up Grizzly 2 **3.00** The Crocodile Hunter Diaries **4.00** Crocodile Hunter

### DISCOVERY CHANNEL

**16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Becoming Alexander **18.00** Face of Evil Reinhard Heydrich **19.00** Ultimates **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Blast Proof **23.00** Trauma - Life in the ER **0.00** Proof Positive **1.00** Rides **2.00** Rex Hunt Fishing Adventures **2.30** Mystery Hunters **3.00** Summer of the Shark **4.00** Ray Mears' Extreme Survival

### MTV EUROPE

**7.00** Just See MTV **8.00** World Chart Express **9.00** Top 10 at Ten **10.00** Diary Of **10.30** Charlie's Angels Uncensored **11.00** Making the Movie **11.30** Movie Stars **12.00** Diary Of **12.30** Movie Stars **13.00** MTV Movie Awards 2004 **15.00** Diary Of **15.30** Diary Of **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** Best Of The MTV Movie Awards Uncensored **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Surviving Nugent **22.00** MTV - I Want A Famous Face **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

### VH1 EUROPE

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** 2004 Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** 2004 Remembered **13.00** Celebrity Superspenders **14.00** 2004 Songs **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** 2004 Remembered **20.00** Big in 2004 **22.00** Viva la Disco

### CARTOON NETWORK

**7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55**





Heimsferðir kynna nú glæsilegt úrval sérferða sinna fyrir árið 2005. Þú getur valið um fjölda spennandi ferða með reyndum fararstjórum Heimsferða. Þeir kynna þér nýja sýn á lönd og þjóðir og tækifæri til að upplifa menningu og fegurð heillandi áfangastaða með nýjum hætti.

**Sérferðaáætlun Heimsferða**

*- spennandi ferðavalkostir á nýju ári!*

| Upphaf ferðar | Nætur | Sérferð |
|---|---|---|
| 19. maí | 7 | Ævintýri í Portoroz |
| 26. maí | 7 | Cinque Terre - gönguferð |
| 2. júní | 14 | Perlur Króatíu - norður |
| 4. júní | 7 | Dónárdrottningarnar, *Vín-Bratislava-Budapest* |
| 16. júní | 14 | Sumar í Tírol |
| 16. júní | 14 | Lúxussigling um Miðjarðarhafið |
| 23. júní | 14 | Sumar í Slóveníu |
| 30. júní | 7 | Ævintýri á ítölsku riveríunni |
| 7. júlí | 7 | Dólómítarnir - gönguferð |
| 21. júlí | 7 | Ævintýri í Toscana |
| 28. júlí | 7 | Ævintýri við Gardavatn |
| 28. júlí | 14 | Perlur Ítalíu |
| 28. júlí | 14 | Sigling á Dóná |
| 12. ágúst | 13 | Ævintýrasigling á Rín og Mósel |
| 25. ágúst | 14 | Fjögurra landa sýn, *Ítalía-Austurríki-Slóvenía-Króatía* |
| 27. ágúst | 8 | Lúxussigling um Eystrasaltið |
| 1. sept. | 14 | Korsíka og ítalska rivíeran |
| 8. sept. | 7 | Slóvenía - gönguferð |
| 8. sept. | 14 | Perlur Króatíu - suður |
| 15. sept. | 7 | Cinque Terre - gönguferð |
| 15. sept. | 14 | Lúxussigling til Svartahafsins |
| 15. sept. | 14 | Lúxussigling um Miðjarðarhafið |
| 21. okt. | 17 | Perlur Kína |




*Þú getur sótt bæklinginn á skrifstofu okkar, til umboðsmanna eða fengið hann sendan.*

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 •105 Reykjavík
Sími 595 1000 • Fax 595 1001

ENNEMM / SIA / NM14589

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### CONAN THE DESTROYER

*Stöð 2* **kl. 22.55**

*Einkunn á imdb.com: 5,2.*

## *Conan til bjargar*

Jehnna prinsessa hefur verið fönguð af seiðkarli. Drottning Taramis biður því Conan að finna hana og færa hana aftur til sín í kastalann. En Conan veit ekki að Taramis vill fórna Jehnna og stjórna krúnunni að eilífu. Conan fellst á að fara í þessa för því Taramis hefur töfrahæfileika og hún er því eina manneskjan sem getur lífgað dauða ást hans.

Conan fer ekki einn heldur fær bardagamann, töframann og þjóf í lið með sér til að sporna gegn hættum á leiðinni. Þau rekast bæði á mannætur og alls kyns hyski og það er sko aldeilis enginn óhultur á þessari leið.
Aðalhlutverk leika Arnold Schwarzenegger, Grace Jones og Wilt Chamberlain.



Arnold Schwarzenegger leikur Conan.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Gosh you're cute. Wanna buy a monkey?"**

**Svar:** Old Salt úr kvikmyndinni Cabin Boy frá árinu 1994.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Hamingjuleitin **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.05** Lifandi blús

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Draugagangur **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Leiðarljós og spegilmynd **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Púlsinn á föstudegi

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningaþátturinn **16.00** Endurflutningur frá vikunni sem er að líða



**17.20**
*Enski boltinn*

**Bein útsending frá leik Plymouth og Everton í bikarkeppninni en liðin mættust síðast fyrir sextán árum.**

## SÝN

**9.25** NBA (Minnesota - Philadelphia) **11.45** Enski boltinn Ítarleg umfjöllun um 3. umferð bikarkeppninnar sem fram fer um helgina en fjölmargir leikir eru í beinni á Sýn.

**12.15** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Sheffield United og Aston Villa. **14.30** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Oldham Athletic og Manchester City. **16.50** The World Football Show
▶ **17.20** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Plymouth Argyle og Everton.

**19.25** **Hnefaleikar** (Vitali Klitschko - Danny Williams) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru Vitali Klitschko og Danny Williams en í húfi var heimsmeistaratitill WBC-sambandsins í þungavigt. Áður á dagskrá 11. desember 2004.

**20.50** **Spænski boltinn** (La Liga) Bein útsending en í þessari umferð mætast eftirtalin félög: Atl. Madrid - Real Madrid, Espanyol - Osasuna, Racing - Malaga, Sociedad - Albacete, Sevilla - Getafe, Valencia - Levante, Zaragoza - Betis, Mallorca - Deportivo, Villarreal - Barcelona og Numancia - Bilbao.

**22.50** **K-1** Það er komið að úrslitakeppni K-1, World GP 2004 Final í Japan. Keppendur eru Remy Bonjasky, Ernesto Hoost, Peter Aerts, Francois Botha, Ray Sefo, Musashi, Kaoklai Kannorsing og Mighty Mo.

Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.30** The Man Called Flintstone **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.40** Pokémon **8.05** Spider-Man **8.30** Medabots **8.55** NASCAR Racers **9.20** Eerie, Indiana **9.45** Black Hole High **10.10** So Little Time **10.35** Princess Sissi **11.05** Braceface **11.30** Lizzie Mcguire **11.55** Totally Spies **12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

### MGM MOVIE CHANNEL

**7.10** Town Without Pity **8.55** The Care Bears Movie **10.10** Some Kind of a Nut **11.40** Return from the Ashes **13.25** Safari 3000 **14.55** Koyaanisqatsi **16.20** Tale of Ruby Rose **18.00** Angel of Desire **19.35** The Fantasticks **21.00** The Landlord **23.10** Deadly Weapon **0.20** Those Lips, Those Eyes **2.05** Number One with a Bullet **3.45** The Mouse on the Moon

### TCM

**20.00** Pat Garrett and Billy the Kid **22.05** The Treasure of the Sierra Madre **0.10** Crisis **1.45** Sitting Target **3.15** Night Must Fall

### HALLMARK

**8.00** Breathing Lessons **9.45** Down in the Delta **11.30** McLeod's Daughters **12.15** Go Toward the Light **13.45** Erich Segal's Only Love **15.15** Breathing Lessons **17.00** Down in the Delta **18.45** McLeod's Daughters **19.30** Aftershock: Earthquake in New York **21.00** She's too Young **22.30** Ruby's Bucket of Blood






*...fær Kristín Ólafsdóttir og kvikmyndafyrirtækið Klikk production sem hefur gert heimildarmynd um sýn útlendinga á Íslandi. Meðal þeirra sem Kristín ræddi við er Íslandsvinurinn Damon Albarn, söngvari bresku hljómsveitarinnar Blur.*

## | 5STELPUR SPURÐAR |

**Hvernig á að losna við jólaspikið?**



**Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir:**

Besta megrunarleikfimin er fólgin í því að hrista höfuðið þegar manni er boðið aftur á diskinn.



**Edda Björgvinsdóttir:**

Besta ráðið til að losna við jólaspikið er að laxera í nokkra daga og éta svo eingöngu hörfræ fram að páskum!



**Unnur Ösp Stefánsdóttir:**

Mæli með því að fara út að dansa:) Fara og finna góðan stað og flotta dansfélaga, gleyma sér á dansgólfinu og missa sig í tómri dansfullnægju. Helst í 3-4 klukkutíma! Þetta er skemmtilegasta hreyfingin og maður verður sjúklega sætur af þessu! Svitnar þvílíkt og vaknar með mega harðsperrur. Dönsum inní nóttina á vit ævintýranna...

**Guðrún Ásmundsdóttir:**

Ég veit varla hvað það ógeðslega fyrir-



brigði jólaspik er. Ég hef hafið nýtt líf, og spik fortíðarinnar er horfið í gleymsku og dá. Þessi jól hafa verið helguð nýjum gúrú, hann kemur ekki frá austurlöndum eins og hinir, hann kemur að westan heitir Herbal og kennir okkur gömlu fituboll-unum að til er nýtt líf í jukki. Við hættum öllu sukki, mætum í jólaboðin með jukkbrúsann okkar við belti, hristum okkur einn á meðan aðrir detta í namm-mið. Látum sem við sjáum ekki þegar eiginmaðurinn er að laumast yfir til nágrannanna til að fá að smakka á leifum af spikfeitri önd eða kalkún sem fólkið hefur ekki haft sálarþroska til að forðast. Auðvitað hef ég komið mér upp nýju bragði á jukkið mitt, yfir hátíðirnar sulla ég í greninálabragði því jól eru jú alltaf jól.



**Björk Jakobsdóttir:**

Fara út að ganga með hundinn, fara á skíði, gera skattskýrsluna, sjá hvað maður skuldar mikið í skatt, missa matarlystina, sofa ekki neitt, vinna eins og brjálæðingur fyrir skuldunum og vera hrikalega happí með þetta allt og sérstaklega með það að jólaspikið er komið til að vera.



**Lárétt:** 1 brunaleifar, 5 á potti, 6 prófgráða, 7 tveir eins, 8 ambátt, 9 bað, 10 komast, 12 gerast, 13 guggin, 15 frá, 16 eldhúsáhald, 18 lengdareining.
**Lóðrétt:** 1 tíðar, 2 hrygla, 3 tveir eins, 4 skortir vit, 6 dútla, 8 tal, 11 geislahjúp, 14 stúlkunafn, 17 verkfæri.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 aska, 5 lok, 6 ba, 7 gg, 8 man, 9 laug, 10 ná, 12 ske, 13 grá, 15 af, 16 ausa, 18 alin.
**Lóðrétt:** 1 algengar, 2 sog, 3 kk, 4 vangefin, 6 bauka, 8 mas, 11 áru, 14 ása, 17 al.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1 Heimsmeistaramótið í Túnis
2 Sjómenn
3 Toyota

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga



**PLÖTUR ÁRITAÐAR** Kristján Jóhannsson áritaði nýju plötuna sína á Akureyri fyrir jólin. Var honum vel tekið af gestum og gangandi, samt seldi hann ekki nema 2.300 plötur.

KRISTJÁN JÓHANNSSON: RÚMLEGA TVÖ ÞÚSUND PLÖTUR SELDAR FYRIR JÓL

# Hrapandi plötusala Kristjáns

Fyrsta plata óperusöngvarans Kristján Jóhannssonar í sex ár, Portami Via, seldist í aðeins 2.300 eintökum hjá útgefanda fyrir þessi jól.

Síðasta plata Kristjáns hér á landi, Helg eru jól, seldist í um 8.000 eintökum fyrir jólin 1998. Hefur hún í dag selst í um það bil 10 þúsund eintökum samkvæmt upplýsingum frá útgáfufyrirtæki Kristjáns, Skífunni.

Vanalega hafa plötur Kristjáns selst í rúmlega 10 þúsund eintökum hér á landi og því hlýtur gengi nýju plötunnar að valda honum og Skífunni miklum vonbrigðum. „Við höfum ekki hugmynd um hversu mikið platan seldist því skilin eru ekki komin inn. En platan hefur örugglega selst minna en væntingar stóðu til,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Skífunnar. Hann tekur það fram að platan hafi komið seint út hér á landi, þann 1. desember, og því verið í stuttan tíma á markaðnum. Vitaskuld hafi látin í kringum Kristján þó einnig haft sitt að segja varðandi þessa dræmu sölu.

Miðað við skilatölur sem birtast um miðjan þennan mánuð má búast við að eintökunum 2.300 eigi eftir að fækka umtalsvert. Venjulega er 5-10% eintaka af plötum skilað aftur frá búðum til útgefenda eftir jól og miðað við þau læti sem voru í kringum Kristján er ekki ólíklegt að sú prósentutala verði hærri í hans tilviki. Portami Via hafði selst í um það bil 1.500 eintökum áður en hann kom fram í Kastljósi til að svara ásökunum sem komu í kjölfar tónleika í Hallgrímskirkju þar sem hann söng til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Eftir það hægðist mikið á sölunni og má telja líklegt að platan endi í tæpum 2.000 eintökum.

freyr@frettabladid.is

Frá Fimleikadeild Ármanns
Þálfari óskast fyrir eldri byrjendur í hópfimleikum,
upplýsingar í síma: 820-2851, 561-8470

YOGA Í HAFNARFIRÐI
Guðjón Sveinsson
Gamla Bókasafnið í Hafnarfirði
Nýtt námskeið hefst 10. janúar
Kennt verður tvisvar í viku
mánudögum og miðvikudögum kl. 18-00
innritun í síma 822 2870

■ SNJÓBRETTI

# Snjóbrettatilþrif á Arnarhóli

Snjóbrettamótið RVK-Stunt fest verður haldið í fyrsta sinn á Arnarhóli klukkan 20.00 í kvöld.

Um jib-boðsmót er að ræða þar sem keppendur renna sér frjálst í klukkutíma og dæma síðan sjálfir hverjir stóðu sig best. Þeir þrír efstu fá auka hálftíma til að keppa um fyrstu þrjú sætin.

Eftir mótið verða tónleikar haldnir á Gauki á stöng þar sem rokksveitirnar Klink, Brain Police, Drep og Dogdaze troða upp.

Þar verður jafnframt verðlaunaafhending. Auk þriggja efstu sætanna verða bestu tilþrifin verðlaunuð. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Á SNJÓBRETTI** Það verður vafalítið hart barist á snjóbrettamótinu á Arnarhóli í kvöld.



TIL HAMINGJU STUÐMENN!
Þrefalt HÚRRA!
Skífan óskar Stuðmönnum hjartanlega til hamingju!
•Vinsælasta myndin á Íslandi tvær vikur í röð
yfir 20.000 manns í aðsókn
•Söluhæsta plata landsins
Í takt við tímann
•Mest sótta lag á tonlist.is
Fönn, fönn, fönn
Þessar viðtökur sýna og sanna enn eina ferðina að hljómsveit allra landsmanna er í takt við tímann.
Óbeint framhald af Með allt á hreinu
Kvikmyndafélagið BJARMALAND kynnir í samvinnu við ÍSLANDSBANKA
Í takt við tímann
„Tóm skemmtun frá upphafi til enda!“
Siv Friðleifsdóttir, siv.is
„Stuðmenn, hafið þökk fyrir glæsilega mynd og hinn hreina tín grínsins. Fyrirtaks skemmtun!“
Ólafur Helgi Kjartansson, vikublaðið Glugginn
„Stuðmenn eiga miklar þakkir skildar fyrir að hrífa þjóðina með sér á vængjum gleði og söngs inn í nýja öld með sinni frábæru nýju kvikmynd. Þeir miðla mikilli orku sem kætir, bætir og lengir lífið!“
Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra
ÍSLANDSBANKI
SMÁRA BÍÓ
BÍÓ
BÍÓ
Borgarbíó
REGNBOGINN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
Dreifing: 515 7520 Auglýsinga- og markaðsdeild: 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Viltu vinnna?
Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Aðal-vinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!
99 kr/skeytið



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Fundið fé

Í vikunni var ég að taka til í gömlum skápum vegna þess að ég er að flytja og koma mér fyrir í nýju húsnæði. Á þessum tímamótum í lífi mínu gerðist það að ég, þrjátíuogtveggjaára að aldri – sem ég var loksins að koma reglu á mína hluti eftir margra ára rót – rak augun í nokkur umslög undir bunka af bókum. Þetta reyndust vera afmæliskort til mín, innan um nokkrar gjafir, frá því að ég hélt upp á þrítugsafmælið mitt á öldurhúsi hér um árið.

**TÝPÍSKUR** ég auðvitað. Að halda áfram að fagna afmælinu þarna á öldurhúsinu og setja svo bara afmælisgjafirnar í hrúgu, rusla þeim heim með kortunum og gleyma þeim síðan. En þetta kæruleysi mitt hafði vissa ánægjulega atburði í för með sér, nú tveimur árum síðar. Í einu kortinu fann ég nefnilega, mér til mikillar gleði, fimm þúsund krónur frá ömmu minni.

**OG ÞETTA** er svo sem bara skemmtilegt og allt það. En ástæðan fyrir því að þetta er ótrúlega, afskaplega skemmtilegt er þessi: Fyrir fjórum árum, árið 2001, var ég líka að flytja. Þá var ég að flytja frá London heim til Íslands eftir jú ákveðna brotlendingu í einkalífinu, sem er eins og það er, og ég brotlenti í fyrri heimkynnum, heima hjá pabba og mömmu, í mínu gamla herbergi. Þar var allt eins og ég hafði skilið við það mörgum árum áður. Meira að segja draslið var eins. Blöð í hrúgum. Bækur í bunkum. Og ég fór náttúrlega að taka til, eins og ég geri stundum. Koma mér fyrir. Og hvað haldiði að hafi gerst þá? Jú. Ég rak augun í nokkur umslög sem voru greinilega afmæliskort til mín. Þessi reyndust vera frá því að ég hafði haldið upp á tvítugsafmælið mitt.

**ÞAÐ** er ekki að sökum að spyrja. Ég hafði ruslað öllum kortunum í hrúgu og síðan ekki hugsað um þau meira. Óforbetranlegt kæruleysi. En nú gerðist það semsagt, að í einu þessara korta leyndist tvöþúsundkall frá ömmu minni. Tveir stífpressaðir þúsund krónu seðlar. Mér nánast vöknaði um augu enda blankur á þessum tíma. Þetta var eins og að upplifa guðlega forsjón. Ég var hálf lítill í mér og eyðilagður og þarna beið hann mín peningurinn frá ömmu eins og í fyrirframskrifuðu handriti. Líkt og bjargræði frá himnum.

**MAÐUR** á sem sagt alltaf að skoða afmæliskortin sín. Fimmþúsundkall nú. Tvöþúsundkall þá. Tvöþúsundkallinn kom þegar ég sjálfur þurfti talsvert á honum að halda. Fimmþúsundkallinn kemur hins vegar þegar aðrir þurfa meira á honum að halda en ég, þótt ég sé auðvitað tómur óreglumaður á fé og stöðugt á kúpunni og allt það. En fólkið við Indlandshaf fær sem sagt seðilinn og er hann þegar runninn til Rauða krossins, spegilsléttur og pressaður eftir að hafa legið undir bókum og beðið síns tíma. Ég vona að hann gagnist. ■

© Inter IKEA Systems B.V. 2004
IKE 26747 12.2004




Takk fyrir það gamla
Útsalan
í fullum gangi!

Útsala 27. desember til 16. janúar.

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

IKEA®